

SEÐLABANKI ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA 1984
REYKJAVÍK 1985

Setning, prentun, bókband:
ÍSAFOLDARPRENTSMÍÐJA HF.

EFNISYFIRLIT

Yfirlit yfir þróun efnahagsmála	5
Framleiðsla, tekjur og verðlag	13
Utanríkisviðskipti og greiðslujöfnuður	23
Fjármál ríkissjóðs	34
Peningamál	44
Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir	59
Gengismál	63
Erlend mál og samningar	66
Umsjá sjóða og ýmis starfsemi fyrir ríkissjóð	68
Ýmsir þættir í starfsemi bankans og lagabreytingar	73
Annáll peninga- og gjaldeyrismála 1984	82
Töflur (sjá yfirlit á næstu síðu)	88
Efnahagur árið 1984	112
Rekstrarreikningur árið 1984	114
Skýringar við ársreikning Seðlabankans 1984	116
Skýringar við efnahagsreikning Ríkisábyrgðasjóðs 1984	119
Efnahagsreikningur Ríkisábyrgðasjóðs 31. des. 1984	120
Efnahagsreikningur Seðlabankans 1978–1984	122
Stjórn bankans og starfslið	124


TÖFLUYFIRLIT

1. tafla. Þjóðarframleiðsla og verðmætaráðstöfun	88
2. tafla. Framlag atvinnugreina til þjóðarframleiðslunnar	89
3. tafla. Þjóðarauðurinn	89
4. tafla. Fjármunamyndun	90
5. tafla. Vísitölur verðlags	91
6. tafla. Greiðslujöfnuður við útlönd	92
7. tafla. Greiðslujöfnuður við útlönd – Ársfjórðungsyfirlit	93
8. tafla. Staða þjóðarbúsins út á við	93
9. tafla. Gjaldeyrisstaða bankanna	94
10. tafla. Skipting innflutnings eftir notkun	94
11. tafla. Útflutningur. Skipting á helstu vöruflokka	95
12. tafla. Út- og innflutningsverð og viðskiptakjör	95
13. tafla. Vísitala meðalgengis erlendra gjaldmiðla	95
14. tafla. Verðmæti inn- og útflutnings eftir löndum	96
15. tafla. Yfirlit yfir fjármál ríkissjóðs	97
16. tafla. Skipting ríkistekna eftir tekjustofnum	97
17. tafla. Skipting ríkisútgjalda eftir málefnaflokkum	98
18. tafla. Skipting ríkisútgjalda eftir tegundum	98
19. tafla. Seðlar og mynt	98
20. tafla. Skipting seðla og myntar eftir stærð í árslok	99
21. tafla. Ávísanavelta	99
22. tafla. Úr peningamálum	100
23. tafla. Úr reikningum Seðlabankans	101
24. tafla. Innlán og útlán innlánsstofnana	102
25. tafla. Lánaflokkun innlánsstofnana	103
26. tafla. Samandregið greiðsluyfirlit fjárfestingarlánasjóða	103
27. tafla. Lánaflokkun fjárfestingarlánasjóða	104
28. tafla. Útlán einstakra fjárfestingarlánasjóða	104
29. tafla. Samandregið greiðsluyfirlit einstakra fjárfestingarlánasjóða 1984	105
30. tafla. Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða	105
31. tafla. Úr reikningum lánastofnana	106
32. tafla. Gengi erlendra gjaldmiðla samkvæmt skráningu Seðlabanka Íslands	107
33. tafla. Vextir við banka og sparisjóði, ákveðnir af Seðlabanka Íslands	108
34. tafla. Vextir, ákveðnir af bönkum og sparisjóðum	109
35. tafla. Vextir við Seðlabanka í % á ári	110
36. tafla. Bindiskyldu- og endurkaupahlutföll	110

SKÝRSLA BANKASTJÓRNAR

I. YFIRLIT YFIR ÞRÓUN EFNAHAGSMÁLA

Megindrættir




Hagvöxtur umheimsins

Með árinu 1984 hófst endurbati í íslenskum þjóðarþúskaft eftir samdráttarskeið, sem átti rætur í versnandi viðskiptakjörum allt frá 1979 og aflasamdrætti frá 1981, en kom fram í þjóðarframleiðslu og þjóðartekjum á árunum 1982–83. Þjóðarframleiðslan jókst um 2,7%, og stafaði aukningin að langmestu leyti frá útflutningsframleiðslunni. Þrátt fyrir það varð viðskiptahallinn 6% af þjóðarframleiðslu og metinn eftir grundvallaratriðum jafnmikill og árið áður. Skýrist hallinn af neikvæðum þjónustujöfnuði og innan hans af vaxtagreiðslum og vaxandi þjóðarskuld, sem nam 63% af þjóðarframleiðslu. Miklar hræringar í kjaramálum vöktu upp nýja verðbólguöldu og urðu tilefni 12% gengisfellingar 20. nóvember auk nokkurs gengissigs yfir árið. Ríkissjóður skilaði jákvæðum tekju- og greiðslujöfnuði, og urðu í þeim eignum mikil umskipti frá fyrra ári, en lánamál ríkissjóðs reyndust erfið og lántökur miklar. Peningamálin einkenndust annars vegar af hækkun raunvaxta og drjúgum sparnaði, hins vegar af linnulausri lánsfjárefitirspurn og miklum lausafjáranda bankakerfisins. Fjárfestingarlánastarfsemin bar með sér sömu þenslumerki.

Efnahagsþróunin í umheiminum var hins vegar á öðru ári endurbata frá lægðinni, sem hófst 1980 og náði lágmarki með beinum samdrætti heildarframleiðslu OECD-svæðisins 1982. Á heildina litið varð útkoman mjög hagstæð. Heildarframleiðsla svæðisins jókst um 4,9%, hið mesta síðan 1976 og nærri tvöfalt á við hagvöxt fyrri árs. Jafnframt komst verðbólga niður í sömu tölu og hagvöxtur, 4,9%, og varð lægri en nokkurt ár frá 1972. Loks tók að draga nokkuð úr atvinnuleysi, sem mældist 8,3% á móti 9% árið áður. Heimsverslunin eflist mjög, og var 8,5% magnaukning hennar hin mesta frá 1976. Horfur eru taldar á, að hagvöxtur haldist, að vísu nokkru hægari, án þess að verðbólga magnist á ný.

Fjarri fer þó því, að efnahagsástandið hafi verið laust við vanda og

Viðskipta- jöfnuðir



Vextir og gengi

misvægi. Hagvöxtur var mjög misjafn. Helsta driffjöður hans var aukning eftirspurnar í Bandaríkjunum, er nam 8,7%, en innan við helming þess í Japan, 4,1%, og aftur innan helmings þess í Evrópulöndum OECD, 1,8%. Umframeftirspurn Bandaríkjanna dreifðist eftir leiðum utanríkisviðskipta og olli því, að framleiðsla jókst mun jafnar en eftirspurnin, um 6,8% í Bandaríkjunum, 5,7% í Japan og 2,5% í Evrópulöndunum.

Svarandi til þessarar umframeftirspurnar Bandaríkjanna hefur verið mikill og ört vaxandi viðskiptahalli þeirra síðustu þrjú árin. Náði hann 100 milljörðum dollara 1984 og ekkert útlit fyrir, að lát verði á. Japan fleytti mestum rjóma af þessum halla og náði 35 milljarða dollara viðskiptaafgangi. V-Þýskaland, Holland, Noregur, Sviss, Kanada og Spánn komu út með viðskiptaafgang á bilinu 6–2 milljarðar dollara, en önnur OECD-lönd komu út með halla, þó að jafnaði ekki alvarlegan. Þess ber þó að gæta, að viðskiptaskýrslur ýkja halla og vanmeta afgang, sem kemur fram í því, að heimsviðskiptin komu út með 79 milljarða dollara halla, sem ætti að réttu lagi að jafnast út á móti afgangi.

Til grundvallar eftirspurnarþenslu í Bandaríkjunum liggur einkum hinn mikli fjárlagahalli ríkisins, sem magnaðist einkum árin 1982–83 og nam um 170 milljörðum dollara á liðnu ári, en 118,5 milljörðum að frádregnum afgangi einstakra ríkja og sveitarfélaga. Þessi heildarhalli hins opinbera nam 3,4% af þjóðarframleiðslu og var þannig ekkert einsdæmi meðal OECD-ríkja, þar sem hallinn nam að meðaltali 3,9%. Hin snöggu umskipti yfir í svo mikinn halla ásamt tiltölulega litlum einkasparnaði gera hins vegar að verkum, að fjárlagahallinn brýst að mestu út í viðskiptahalla, og hin mikla efnahagslega stærð Bandaríkjanna og sterk staða þeirra á fjármagnsmörkuðum gerir þann halla og fjármögnun hans að ráðandi afli í vaxta- og gengismálum.

Fjárlagahalli Bandaríkjanna hefur ekki verið fjármagnaður með peningþenslu, heldur á almennum fjármagnsmarkaði. Hefur hann þannig ekki gefið tilefni til verðbólgu og gengisfalls. Þvert á móti hefur þessi stefna leitt af sér háa vexti, sem veita mótvægi gegn þensluáhrifum fjárlagahallans innanlands og valda aðdrætti fjármagns utan að. Innstreymi fjár stuðlaði svo að því að halda uppi gengi dollars, en með því er veitt enn frekara aðhald að verðhækkunum og þenslu, sem ríkisútgjöldin mundu annars valda. Gagnvart viðskiptalöndum Bandaríkjanna snýr dæmið öfugt við. Lágt gengi gjaldmiðla þeirra hvetur útflutnings- og samkeppnisatvinnuvegi og ýtir jafnframt undir verðhækkanir og gerir þessum löndum óhægt um

vik að endurvekja innlenda eftirspurn. Árin 1982–83 voru raunvextir langtímalána um 2% hærrí Bandaríkjunum en í umheiminum, og fór raungengi dollars þá ört hækkandi. Á árinu 1984 fóru vextir almennt nokkuð lækkandi og gildi hið sama um raunvaxtamuninn, sem varð um 1% á síðari hluta ársins. Eigi að síður hækkaði raungengi dollars áfram út árið og var um 45–50% hærra en í lögðinni 1978–80 og náði hærra á verðlagskvarða en á árunum fyrir 1971. Raunvextir ríkisskuldabréfa námu 8,3% að ársmeðaltali í Bandaríkjunum, en um 5–7% í nokkrum grannlöndum í Evrópu og 4,4% í Japan.

Áhrif þessarar framvindu á íslenskan þjóðarbúskap eru tvíþent. Styrkur dollars hefur hagstæð áhrif á viðskiptakjörin, a.m.k. til skamms tíma, en hefur hins vegar spillt fyrir öflun fjölbreyttari markaða. Háir erlendir raunvextir eru þjóðarbúinu einhliða óhagstæðir. Aðrar þróunarstefnur, sem máli skipta, eru lækkun raunverðs hrávara um árabíl, bæði matvæla og annarra. Nokkur endurbati varð 1983 og fram á 1984, en um miðbik ársins sótti aftur til lækkunar.

Hagvöxtur á ný

Við upphaf ársins 1984 var þjóðarbúskapurinn á leið enn dýpra í efnahagslægdina, áður en horfur virtust á, að almennur endurbati hæfist á ný. Reyndin virðist og hafa verið sú, að samdráttur hafi á ýmsum sviðum teygst sig inn á árið, enda stefnt að aðlögun þjóðarútgjalda í þá átt. Með efnahagsaðgerðunum árið áður var hins vegar til þess stofnað, að framleiðsla og fjármagnsmyndun næðu á ný yfirhöndinni yfir eyðslu, hallarekstri og stöðnun. Eins og oft áður á hliðstæðu stigi hagsveiflunnar og aðlögunar að henni hefur batinn komið fremur snögg og óvænt, ekki síst þar sem hann var studdur hagstæðari aflaskilyrðum en við mátti búast og örum hagvexti í umheiminum, sem mun hafa haft fremur hagstæð áhrif á viðskiptakjörin. Þjóðarframleiðslan jókst þannig um 2,7% og þjóðartekjur um eilítið meira, en landsframleiðslan um 3,4%, og má rekja nánast alla aukninguna til útflutningsframleiðslunnar, enda þótt um fleiri aukningarþætti sé að ræða móti öðrum, sem dregist hafa saman.

Hagsveiflan

Sá endurbati, sem áunnist hefur, kemur í kjölfar efnahagssamdráttar, sem varð hið þriðja mesta af fimm samdráttarskeiðum eftirstríðstímans. Afturkiptur þessi átti uppruna sinn í skerðingu fiskstofna og ytri skilyrðum þjóðarbúsins, en breiddist síðan út til annarra greina og leiddi til samdráttar þjóðarframleiðslu og þjóðartekna árin 1982–83. Var efnahagsaðgerðunum í maí 1983 ætlað að reka smiðshöggið á aðlögun að þeim vanda. Endurbatinn á umliðnu ári hefur aðeins unnið upp um helming áfallsins í sjávarafurðaframleiðslunni næstu tvö ár á undan, svo að hún stóð á svipuðu stigi og árið 1979, en önnur

útflutningsframleiðsla hafði ekki beðið eins mikinn hnekki og náði sér því tiltölulega meira upp aftur. Vöxtur lands- og þjóðarframleiðslu bætti upp um helming af fyrri samdrætti, en aðeins rúman þriðjung, séu þessar stærðir reiknaðar á mann.

Sú hagsveifla, sem orðið hefur frá árinu 1979, kemur á flestan hátt heim við fyrri reynslu af misgengi hinna ýmsu þátta þjóðarbúskaparins og misvægi hans út á við og inn á við, sem reynir mjög á getu stjórnvalda til þess að snúast við vandanum, aðlögunarhæfni atvinnuvega og þolgæði almennings og almennasamtaka. Niðursveiflan hefst á því, að náttúruskilyrði og viðskiptakjör staðna eða versna, og hún ágerist við það, að hemja verður fyrri ofþenslu og verðbólgu. Verðbólga magnast um hríð við efnahagsaðgerðir til þess að leiðrétta ytra misvægi, einkum ef slök tök eru á tekjuþróun, og þá sérstaklega ef vísitölubinding launa er í gildi og framlengir þann tíma, sem efnahagsaðgerðir eru í reynd óvirkar. Framan af hagsveiflunni skjóta launatekjur, neysla og fjárfesting þannig yfir mark þjóðarteknanna, en á síðari hluta hennar hlýtur því að verða mun meiri skerðing launatekna og þjóðarútgjalda til þess að jafna met fyrri ára og ná viðunandi jafnvægisstöðu. Þannig héldust launatekjur betur uppi en þjóðartekjur árin 1981–82, en að sama skapi reyndist aðlögunarvandinn til muna meiri árin 1983–84 og fall launatekna mun meira en þjóðartekna.

Kauphækkunir

Eftir stórtækar efnahagsaðgerðir má að jafnaði búast við nokkru endurkasti kaupgjaldshækkana. Almennir kjarasamningar milli ASÍ og VSÍ voru gerðir í febrúar og áttu að gilda fram í apríl næsta árs, en var sagt upp miðað við 1. september. Hafði þá aðeins 7% hækkun komið til framkvæmda og var talin í þolanlegu samræmi við opinbera gengisstefnu. Yfirlýstri festu gengisins umfram áætlað 5% gengissig á árinu var ætlað að höfða til aðila vinnumarkaðarins um gerð raunhæfra kjarasamninga. Af heildarsamtökum varð það hins vegar BSRB, sem reið á vaðið, en gagnvart því skiptir gengisumgerðin litlu, en innbyrðis afstöður launa og meint misræmi þeirra meira máli. ASÍ kom í kjölfarið með áþekka samninga. Var frumhækkunin í byrjun nóvember um 12% að meðaltali, en heildarhækkun yfir samningstímam til september næsta árs talin nema 24–25%.

Verðbólga og gengisfall

Gengi krónunnar fékk með engu móti staðist þá breytingu framleiðslukostnaðar, sem þarna var á orðin. Var gengið fellt um 12% hinn 20. nóvember. Auk þess hafði gengið sigið nokkuð vikunnar á undan til hægfara aðlögunar, en alls nam gengislækkunin yfir árið 21%. Með þessum kjara- og gengisatburðum var ný verðbólguvalda

risin, svo að fjögurra mánaða verðbólguþig hækkaði úr 14% í ágúst-september upp í 50% í desember og horfur voru talðar á 28% verðbólgu yfir heilt ár frá nóvember.

Að sumu leyti virðist mynstur sveiflu og aðlögunar hafa breyst allmikið. Í stað heildstæðrar aðlögunar einhæfra atvinnuvega gagnvart fábreyttu kaupgjaldskerfi er nú komið langtum fjölskrúðugra atvinnukerfi, sem ekki deilir allt hlut með hinum hefðbundnu grundvallaratvinnuvegum, og aðlögun launakerfa á þeirra vegum er ósamstæðari og gengur að nokkru þvert á almenna þjóðhagslega nauðsyn á skerðingu lífskjara og neyslu. Mikið launaskrið árána 1983–84 kom á óvart, alls rúm 9%, og kann allt í senn að fela í sér, að tiltölulega vel stæð fyrirtæki hafi mildað kjaraskerðingu starfsfólks síns, að nýir vaxtarbroddar hafi útheimt auknar hvatningar, og loks að ýmsar fyrri veilur launakerfisins hafi komið upp á yfirborðið og kallað til úrlausnar.

Útgjöld og sparnaður

Þetta varð til þess, að einkaneysla jókst lítið eitt meira en þjóðarframleiðsla og náði einmuna háu hlutfalli af henni. Fjármunamyndun jókst þó yfir tvöfalt meira eftir samdrátt tveggja ára á undan. Einkum glæddist fjármunamyndun atvinnuvega og þar næst íbúðabyggingar, en opinberar framkvæmdir drógust enn saman og viku allt til hlutfalls síns af þjóðarframleiðslu árið 1973. Hæg verðþróun fjármunamyndunar olli lækun hlutfalls hennar af þjóðartekjum í 24,2%, hið lægsta frá 1961. Innlendir heildarsparnaður, gerður upp eftir þjóðhagsreikningum, varð einnig með eindæmum lítill, 19,2%, þrátt fyrir drjúgan peningalegan sparnað.

Atvinnuvegir

Hið lága raungengi krónunnar, sem haldið hefur verið á síðustu tveim árum, hefur endurvakið þrótt atvinnuveganna. Hefur það einkum komið fram í iðnaði, sérstaklega útflutningsgreinum hans, þjónustustarfsemi út á við og orkuframleiðslu, svo og haldið sjávarútveginum uppi við erfiðar aðstæður að öðru en því, að loðnuafliinn hefur aukist snögglega, næstum að fyrri hámarki. Afkoma atvinnuveganna mun hafa verið mjög mismunandi eftir atvinnugreinum, landshlutum og einstökum fyrirtækjum, og víða var við harðan aðlögunarvanda að glíma, sem m.a. hefur verið snúist við með skuldbreytingum.

Viðskiptahalli

Ófullkomin aðlögun þjóðarútgjalda að þröngum þjóðarhag olli mun meiri viðskiptahalla en vonir stóðu til eða sem svaraði 6% af þjóðarframleiðslu, og var hann meira en tvöfaldur á við árið áður. Sé myndun eða skerðing útflutningsbirgða talin með og þar með miðað við útflutningsframleiðslu, svo og gerð venjubundin útjöfnun með

þriggja ára meðalinnflutningi sérstakra fjárfestingarvara, nam grundvallarjöfnuður í þessum skilningi þó nákvæmlega sama hlutfalli af þjóðarframleiðslu þessi tvö ár, þ.e. 5,2% halla. Bæði árin var það stjórnvöldum sérstakt keppikefli að jafna viðskiptahallann, eftir að hann hafði numið 10% 1982 og 5% 1981. Um það bil 5% viðskiptahalli kemur þannig fram sem nokkuð stöðug meðalútkoma þrátt fyrir efnahagsaðgerðir og nokkurn endurbata, og skortir þá verulega á samsvarandi árangur og náðst hefur eftir fyrri hagsveiflur. Bendir það til þess, að fjölpættari og staðfastari jafnvægisstefnu þurfi til þess að ná settu marki.

Erlendar skuldir

Beinust ástæða þess, að nú er þyngra fyrir fæti, felst í því, að fastar skuldir þjóðarbúsins nema nú um 62% og nettóskuldastaðan rúmum 63% af þjóðarframleiðslu, en voru um eða innan við 35% fyrir síðustu hagsveiflu. Jafnhliða hefur greiðslubyrði lánanna aukist úr 13–14% í rúm 24% af þjóðarframleiðslu. Raunar hafa vöruframleiðslugreinarnar sýnt viðnámsþrótt og aðlögunarhæfni og skiluðu um milljarði hagstæðari leiðréttum vöruskiptajöfnuði 1984 en árið áður. Viðskiptahallinn hefur um árabíl, nema 1982, stafað að heita má allur frá þjónustujöfnuði, en innan hans hafa nettóvaxtagjöld svarað svo til öllum hallanum, 4.555 m.kr. 1984 á móti 4.130 m.kr. viðskiptahalla. Er með þessu sopið seyðið af áratuga verðbólgukerðingu innlands sparifjár og skuldasöfnun erlendis.

Ríkisfjármál

Mikil og hagstæð umskipti urðu í fjármálum ríkisins. Bráðabirgðatölur á greiðslugrunni sýna tekjuafgang 1,1% og greiðsluafgang 0,9% af þjóðarframleiðslu. Fela þær niðurstöður í sér jákvæð umskipti frá fyrra ári, svo að nemur 5,5% og 3,1% af þjóðarframleiðslu í sömu röð talið. Árangur þessi var að verulegum hluta borinn uppi af aukningu tekna, sem að nokkru var háð erlendum lántökum og peningaþenslu, og hækkuðu þær verulega að raungildi eða um 1,6% af þjóðarframleiðslu og urðu 30,2%, hið næsthæsta, sem skýrslur ná yfir. Aðhald að gjöldum tókst einnig svo vel, að hlutfall þeirra lækkaði um 3,9% í 29% af þjóðarframleiðslu, lægra en þrjú ár á undan. Með gögnum og umræðum um hið svonefnda fjárlagagat á fyrstu mánuðum ársins tókst að skapa sterka vitund um fjármálavandann, er leiddi til endurskoðunar fjárlaga og nýrra fjármálaráðstafana í maímánuði. Fyrirgreiðsla Seðlabankans á viðskiptareikningum varð mjög lítil eftir þetta á síðari hluta ársins, einkum er óvænts tekjuauka tók einnig að gæta, og nam að ársmeðaltali 1% af þjóðarframleiðslu, minna en helmingi miðað við fyrra ár, en hins vegar svipuðu hlutfalli og árin 1980–82.

Þrátt fyrir góða afkomu ríkissjóðs í hefðbundnum skilningi var við óvenjumikinn vanda að etja í lánamálum ríkissjóðs. Endur-

greiðslur lána voru með eindæmum miklar og þar af svo mikil innlaun spariskírteina, að nettóútkoma hennar á móti innheimtu fyrri spariskírteinalána og nýrri útgáfu varð í fyrsta sinn neikvæð í stað þess að vera ætíð veruleg uppspretta fjármagns. Til þess að fylla í skarð innlendrar fjármögnunar varð erlend lántaka ríkissjóðs, A- og B-hluta, meira en tvöföld á við árið áður og heildarlántakan mun meiri hlutfallslega en áður eru dæmi um, enda þótt nettólántökur sjálfs ríkissjóðs (A-hluta) hafi verið mun minni tiltölulega en næstu tvö árin á undan.

Raunvextir

Frá því að verðbólga tók að hjaðna fyrir alvöru haustið 1983, hefur þróun peningamála verið mjög viðburðarík og komið fram skörp skil milli skins og skugga. Við blasir, hvernig peningastærðirnar fylgja verðlagi og vöxtur þeirra verðbólgu, bæði sökum samhengis nýmyndunar peninga við tekjustig og fylgni vaxtakjara við verðbólgu. Fylgnin gerist þó með nokkurri töf, sem er lítil sem engin orðin, þar sem markaður ræður vöxtum, en er hér að sama skapi meiri sem stjórnvöld ætla sér stærri hlut í þeim ákvörðunum. Töfin hefur gert það að verkum, að aðstaðan til þess að halda uppi raunvöxtum er langtum auðveldari á tímum hjaðnandi heldur en vaxandi verðbólgu. Þar sem mæld verðbólga var í hjaðnun allt fram í október, réð lækunarkafli hennar mestu um tiltölulega háa raunvexti og heildarútkomu inn- og útlána bankakerfisins á árinu.

Inn- og útlán

Sé ávöxtun metin til raunvaxta eftir 18,9% hækkun lánskjaravísitölu yfir árið, urðu þeir jákvæðir um 1,3% á spariinnlánnum og um 3,4% á nýjum skuldabréfalánnum, en neikvæðir um 2,4% á almennum spariinnlánnum. Enda þótt hér sé um hóflega raunvexti að ræða, sem eru lágir á alþjóðlegan mælikvarða, fela þeir í sér mikil umskipti frá 10–20% neikvæðum raunvöxtum árána tveggja á undan, en síðasta ár með viðhlítandi raunvexti var 1981. Átti þessi bati drýgstan þátt í, að innlán jukust um 34% eða nærri 13% umfram verðbólgu og námu 33,3% af þjóðarframleiðslu, hinu hæsta frá 1972. Þessir vextir, sem virtust enn lægri að tiltölu við verðbólguhorfur haustmánaðanna, reyndust þó engan veginn nægir til þess að hamla gegn lánsfjáreftirspurn, sem var annars vegar sprottin af fjárhagsörðugleikum fyrirtækja og einstaklinga og hins vegar af endurnýjuðum þrótti ýmissa greina og ábatafærum nýrrar verðbólguöldu. Útlánin jukust því mun meira en innlánin eða um 45,8%. Útlán umfram innlán eru til marks um peningabenslu, auk þess sem sú þensla hefur haft nokkur áhrif á myndun innlánanna.

Veigamiklar tilraunir voru gerðar í markaðsmyndun vaxta á árinu, fyrst með útboðum ríkisvixla, útgáfu innlánskírteina og síðan frá ágústmánuði með víðtæku frjálstræði innlánsstofnana til eigin vaxta-

ákvarðana. Vakti það mjög fjölbreytileg nýmæli innlánskjara og samkeppni um þau, þar sem breytileg kjör eftir tímalengd innlána og kerfisbundin víxl milli nafnvaxta og verðtryggingar urðu mjög áberandi einkenni. Breytileg afstaða milli vaxta og verðbólgu ásamt sumum þessara nýmæla ollu miklum færslum sparifjár milli innlánsstofnana, og var víxlkjarareikningum meðfram ætlað að gera slíkar tilfærslur óþarfar.

Lausafjárstaða


Lausafjárstaða innlánsstofnana, sem verið hafði afleit næstu tvö ár á undan, versnaði frá því að vera neikvæð um 6–7% af innlánnum á fyrstu mánuðum ársins niður í 15% í ágústlok. Batinn eftir það var að miklu leyti til kominn við það, að bankarnir fengu að létta af sér viðbótarafurðalánum með erlendum lántökum. Var það tengt þeim áformum ríkisstjórnarinnar, að Seðlabankinn dragi sig út úr endurkaupum afurðalána, svo og endurskoðun reglna um gjaldeyrisstöðu innlánsstofnana, sem tók gildi í september. Afnáam endurkaupanna hófst með lækkun endurkaupahlutfalla í áföngum frá maí til ágúst, alls um 5% á útflutningsvörum og 6% á framleiðslu fyrir innlandan markað, en þrátt fyrir mikið undirbúningsstarf á árinu beið frekari framkvæmd nýs árs. Núgildandi reglur um viðskipti innlánsstofnana við Seðlabankann voru settar síðla árs 1982, en það kerfi er samsett af víxilkvótum, yfirdráttarþrepum með stighækkandi refsivöxtum og umsömdum skammtímalánum. Kerfi þetta þróaðist á árinu í skilyrtara horf með höfuðáherslu á útlánamörk innlánsstofnana til þess að vinna þær upp úr hinum alvarlega lausafjárskjöranda. Aðstæður voru þó svo erfiðar, að árangur reyndist mjög torsóttur.

Fjárfestingarlán

Umfang fjárfestingarlánasjóðanna með áætluð 24,4 milljarða heildarútlán í árslok 1984 án lána þeirra innbyrðis slagar hátt í 29,6 milljarða eigin útlán innlánsstofnana, og geta peningaleg áhrif þeirra verið að sama skapi mikil. Aukning útlánafjárhæðarinnar yfir árið nam um 38%, sambærileg við 40% aukningu útlána og endurlána bankakerfisins, en hvor tveggja innifelur uppfærslu lána með verð- og gengistryggingu og verðbótavöxtum. Nýjar lánveitingar sjóðanna sýna þó enn meiri þenslu, þar sem þær jukust um 87% frá fyrra ári á móti 61% árið áður, og er það í öfugu hlutfalli við hækkun verðlags hvort áranna. Að skuldbreytingarlánnum slepptum varð aukningin þó 57%, þar af 74% á íbúðalánum og 45% á lánum til atvinnufyrirtækja. Lífeyrissjóðirnir veittu lægra hlutfalli ráðstöfunarfjár en áður, aðeins 33%, til að fullnægja 40% kaupskyldu á skuldabréfum fjárfestingarlánasjóða og ríkissjóðs. Gerði það ásamt skerðingu á sjóðsstöðu þeim kleift að auka önnur útlán um 91%, og gengu þau að mestu til sjóðfélaga og voru einkum veitt út á íbúðabyggingar.

II. FRAMLEIÐSLA, TEKJUR OG VERÐLAG

Efnahagssamdrættinum, sem hófst árið 1982, lauk á síðasta ári. Margt bendir til þess, að efnahagsbatinn hafi hafist á öðrum ársfjórðungi ársins. Strax á fyrsta ársfjórðungi ársins verður töluverð aflaukning frá sama tíma árið áður. Á öðrum ársfjórðungi eykst velta í verslun og mörgum greinum iðnaðar mikið miðað við sama tíma árið áður. Á þriðja ársfjórðungi dregur úr eftirspurnaraukningunni, og aflí dregst saman miðað við sama tíma 1983. Á fjórða ársfjórðungi brýst batinn fram af fullum krafti með mikilli aflaukningu og veltubreytingum. Ástæður batans liggja fyrst og fremst í auknum afla og útflutningsframleiðslu á árinu. Sjávarafurðaframleiðslan er talin hafa aukist um 11–12% og útflutningsframleiðslan í heild um nær 12%. Á árunum 1982 og 1983 minnkaði sjávarafurðaframleiðslan um 20% og útflutningsframleiðslan um 14%, þannig að nokkuð vantar enn á, að framleiðsluáfall þessara ára hafi verið bætt upp. Sjávarafurðaframleiðslan á árinu 1984 var á svipuðu stigi og árið 1979. Aukning útflutningsframleiðslunnar á árinu samsvarar um 2,5 milljörðum króna á verðlagi ársins og aukning sjávarafurðaframleiðslunnar rúmlega 1,5 milljörðum króna. Þjóðarframleiðslan jókst hins vegar um 2,7%, sem samsvarar 1,8 milljörðum króna á verðlagi ársins, og landsframleiðslan jókst um 3,4%, sem samsvarar 2,4 milljörðum króna. Aukning landsframleiðslunnar frá fyrra ári skýrist því að mestu af aukinni útflutningsframleiðslu.



Þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur

Aukning þjóðarframleiðslunnar um 2,7% kemur í kjölfarið á samdrætti þjóðarframleiðslu um samtals 6,9% á árunum 1982 og 1983. Þjóðarframleiðslan á árinu var lítillega meiri en á árinu 1979, en minni en 1980–1982, og sömu sögu má segja um þjóðartekjur og landsframleiðslu. Þar sem viðskiptakjör bötnuðu lítillega, jukust þjóðartekjur meira en þjóðarframleiðslan eða um 2,8%. Munurinn varð þó enn meiri á aukningu þjóðarframleiðslunnar og landsframleiðslunnar, þar sem landsframleiðslan jókst um 3,4%. Munur landsframleiðslu og þjóðarframleiðslu liggur í tekjuhreyfingum gagnvart útlöndum, þ.e. vaxtagreiðslum af erlendum lánnum að frádregnum vaxtatekjum af kröfum á útlenda aðila, launatekjum inn og út úr

landinu og eignatekjum inn og út úr landinu. Hækkun raunvaxta á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum og aukin skuldsetning landsins eru mikilvægustu ástæður þess, að þjóðarframleiðslan vex minna en landsframleiðslan. Við þetta bætist, að aukning álframleiðslu á árinu 1984, sem varð um 5,5%, skilar sér að fullu í landsframleiðslunni, en ekki nema að hluta í þjóðarframleiðslunni, þar sem hagnaður erlendra eigenda verksmiðjunnar eftir skatt telst ekki til þjóðarframleiðslu Íslendinga. Þjóðartekjur á mann eru taldar hafa aukist um 1,8% á árinu samanborið við 4,9% samdrátt 1983 og 3,1% samdrátt 1982. Þjóðartekjur á mann voru á árinu lægri en á árunum 1977–1982, en nær 6% hærrí en 1976, sem var fyrsta ár uppsveiflu á sama hátt og árið 1984. Meðfylgjandi línurit sýnir breytingar þjóðarframleiðslu og þjóðartekna á árunum 1974–1984. Hagvöxtur miðað við breytilega mælikvarða framleiðslu og þjóðartekna á mismunandi tímabilum er sýndur í töflu II.1. Þar kemur fram, að hagvöxtur hér á landi var mun minni á áratugnum frá 1972 til 1982 en næstu tvo áratugi á undan. Athygli vekur, að hagvöxturinn 1984 var nær hinn sami og að meðaltali á árunum 1973–1982.

Tafla II.1. Framleiðsla og þjóðartekjur.
(Árlegar breytingar í %)

	1953–82	1953–62	1963–72	1973–82	1983	1984
Verg landsframleiðsla	4,8	5,7	5,5	3,4	-4,2	3,4
Verg þjóðarframleiðsla	4,7	5,6	5,6	2,9	-5,5	2,7
Vergar þjóðartekjur	5,2	6,4	6,5	2,7	-3,7	2,8
Vergar þjóðart. á mann	3,6	4,2	5,0	1,6	-4,9	1,8

**Samdráttartímabil
eftirstríðsáranna**


Árin 1982–83 eru fimmta samdráttartímabilið hér á landi frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar. Hin fyrri voru árin 1949–1952, árið 1957, árin 1967–68 og árið 1975. Þessi samdráttartímabil eru borin saman í töflu II.2. Á mælikvarða vergrar landsframleiðslu var samdrátturinn 1982–83 hinn þriðji mesti á eftir lægðunum 1967–68 og 1949–52. Sama niðurstaða fæst, ef litið er á verga landsframleiðslu á mann, en innbyrðis röð hinna samdráttartímabilanna tveggja breytist þannig, að samdrátturinn 1949–52 verður hinn mesti frá stríðslokum. Verg landsframleiðsla, eða verg landsframleiðsla á mann, er heppilegasti mælikvarðinn á breytingu heildarframleiðslu og skiptir meira máli en þjóðarframleiðslan eða þjóðartekjurnar, þegar um er að ræða áhrif framleiðslubreytinga á atvinnustig. Meiru munar á breytingu þjóðarframleiðslu og landsframleiðslu á seinustu tveim samdráttartímabilunum en á hinum. Stafar þetta af aukinni skuldsetningu landsins á undanförunum árum og hækkun raunvaxta á alþjóðlegum mörkuðum undanfarin fjögur ár. Þetta breytir þó ekki þeirri niðurstöðu, að sam-

drátturinn 1982–83 er hinn þriðji mesti frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar. Breyting vergra þjóðartekna innifelur áhrif breytinga viðskiptakjara við útlönd ásamt breytingu þjóðarframleiðslu. Ófugt við öll önnur samdráttartímabil eftirstríðsáranna bötunðu viðskiptakjörin á árunum 1982–1983. Því drógust þjóðartekjur minna saman en þjóðarframleiðsla. Ef litið er á þjóðartekjurnar, verður samdrátturinn 1982–83 minni en 1975 og því sá fjórði í röðinni. Þetta snýst hins vegar við, þegar litið er á þjóðartekjur á mann, þótt ekki muni miklu. Tekjusamdrátturinn varð þó mun minni en bæði 1949–52 og 1967–68 eða um 8% á mann á móti 20% 1949–52 og 14,5% 1967–68. Niðurstaðan er því sú, að samdrátturinn 1982–83 er hinn þriðji mesti eftir seinni heimsstyrjöldina, hvort sem miðað er við framleiðslu eða tekjur á mann.

Tafla II.2. Fimm samdráttartímabil.
(Heildarbreyting í %)


	1949–52	1957	1967–68	1975	1982–83
Verg landsframleiðsla . . .	-6,2	-1,0	-7,3	-0,5	-5,0
Verg þjóðarframleiðsla . . .	-6,7	-0,5	-7,9	-2,0	-6,9
Vergar þjóðartekjur . . .	-14,1	-1,4	-11,8	-5,8	-5,4
Verg landsframl. á mann . . .	-12,9	-3,2	-9,8	-1,7	-7,5
Vergar þjóðart. á mann . . .	-20,3	-3,6	-14,3	-7,0	-7,9

Ráðstöfun þjóðarframleiðslunnar



Einkaneyslan jókst um 3% á árinu samanborið við 6% samdrátt 1983. Einkaneyslan jókst því meira en þjóðarframleiðslan, enda jókst hún sem hlutfall af henni og varð 68,5%. Fara verður aftur til ársins 1956 til að finna hærra hlutfall einkaneyslu af þjóðarframleiðslu, en þetta hlutfall var um 66,9% 1983 og 66,6% 1982, sem þó voru samdráttarár. Samneyslan er talin hafa staðið í stað samanborið við 3% aukningu 1983 og 3,8% aukningu 1982. Samneyslan nam um 12,3% af þjóðarframleiðslunni, sem er sama hlutfall og 1981, en nokkru lægra en á árunum 1982 og 1983. Fjármunamyndunin jókst um 6,9% eftir 13,6% samdrátt 1983 og 1,5% samdrátt 1982. Þar af jókst fjármunamyndun atvinnuveganna um 13,5%, íbúðabyggingar um 10%, en opinber fjárfesting minnkaði um 2,7%. Aukning fjármunamyndunar atvinnuveganna kemur í kjölfarið á 14,4% samdrætti 1983 og stöðnun á árinu 1982. Af einstökum atvinnuvegum varð mest aukning fjármunamyndunar í iðnaði án áls og kísiljárns eða 29,2%. Aukning fjármunamyndunar varð svipuð í landbúnaði eða 29,6%. Í vinnslu sjávarafurða jókst fjármunamyndun um 26,6%, og 40,3% aukning varð á kaupum á ýmsum vélum og tækjum. Fjármunamyndun í flutningstækjum atvinnuveganna minnkaði um 26,2%. Fjármunamyndun í fiskveiðum minnkaði þriðja árið í röð.

Nam samdrátturinn 7,7%, en frá 1981 hefur fjármunamyndun fiskveiðanna minnkað um samtals þriðjung. Fjármunamyndun atvinnuveganna nam um 10,9% af þjóðarframleiðslunni samanborið við 10,5% 1983 og 11,4% að meðaltali næstu 5 ár þar á undan. Opinberar fjárfestingar minnkuðu þriðja árið í röð og voru nær fjórðungi minni en 1981. Samdrátturinn 1984 stafaði fyrst og fremst af minni framkvæmdum við rafvirkjanir og rafveitur, sem drógust saman um rúm 20%. Framkvæmdir við hita- og vatnsveitur jukust hins vegar um nær 25%, framkvæmdir við samgöngumannvirki jukust um 4,5%, en opinberar byggingaframkvæmdir voru nánast jafnmiklar og árið áður. Opinber fjármunamyndun nam um 7,9% af þjóðarframleiðslu ársins samanborið við 8,9% 1983 og 10,3% 1982. Fara verður aftur til ársins 1973 til að finna svipað hlutfall, en það nam að meðaltali um 10,2% á tíu ára tímabilinu 1973–1982. Alls varð fjármunamyndunin 24,2% af þjóðarframleiðslu ársins samanborið við 24,5% 1983 og 27,5% 1982. Fara verður aftur til ársins 1961 til að finna lægra hlutfall fjármunamyndunar og þjóðarframleiðslu.



Verðmætaráðstöfun til endanlegra nota, þ.e. einkaneysla, samneysla og fjármunamyndun, jókst um 3,5%. Birgðir jukust á árinu, fyrst og fremst vegna meiri aukningar útflutningsframleiðslu en vöruútflutnings, og því jukust þjóðarútgjöld í heild enn meir eða um 6,2%. Þessi aukning varð langt umfram aukningu þjóðarframleiðslunnar, sem var 2,7%, og því jókst viðskiptahallinn við útlönd úr 2,4% af þjóðarframleiðslu 1983 í 6% 1984. Að meðtöldum birgðabreytingum nam heildarfjárfestingin 25,2% af þjóðarframleiðslunni samanborið við 22,5% 1983 og 30,3% 1982. Miðað við mörg undanfarin ár telst þetta ekki ýkja hátt fjárfestingarhlutfall. Ekki er því hægt að segja, að viðskiptahallinn á árinu eigi fyrst og fremst rætur að rekja til mikillar fjárfestingar á árinu. Rætur hans liggja fremur í því, að innlendur sparnaður nam ekki nema 19,2% af þjóðarframleiðslunni. Svo lítil sparnaður hefur ekki sést síðan á árinu 1953. Innlendi sparnaðurinn hefur verið að falla jafnt og þétt á undanförunum árum, úr 27,8% 1977 í 25,8% á árunum 1978–1980, í 23,2% 1981, 20,4% 1982, 20,1% 1983 og svo 19,2% 1984. Af þessum sökum hefur þurft að leita erlendrar fjármögnunar á fjárfestingu, sem ekki telst mikil á mælikvarða fyrri ára.

Viðskiptakjör

Útflutningsverðlag í erlendri mynt hækkaði miðað við meðalverð erlendra gjaldmiðla um 5% milli 1983 og 1984, en lækkaði um 2,9% í dollurum. Hækkun verðs sjávarafurða varð nánast hin sama og á útflutningi í heild. Verð á frystum sjávarafurðum hækkaði um 1,8% í erlendri mynt, en féll um 6,2% í dollurum. Verð á saltfiski hækkaði




Framleiðsla og hagur atvinnuvega

um 2,1% í erlendri mynt, en verð á skreið féll um 11%. Verð á mjöli og lýsi hækkaði um 2,7%, en verð á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum féll um 2,7%. Útflutningsverð iðnvarnings hækkaði að jafnaði meira en verð sjávarafurða. Þannig hækkaði verð á áli um 17,5% í erlendri mynt, verð á kísilgúr hækkaði um 6%, verð á kísiljárnri um nær 22% og verð á öðrum iðnaðarvörum um nær 8%. Innflutningsverð er talið hafa hækkað um 4,3% í erlendri mynt eða minna en útflutningsverð, og því bötnuðu viðskiptakjörin um 1,1%. Án stóriðju er hins vegar talið, að viðskiptakjörin hafi versnað um 1,8%.

Heildarfiskaflinn varð um 1.525 þúsund tonn eða 686 þúsund tonnum meiri en árið áður. Í tonnum talið var árið 1984 þriðja mesta aflaár í fiskveiðisögu Íslendinga. Mest varð aukningin í loðnuveiðunum, en loðnuafllinn varð um 865 þúsund tonn samanborið við 134 þúsund tonn árið áður. Loðnuafllinn hefur aðeins tvisvar verið meiri, þ.e. 1978 og 1979, rúm 960 þúsund tonn bæði árin. Samdráttur varð í afla verðmeiri tegunda. Þorskaflinn varð um 281 þúsund tonn samanborið við 294 þúsund tonn 1983 og 383 þúsund tonn 1982. Botnfiskaflinn í heild varð um 552 þúsund tonn samanborið við 603 þúsund tonna botnfiskafla árið áður. Þótt botnfiskaflinn á árinu hafi verið minni en á metaflaárunum 1979–1983, varð árið eigi að síður með mestu botnfiskaflaárum í sögu Íslendinga. Fyrir utan ofangreint tímabil hefur botnfiskaflinn aldrei áður farið yfir 550 þúsund tonn. Síldaraflinn varð 50 þúsund tonn samanborið við 59 þúsund tonn árið áður, og humar- og rækjuafli varð með mesta móti eða 24 þúsund tonn. Í heild er talið, að verðmæti landaðs afla á föstu verðlagi hafi aukist um 12,5% samanborið við 5,2% samdrátt árið áður. Án loðnu dróst aflinn á föstu verðlagi saman um 1,5% samanborið við 7,1% samdrátt árið áður. Þrátt fyrir lítils háttar samdrátt í afla benda áætlanir til, að hagur botnfiskveiðanna hafi ekki versnað á árinu. Á árinu 1983 batnaði hagur botnfiskveiðanna þrátt fyrir aflasamdrátt, þar sem fiskverð hækkaði mun meira en annað verðlag. Verg hlutdeild fjármagns í botnfiskveiðunum er talin hafa verið um 7,3% af tekjum 1983 samanborið við 4,9% 1982 og 6,5% 1981. Hagur loðnuveiðiflotans batnaði vegna mikillar aflaaukningar.

Á föstu verðlagi ársins 1984 er talið, að sjávarafurðaframleiðslan hafi aukist um nær 12%. Á föstu verðlagi ársins 1980 jókst sjávarafurðaframleiðslan heldur meira eða 13,7% samanborið við 9,5% samdrátt árið áður. Mest varð aukningin í mjöl- og lýsisbræðslu eða rúm 150% samanborið við 69% árið áður. Frysting jókst um 3,6% í heild, en frysting á botnfiski minnkaði um 3,8%. Aukningin á annarri frystingu, sem varð um 40%, stafaði aðallega af mikilli aukningu á fryst-



ingu rækju. Söltun minnkaði þriðja árið í röð, nú um 2,9%. Þar af dróst eiginleg saltfiskverkun saman um 7,6%. Ferskfisk- og ísfisk-sölur jukust um 14,3% samanborið við 16,4% aukningu 1983 og 9,4% aukningu 1982. Hersla jókst um 28% samanborið við rúman 70% samdrátt árið áður. Ekkert var þó flutt út af skreið á árinu og afkoma herslunnar því áfram í algjörum botni. Nú er talið, að um 16 þúsund tonn séu til í landinu af skreiðarbirgðum og um 3 þúsund tonna skreiðarútlutningur sé ógreiddur. Ekki er vitað, hvernig hagur botnfiskvinnslunnar þróaðist á árinu, en á árinu 1983 nam verg hlutdeild fjármagns 14,7% samanborið við 15,7% 1982 og 16,4% 1981.

Iðnaðarframleiðslan virðist hafa aukist nokkuð á árinu, hvort sem stóriðjan er talin með eða ekki. Álframleiðslan jókst um 5,5%, framleiðsla kísiljárns um nær 22% og framleiðsla kísilgúrs um tæplega 7%. Útflutningsframleiðsla annars iðnvæðing jókst um 21% samanborið við 6,5% aukningu árið áður. Veltutölur, byggðar á söluskattsframtölum, benda til, að iðnaðarframleiðsla fyrir heimamarkað hafi einnig aukist eitthvað á síðasta ári. Til samanburðar má geta þess, að iðnaðarframleiðslan í heild stóð í stað á árinu 1983, jókst um 5,9% 1982, en stóð í stað 1981. Án áls og kísiljárns minnkaði iðnaðarframleiðslan um 0,8% 1983, jókst um 6,1% 1982, en minnkaði um 0,5% 1981. Landbúnaðarframleiðslan er talin hafa aukist um 4,5% á árinu. Höfuðskýringin á þessari aukningu liggur í mikilli aukningu í yl- og garðrækt, sem jókst um nær 80%, en metuppskera varð á kartöflum. Til samanburðar má geta þess, að landbúnaðarframleiðslan minnkaði um 4% 1983 og 1,5% 1982. Verslunarvelta jókst um 3% að raungildi í smásöluverslun og um 3,5% í heildverslun. Aukningin varð þó mun meiri í sumum greinum verslunar. Þannig jókst veltan í byggingarvöruverslun um 10% og um 35% í bifreiðaverslun. Til samanburðar má geta þess, að verslunarvelta minnkaði um 8% árið áður.

Kjarasamningar


Heildarkjarasamningar milli flestra launþegasambanda og viðsejenda þeirra voru gerðir tvisvar á árinu. Tuttugasta og fyrsta febrúar náðust samningar milli ASÍ og VSÍ. Samningarnir gerðu ráð fyrir 13,6% launahækkun yfir samningstímann, sem náði til 15. apríl 1985. Laun hækkuðu um 5% við undirritun. Laun áttu að hækka um 2% í júní, 3% í september og 3% í janúar 1985. Lágmarkslaun fyrir dagvinnu hækkuðu meira en önnur laun, í fyrstu umferð úr 10.969 kr. á mánuði í 12.660 kr. á mánuði eða um 15,5%. Til að greiða fyrir þessum samningum skuldbatt ríkisstjórnin sig til að auka barnalífeyri, mæðra- og fedralaun og elli- og örorkulífeyri. Auk þess var tekinn upp tekjutengdur barnabótaauki. Kostnaður við þessar aðgerðir var metinn á rúmar 300 m.kr. Heimilt var að segja upp launaliðum samninganna með mánaðar fyrirvara, þannig að þeir yrðu lausir 1.

september 1984 eða 1. janúar 1985. Hin launþegasamböndin gerðu sams konar samninga við sína viðsemjendur í kjölfarið á samningum ASÍ og VSÍ. Þessir samningar voru ekki taldir brjóta verulega í bága við launastefnu ríkisstjórnarinnar.

Flest launþegasamböndin notfærðu sér það að segja upp samningum fyrir 1. september. Eftir langt samningabóf, sex vikna verkfall prentara og næstum mánaðarlangt verkfall opinberra starfsmanna náðust samningar á milli allra helstu launþegasambandanna og viðsemjenda þeirra. Prentarar og prentsmiðjueigendur gerðu með sér samning 22. október. Samkvæmt þeim samningi hækkuðu laun um 10% við undirskrift, um 3% 1. desember, um 3% 1. júní 1985 og um 3% 1. september. Auk þess skyldu greiddar tvær eingreiðslur, þ.e. 3.000 kr. 30. nóvember og 1.500 kr. 29. mars 1985. Talið er, að samningur prentara hafi falið í sér 20,2% hækkun á kauptöxtum yfir samningstímann, þar af 13% fyrir áramót. Opinberir starfsmenn og ríkið gerðu með sér kjarasamning 30. október. Samkvæmt honum hækkuðu laun um 10% frá 1. nóvember, um 800 kr. 1. desember og um 3,5% 1. maí 1985. Sérkjarasamningar voru taldir mundu gefa a.m.k. 3,5%, og greiddar voru tvær eingreiðslur, 2.500 kr. 1. nóvember og 4.000 kr. 15. nóvember. Talið er, að kauptaxtar BSRB muni hækka um 22,5% yfir samningstímann, og þar af komu 14,8% fyrir árslok 1984. ASÍ og VSÍ gerðu með sér samning 6. nóvember. Laun hækkuðu um nær 13% við undirritun, um 4,8% 1. janúar 1985 og um 2,5% 1. mars og 1. maí. Heildarhækkun yfir samningstímann er talin munu verða 24,4%, þar af 13% fyrir árslok 1984. Alls hækkuðu kauptaxtar launþega um 15,8% frá ágúst til desember. Sú hækkun var langt umfram þann ramma, sem miðað hafði verið við, þegar ákveðið var að halda genginu sem stöðugustu. Gengi krónunnar var því fellt um 12% þann 20. nóvember, en vikurnar fyrir gengisfellinguna hafði gengi krónunnar sigið um nær 4,5%. Ný verðbólguvalda var risin.

Kaupmáttur og tekjur

Kjarasamningarnir í febrúar bættu hag hinna verst settu, og einkum bættu þeir hag einstæðra foreldra eins og stefnt var að. Hins vegar náðu þeir ekki að auka kaupmátt kauptaxta alls launafólks, svo að nokkru næmi, þótt fall hans stöðvaðist um hríð. Kaupmáttur kauptaxta var á síðasta ársfjórðungi 1983 um fjórðungi lægri en að meðaltali á árinu 1982. Á fyrsta ársfjórðungi 1984 minnkaði kaupmátturinn lítillega frá næsta ársfjórðungi á undan eða um nær 0,5%, en jókst svo aftur á öðrum ársfjórðungi upp í sama stig og á fjórða ársfjórðungi 1983. Kaupmátturinn féll á þriðja ársfjórðungi um 1,9%, en jókst á fjórða ársfjórðungi um 3,4%. Í desember var kaupmátturinn enn hærri eða um 5,2% hærri en á þriðja ársfjórðungi. Kaupmáttur kauptaxta féll um 8,1% milli ársmeðaltala 1983 og 1984.



Samkvæmt upplýsingum Kjararannsóknarnefndar var launaskrið töluvert á árinu. Hreint tímakaup í dagvinnu, þ.e. án bónus og vaktavinnuálags, hjá landverkafólki í ASÍ er talið hafa hækkað um 24,7% milli árunna 1983 og 1984, en á sama tíma hækkuðu kauptaxtar þess um 18,9%. Launaskrið nam því 4,9%, sem er meira en árið áður, þegar það var 4,3%, og mun meira en árin þar á undan, en launaskrið var 1,2% 1982 og 1,5% 1981. Launaskriðið á árunum 1983 og 1984, sem samtals nemur 9,4%, virðist staðfesta, að launaskrið eykst jafnan á kjaraskerðingartímum. Launaskriðið er ein af ástæðum þess, að atvinnutekjur á mann jukust á árinu töluvert umfram kaup-taxta eða um 29%. Það nægir þó ekki eitt sér sem skýring, en atvinnutekjurnar innifela einnig bændur, sjómenn og hópa launþega utan ASÍ. Aflaukningin skilaði sjómönnum töluvert meiri aukningu atvinnutekna en öðrum. Miðað við 29% hækkun verðvísitölu einkaneyslu stóð kaupmáttur atvinnutekna nánast í stað. Heildartekjur, þ.e. atvinnutekjur að meðtöldum eigna- og tilfærslutekjum, eru taldar hafa aukist um 30,5%. Ef tekið er tillit til 1% áætlaðrar mannaflabreytingar, jókst kaupmáttur þeirra um innan við 0,5% á mann. Skattbyrði jókst lítillega, þannig að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann er talinn hafa staðið í stað.

Tafla II.3. Tekjuþróun.
(1978 = 100)

	1979	1980	1981	1982	1983	1984 ¹⁾
Kaupmáttur kauptaxta ²⁾	99,2	94,3	92,7	92,5	75,3	69,2
Kaupmáttur greidds tímak. ³⁾	99,5	97,7	99,1	98,8	82,9	80,0
Kaupmáttur atvinnutekna á vinnandi mann ⁴⁾	100,3	95,8	96,0	94,6	80,9	80,8
Kaupm. heildartekna á v.m. ⁴⁾	103,1	101,3	102,9	103,1	89,2	89,5
Kaupm. ráðstöfunartekna á vinnandi mann ⁴⁾	102,4	100,8	102,9	102,6	89,4	89,3
Þjóðartekjur á v.m.	100,2	99,4	96,6	92,5	87,3	88,8

¹⁾ Bráðabirgðatölur. ²⁾ Miðað við vísitölu framfærslukostnaðar. ³⁾ Hreint tímakaup í dagvinnu hjá landverkafólki í ASÍ skv. gögnum Kjararannsóknarnefndar. Kaupmáttur miðað við vísitölu framfærslukostnaðar. ⁴⁾ Miðað við verðvísitölu einkaneyslu. Vinnuafslaukningin 1978–1982 miðast við slysatryggðar vinnuvikur skv. upplýsingum Hagstofunnar. Aukningin 1983 byggist á launamiðaupplýsingum Framkvæmdastofnunar, og 1984 er aukningin áætluð 1%. ⁵⁾ Heildartekjur heimila af atvinnu og fjármunaeygn. ⁶⁾ Heildartekjur heimila af atvinnu og fjármunaeygn að viðbættum lífeyrisgreiðslum og bótum trygginga, en að frádrögnum beinum sköttum.

Meðfylgjandi línurit og tafla II.3 sýna tekjuþróunina nokkur undanfarin ár. Í töflu II.3 er árið 1978 sett jafnt og 100, en það ár er kaupmáttur kauptaxta í hámarki, þannig að ekki er hægt að gefa vali grunnársins neina sérstaka merkingu. Kaupmáttur atvinnutekna á vinnandi mann og kauptaxtar fylgjast nokkuð þokkalega að fram til 1982, og er munurinn ekki nema 2,3% frá 1978. Kaupmáttur kaup-taxta fellur síðan um 25,2% 1983 og 1984, en kaupmáttur atvinnu-

Verðþróun


tekna fellur um 14,6% á sama tímabili. Til samanburðar má geta þess, að kaupmáttur hreins tímakaups í dagvinnu hjá landverkafólki í ASÍ fellur um 19% á sama tímabili. Atvinnutekjur á vinnandi mann voru á árinu 1981 mjög svipaðar að hlutfalli við þjóðartekjur á vinnandi mann og á árunum 1978 og 1979. Á árinu 1982 falla atvinnutekjur á vinnandi mann mun minna en þjóðartekjur eða um 1,5% á móti 4,2%. Þetta snýst svo við á árunum 1983 og 1984, þegar kaupmáttur atvinnutekna á vinnandi mann fellur um 14,5%, en þjóðartekjur á vinnandi mann um 4%. Þjóðartekjur á vinnandi mann féllu stöðugt frá 1979 til 1983, samtals um nær 13%. Á sama tíma féll kaupmáttur atvinnutekna um 19%. Atvinnutekjur í hlutfalli við þjóðartekjur voru 1984 um 9% lægri en 1978.

Í upphafi ársins var verðbólguhraðinn um 12%, mælt með 4 mánaða miðsettri hækkun framfærsluvísitölu á ársgrundvelli. Í apríl fór verðbólguhraðinn í rúm 18% og hélst um það bil fram í ágúst. Þessi aukning verðbólgunnar stafaði að nokkru leyti af áhrifum kjarasamninganna í febrúar. Verðbólguhraðinn fór niður í 13–15% í ágúst og september, en jókst síðan aftur, þegar leið á haustið, vegna áhrifa kjarasamninganna og gengisfellingarinnar 20. nóvember. Í október var verðbólguhraðinn kominn yfir 25%, í nóvember fór hann í 40%, í 50% í desember og reis hæst í árslok um 57%. Meðfylgjandi línurit sýnir þróun verðbólgunnar á árinu, en það sýnir annars vegar tólf mánaða hækkun framfærslukostnaðar og hins vegar miðsetta fjögurra mánaða hækkun hans, mánuð fyrir mánuð 1983 og 1984. Þróunin sést einnig á töflu II.4, þar sem verðbólguástigið er sýnt mánuð fyrir mánuð samanborið við næstu tvö ár á undan.

Tafla II.4. Verðbólguástig.

(4 mánaða miðsett hækkun framfærslukostnaðar á ársgrundvelli í %)

	1982	1983	1984
Janúar	54,5	105,7	11,6
Febrúar	50,1	113,2	12,3
Mars	45,6	116,0	12,8
Apríl	60,2	147,3	18,6
Mái	48,9	105,9	18,0
Júní	42,7	105,0	17,6
Júlí	78,5	83,2	18,5
Ágúst	71,6	52,4	13,4
September	77,4	47,3	14,6
Oktober	90,7	26,1	26,1
Nóvember	68,6	26,0	40,5
Desember	71,6	17,2	50,5



hækkaði um 22% yfir árið samanborið við 76,1% 1983 og 59,2% 1982. Hækkunin milli ára var um 29% samanborið við 84,3% hækkun 1983 og 51% hækkun 1982. Hækkun framfærslukostnaðar á milli ára hefur ekki verið minni síðan á árinu 1973, þegar hækkunin nam rúmum 22%. Þótt niðurgreiðslur hafi enn minnkað, varð minni munur á hækkun framfærslukostnaðar með og án niðurgreiðslna en árið áður. Talið er, að framfærslukostnaður án niðurgreiðslna hafi hækkað um nálægt 28% milli ára. Verðvísitala einkaneyslu hækkaði um 29%. Byggingarkostnaður hækkaði hins vegar minna en þessar verðvísitölur, enda vega kauptaxtar, sem hækkðu um 19% milli ára, og verð erlendra gjaldmiðla, sem hækkaði um 16,5%, mun meira í honum en í framfærslukostnaði. Byggingarkostnaður hækkaði um 22% á milli ára og um 19,5% yfir árið. Verðvísitala vergrar þjóðarframleiðslu, sem er altækari verðmælikvarði en þeir, sem á undan hafa verið nefndir, hækkaði um 26% á milli ára.

**Þróun utanríkis-
viðskipta og greiðslu-
jafnaðar**

III. UTANRÍKISVIÐSKIPTI OG GREIÐSLUJÖFNUÐUR


Þróun utanríkisviðskipta og greiðslujafnaðar varð mun óhagstæðari á árinu 1984 en árið áður. Það á að miklu leyti rætur að rekja til mismunandi breytingar útflutningsvörubirgða á hvoru ári fyrir sig, þar sem verðmæti útflutningsvörubirgða jókst um 692 m.kr. á árinu 1984, en minnkaði um 1.231 m.kr. 1983 reiknað á gengi ársins 1984. Gjald-eyrisverðmæti vöruútflutnings jókst um 8,5% miðað við árið áður, og verðmæti vöruinnflutnings jókst um 12,8%. Þetta hafði þau áhrif, að vöruskiptajöfnuður varð óhagstæður um 0,5% af þjóðarframleiðslu á árinu 1984 á móti 0,9% hagstæðum jöfnuði árið áður. Halli á þjónustujöfnuði jókst verulega, einkum vegna aukningar á vaxta-greiðslum af erlendum skuldum og ferða- og dvalarkostnaðar. Hallinn á þjónustujöfnuði varð 5,5% af þjóðarframleiðslu á árinu 1984 samanborið við 3,3% árið áður. Halli á viðskiptajöfnuði reyndist því 6,0% af þjóðarframleiðslu, en var 2,4% árið áður. Þrátt fyrir mikinn fjármagnsinnflutning nægði hann ekki til þess að jafna viðskiptahallann að fullu, og varð heildargreiðslujöfnuður óhagstæður um 210 m.kr., sem kom fram í samsvarandi lækkun gjaldeyrisstöðu. Svarar rýrnunin til 0,3% af þjóðarframleiðslu, sem er sama lækkun gjaldeyrisstöðunnar í hlutfalli af þjóðarframleiðslu og árið áður. Tafla III.1 sýnir helstu þætti greiðslujafnaðar 1983–1984, þar sem tölur hafa verið umreiknaðar til meðalgengis 1984 samkvæmt vísitölu meðalgengis.¹⁾

*Tafla III.1. Greiðslujafnaðaryfirlit.
(Í m.kr. á meðalgengi 1984)*

	1983	1984
Innfluttar vörur f.o.b.	-21.172	-23.889
Útfluttar vörur f.o.b.	21.716	23.557
Vöruskiptajöfnuður	544	-332
Þjónustujöfnuður	-2.017	-3.798
Viðskiptajöfnuður	-1.473	-4.130
Framlög án endurgjalds	-50	25
Fjármagnsjöfnuður	1.356	3.895
Heildargreiðslujöfnuður	-167	-210

¹⁾ Allur talnasamanburður árána 1983 og 1984 í þessum kafla er gerður á sam-
bærilegu gengi, annaðhvort á meðalgengi eða árslokagengi 1984, eftir því sem
við á, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Útflutningur



Útflutningsframleiðsla er talin hafa aukist um nálægt 12% að raunverulegu verðgildi. Gjaldeyrisverðmæti vöruútflutnings jókst nokkru minna eða um 8,5% eins og áður er sagt, enda jókst útflutningsvöurbirgðir á árinu 1984, en minnkuðu árið áður. Verðmæti álútflutnings dróst saman um rúm 10%, en útflutningsverðmæti kísiljárns jókst um tæp 42%. Útflutningsverðmæti annarra iðnaðarvara jókst um 18% og verðmæti sjávarafurða um rúmlega 7%. Af sjávarafurðum jókst útflutningsverðmæti mjöls hlutfallslega mest og meira en þrefaldaðist miðað við árið áður, þá varð einnig aukning á útflutningi skelfisks og saltsíldar, en samdráttur varð í útflutningsverðmæti skreiðar, saltfisks, lýsis og frystra botnfiskafurða. Útflutningsverðmæti landbúnaðarafurða jókst um tæp 68% á árinu, en nokkur undanfarin ár hefur verið stöðnun eða samdráttur í útflutningsverðmæti landbúnaðarafurða.


Tafla III.2. Útflutningur helstu vörflokka.
(F.o.b.-verð í m.kr. á meðalgengi ársins 1984)

	1980	1981	1982	1983	1984	1983-84	Í%
Sjávarafurðir	16.267	18.170	14.035	14.771	15.832	7,2	
Par af: Saltfiskur	2.733	3.791	3.480	2.572	2.287	-11,1	
Skreið	1.633	2.888	678	865	62	-92,8	
Frystur þorskur	6.218	6.099	6.079	7.169	7.036	-1,9	
Lýsi	754	774	280	93	78	-16,1	
Mjöl	1.763	1.503	534	452	1.547	242,3	
Humar, rækja og hörpudiskur	682	693	754	1.306	1.496	14,5	
Saltsíld	507	569	490	534	775	45,1	
Landbúnaðarafurðir	375	316	236	241	404	67,6	
Iðnaðarvörur	4.713	4.472	4.165	6.365	6.605	3,8	
Par af: Ál	2.641	2.253	1.880	3.817	3.426	-10,2	
Kísiljárn	395	441	536	716	1.016	41,9	
Aðrar iðnaðarvörur	1.677	1.778	1.749	1.832	2.163	18,1	
Aðrar vörur	376	260	271	339	716	111,2	
Útflutningur alls	21.731	23.218	18.707	21.716	23.557	8,5	

Tafla III.2 sýnir skiptingu útflutnings á helstu vörflokka sl. fimm ár, og hafa tölur fyrri ára verið umreiknaðar til meðalgengis ársins 1984 samkvæmt vísitölu meðalgengis. Verðmæti sjávarafurða í heildarútflutningi nam 67,2% árið 1984 á móti 68% árið áður.

Tafla III.3 sýnir skiptingu inn- og útflutnings eftir löndum. Helstu breytingar á skiptingu innflutnings eftir löndum urðu þær, að innflutningur frá EBE-löndum jókst úr 45,1% af heildarinnflutningi 1983 í 47,3% 1984, en innflutningur frá EFTA-löndum dróst saman úr 22,8% af heildarinnflutningi 1983 í 21,2% 1984. Varðandi skiptingu útflutnings eftir löndum urðu þær breytingar helstar, að útflutningur til EBE-landa jókst úr 34,7% af heildarútflutningi 1983 í 38,3%

Skipting inn- og útflutnings eftir löndum



*Tafla III.3. Skipting inn- og útflutnings eftir löndum.
(Í prósentum af heildarinn- og útflutningi)*

	1980	1981	1982	1983	1984
<i>Innflutningur:</i>					
EFTA	21,3	23,9	22,2	22,8	21,2
EBE ¹⁾	44,0	44,4	45,9	45,1	47,3
Austur-Evrópa	11,1	9,3	10,3	11,3	11,0
Norður-Ameríka	10,8	8,9	9,0	8,3	7,4
Önnur lönd	12,8	13,5	12,6	12,5	13,1
<i>Útflutningur:</i>					
EFTA	15,1	17,7	19,1	14,9	12,7
EBE ¹⁾	38,7	31,3	32,7	34,7	38,3
Austur-Evrópa	8,9	7,9	8,4	8,0	9,5
Norður-Ameríka	22,1	21,5	26,3	28,6	28,6
Önnur lönd	15,2	21,6	13,5	13,8	10,9

¹⁾ Grikkland meðtalið.

1984, en útflutningur til EFTA-landa dróst saman úr 14,9% af heildarútflutningi 1983 í 12,7% 1984. Hlutdeild Austur-Evrópulanda jókst úr 8,0% af heildarútflutningi 1983 í 9,5% 1984. Vegna mikils samdráttar í útflutningi skreiddar féll hlutdeild Nígeríu úr 4,8% af heildarútflutningi 1983 í 0,2% 1984. Hlutdeild Norður-Ameríku hélst óbreytt 28,6%, og er jöfnuður inn- og útflutnings gagnvart Norður-Ameríku langhagstæðastur einstakra markaðssvæða.

Tafla III.4. Útflutningsvörubirgðir.
(Í m.kr. á gengi SDR í árslok 1984)

	1980	1981	1982	1983	1984
Sjávarafurðir	3.151	4.316	6.785	5.080	5.383
Landbúnaðarafurðir	180	268	152	142	137
Kísilgúr	10	17	11	13	15
Ál	421	846	1.293	151	158
Kísiljárn	105	126	85	121	77
	3.867	5.573	8.326	5.507	5.770


Birgðir útflutningsvara

Tafla III.4 sýnir verðmæti útflutningsvörubirgða í árslok sl. fimm ár miðað við verðlag í lok hvers árs, en umreiknað miðað við skráð gengi á SDR í árslok 1984. Verðmæti birgða jókst á árinu 1984, en minnkaði verulega árið áður.

Tafla III.5. Vöruinnflutningur.
(F.o.b.-verð í m.kr. á meðalgengi 1984)

	1983	1984	Breyting í % 1983-84
Innflutningur alls f.o.b.	-21.172	-23.889	12,8
Sérstakar fjárfestingarvörur	-764	-711	-6,9
Skip og flugvélar	-685	-654	-4,5
Vegna Landsvirkjunar	-79	-38	-51,9
Vegna flugstöðvarbyggingar	-	-19	..
Rekstrarvörur v/álbræðslu	-1.607	-1.585	-1,4
Rekstrarvörur v/járnblendiverksmiðju	-206	-292	41,7
Almennur innflutningur	-18.595	-21.301	14,6
(Par af olía)	(-3.512)	(-3.683)	(4,9)

Þróun innflutnings



Tafla III.5 sýnir f.o.b.-verðmæti innflutnings 1983 og 1984 skipt á nokkra helstu liði og hlutfallslegar breytingar á árinu 1984 miðað við árið áður. Sést þar, að verðmæti heildarinnflutnings hefur aukist um 12,8% á árinu, en árið áður dróst heildarinnflutningur saman um 7,4%. Almennur innflutningur jókst um 14,6%, en innflutningur sérstakra fjárfestingarvara dróst saman um tæp 7%. Innflutningur vegna álbræðslu dróst saman um 1,4%, en innflutningur vegna járnblendiverksmiðju jókst hins vegar um 41,7%.

Tafla III.6 sýnir mánaðarlegan almennan innflutning 1983 og 1984 skipt á olfuinnflutning og annan almennan innflutning á mánaðarlegu meðalgengi ársins 1984, þ.e. tölur fyrir hvern mánuð 1983 hafa verið umreiknaðar til sambærilegs meðalgengis viðkomandi mánaðar 1984. Tölur í þessari töflu eru á c.i.f.-verði, en í töflu III.5 eru innflutningstölur á f.o.b.-verði. Verður bæði þetta og munur á gengis-

Tafla III.6. Almennur innflutningur.
(C.i.f.-verð í m.kr. á mánaðarlegu meðalgengi 1984)

	1983			1984			Hlutfallsbreytingar %		
	Olía	Annar	Alls	Olía	Annar	Alls	Olía	Annar	Alls
Janúar	278	1.028	1.306	273	1.156	1.429	-1,8	12,5	9,4
Febrúar	178	1.152	1.330	207	1.381	1.588	16,3	19,9	19,4
Mars	115	1.517	1.632	342	1.606	1.948	197,4	5,9	19,4
Apríl	163	1.330	1.493	198	1.487	1.685	21,5	11,8	12,9
Máí	117	1.518	1.635	425	2.085	2.510	263,2	37,4	53,5
Júní	205	1.606	1.811	304	1.816	2.120	48,3	13,1	17,1
Júlí	467	1.312	1.779	413	1.694	2.107	-11,6	29,1	18,4
Ágúst	453	1.314	1.767	223	1.656	1.879	-50,8	26,0	6,3
Sept.	457	1.508	1.965	301	1.639	1.940	-34,1	8,7	-1,3
Okt.	306	1.590	1.896	157	323	480
Nóv.	470	1.826	2.296	750	2.877	3.627
Des.	429	1.859	2.288	320	2.347	2.667	-25,4	26,3	16,6
	3.638	17.560	21.198	3.913	20.067	23.980	7,6	14,3	13,1
I. ársfj.	571	3.697	4.268	822	4.143	4.965	44,0	12,1	16,3
II. ársfj.	485	4.454	4.939	927	5.388	6.315	91,1	21,0	27,9
III. ársfj.	1.377	4.134	5.511	937	4.989	5.926	-32,0	20,7	7,5
IV. ársfj.	1.205	5.275	6.480	1.227	5.547	6.774	1,8	5,2	4,5

umreikningi til þess að valda því misræmi, sem gætir milli talna um hlutfallsbreytingu í töflum III.5 og III.6. Eins og sjá má í töflu III.6 jókst almennur innflutningur um 13,1% á árinu 1984, en sé innflutningur olíu, sem jókst um 7,6%, undanskilinn, nam aukning annars almenns innflutnings 14,3%. Mest var aukningin á fyrri helmingi ársins, en minnst á síðasta ársfjórðungi. Hlutfallsbreytingar fyrir mánuðina október og nóvember eru ekki sýndar sérstaklega, vegna þess hve mikil röskun varð á tollafgreiðslu í þeim mánuðum á árinu 1984 vegna verkfalls opinberra starfsmanna. Á árinu 1983 var þróunin hins vegar sú, að mikill samdráttur varð á fyrstu níu mánuðunum, en lítils háttar aukning á síðasta ársfjórðungi.

Vöruskiptajöfnuður


Vöruskiptajöfnuður 1984 varð óhagstæður um 332 m.kr. á móti 544 m.kr. hagstæðum jöfnuði á árinu 1983 umreiknað á meðalgengi 1984 og versnaði því frá árinu áður um 876 m.kr. Sé vöruskiptajöfnuður árána 1983 og 1984 leiðréttur fyrir breytingu útflutningsvörubirgða, sem jukust um 692 m.kr. 1984 á móti lækkun um 1.231 m.kr. 1983, reyndist vöruskiptajöfnuður ársins 1984 hins vegar 1.047 m.kr. hagstæðari en árið áður, og sé þar að auki sveiflum í innflutningi sérstakra fjárfestingarvara jafnað milli ára með meðaltali síðustu þriggja ára, reyndist vöruskiptajöfnuður 994 m.kr. hagstæðari 1984 en 1983.

Þjónustujöfnuður

Til þjónustujafnaðar teljast tekjur og gjöld af ferðalögum, samgöngum, tryggingum, vaxtagreiðslum, viðskiptum við varnarliðið o.fl. Samkvæmt bráðabirgðayfirliti reyndust þjónustutekjur hafa numið 11.235 m.kr., og er það aukning um 9,1% frá fyrra ári. Þjónustugjöld námu 15.033 m.kr., sem er 22,1% aukning frá árinu áður. Þjónustujöfnuður varð því óhagstæður um 3.798 m.kr., sem svarar til 5,5% af þjóðarframleiðslu. Þetta er mun lakari útkoma en árið áður, en þá reyndist þjónustujöfnuður óhagstæður um 2.017 m.kr., sem svarar til 3,3% af þjóðarframleiðslu. Útgjöld vegna ferða- og dvalarkostnaðar jukust um 38,9%, en árið áður varð samdráttur um 3,7%.

Tafla III.7. Þjónustujöfnuður.
(Í m.kr. á meðalgengi 1984)

	1983	1984	Breyting í % 1983–84
Þjónustujöfnuður	-2.017	-3.798	
Innflutt þjónusta, alls	-12.317	-15.033	22,1
Útflutt þjónusta, alls	10.300	11.235	9,1
Útgjöld vegna ferða- og dvalarkostn. Tekjur af erlendum ferðamönnum	-1.936	-2.690	38,9
Útgjöld vegna samgangna (Þar af v/flugfélaga)	795	1.100	38,4
Tekjur af samgöngum (Þar af v/flugfélaga)	-4.501	-4.953	10,0
Vaxtagjöld	(-2.363)	(-2.504)	(6,0)
Tekjur af samgöngum (Þar af v/flugfélaga)	4.936	5.204	5,4
Vaxtagjöld	(2.963)	(3.092)	(4,4)
Vaxtatekjur	-3.970	-5.010	26,2
Útgjöld vegna trygginga	414	455	9,9
Tekjur af tryggingum	-449	-475	5,8
Tekjur af varnarliði, nettó	344	290	-15,7
Ýmis útgjöld (Þar af v/álbræðslu)	2.515	2.766	10,0
Ýmsar tekjur	-1.461	-1.905	30,4
	(-401)	(-393)	(-2,0)
	1.297	1.420	9,5




Viðskiptajöfnuður

28

Tekjur af erlendum ferðamönnum jukust um 38,4% á móti 15% aukningu árið áður. Útgjöld vegna samgangna jukust um 10%, en tekjur um 5,4%. Námu nettótekjur af samgöngum nú 251 m.kr., en 435 m.kr. árið áður, þannig að útkoma samgönguliðarins varð heldur lakari á sl. ári en 1983. Vaxtagjöld jukust um 26,2%, en vaxtatekjur aðeins um 9,9%. Vaxtagjöld hækkuðu nettó um 28,1% á árinu 1984 á móti 9,3% hækkun árið áður, og var aukning vaxtagreiðslna hlutfallslega mun meiri vegna skammtímalána en langtímalána. Á árinu 1984 námu vaxtagreiðslur nettó 4.555 m.kr., sem er 13,1% af útflutningstekjum á móti 11,1% á árinu 1983. Tekjur af varnarliðinu jukust um 10%, en árið áður nam aukningin 5%. Tafla III.7 sýnir samanburð á helstu liðum þjónustujafnaðar árin 1983 og 1984 ásamt hlutfallslegri breytingu.

Viðskiptajöfnuður (vöruskipta- og þjónustujöfnuður) reyndist samkvæmt beinum greiðslujafnaðartölum óhagstæður á árinu 1984 um 4.130 m.kr., sem jafngildir 6,0% af þjóðarframleiðslu. Árið áður var



viðskiptajöfnuður á sama hátt óhagstæður um 1.473 m.kr. eða 2,4% af þjóðarframleiðslu. Sé viðskiptajöfnuður árána 1983 og 1984 hins vegar leiðréttur fyrir breytingu útflutningsvörubirgða og sveiflum í innflutningi sérstakra fjárfestingarvara jafnað milli ára eins og nánar var útskýrt í sambandi við vöruskiptajöfnuð hér að framan, reyndist viðskiptajöfnuður 1984 vera óhagstæður um 3.587 m.kr. eða 5,2% af þjóðarframleiðslu, en viðskiptajöfnuður 1983, leiðréttur á sama hátt, óhagstæður um 2.800 m.kr. eða einnig 5,2% af þjóðarframleiðslu.

Framlög án endurgjalds

Framlög án endurgjalds, en til þeirra teljast eignayfirfærslur, rekstrarframlög til alþjóðastofnana og gjafafé, urðu hagstæð um 25 m.kr. á árinu 1984, en óhagstæð um 50 m.kr. á árinu 1983.

Fjármagnsjöfnuður

Fjármagnsjöfnuður er yfirlit yfir allar lántökur erlendis og afborganir af þeim, svo og áhættufjármagn til fjárfestingar, sem annaðhvort kemur erlendis frá eða fer til annarra landa, og ýmsar aðrar fjármagnshreyfingar. Lánahreyfingum er annars vegar skipt í hreyfingar til lengri tíma en eins árs, og eru þær nefndar lánahreyfingar til langs tíma, og hins vegar skammtímalán. Alls varð fjármagnsjöfnuður hagstæður um 3.895 m.kr. á árinu 1984 á móti 1.356 m.kr. árið áður.

Mikilvægustu liðir fjármagnsjafnaðar eru langar lántökur og afborganir af slíkum lánum. Tafla III.8 sýnir bráðabirgðatölur um hreyfingar langra erlendra lána á árinu 1984 skipt á opinbera aðila, lánastofnanir og einkaaðila, eftir því hverjir af þessum aðilum eru frumlántakendur, þ.e. hafa tekið lánin hjá hinum erlendu aðilum. Til

Tafla III.8. Hreyfingar langra erlendra lána.
(1 m.kr. á meðalgengi ársins 1984)

	Innkomið		Afborganir		Nettóaukning	
	1983	1984	1983	1984	1983	1984
Opinberir aðilar	4.184	4.066	1.201	1.377	2.983	2.689
Lánastofnanir	2.344	2.715	1.298	1.427	1.046	1.288
Einkaaðilar	167	730	743	1.475	-576	-745
Samtals	6.695	7.511	3.242	4.279	3.453	3.232



samanburðar eru sýndar tölur fyrir árið 1983, umreiknaðar til meðalgengis 1984. Samtals námu innkomin löng lán 7.511 m.kr., en afborganir 4.279 m.kr., þannig að nettólántökur til langs tíma námu 3.232 m.kr. samanborið við 3.453 m.kr. árið áður. Samkvæmt bráðabirgðatölum var heildarupphæð langra erlendra lána 52.289 m.kr. í árslok 1984 reiknað á gengi í árslok, en 42.564 m.kr. reiknað á meðalgengi ársins, og svarar það til 61,9% af vergri þjóðarframleiðslu, en það er hæsta hlutfall, sem verið hefur, og hækkaði úr 60,6% 1983. Auk vaxandi skuldsetningar hefur samdráttur þjóðarframleiðslu á árunum 1982 og 1983 haft veruleg áhrif til hækkunar skuldastöðuhlutfallsins, sem var á bilinu 31% til 37% af þjóðarframleiðslu á árunum 1975–1981. Einnig hafa áhrif hækkunar á verði erlends gjaldmiðils, einkum Bandaríkjadollars, leitt til hækkandi skuldastöðuhlutfalls. Greiðslubyrði af löngum lánum, það er afborganir og vextir, nam samkvæmt bráðabirgðatölum 24,3% af útflutningstekjum, og er það hæsta greiðslubyrðarhlutfall, sem verið hefur, og hækkaði úr 20,6% 1983. Línurit hér til hliðar sýnir skuldastöðu langra erlendra lána á meðalgengi hvers árs í hlutfalli af vergri þjóðarframleiðslu ásamt greiðslubyrði slíkra lána í hlutfalli af útflutningstekjum sl. tíu ár. Tafla III.9 sýnir stöðu langra erlendra lána í árslok 1980–1984 skipt á endanlega notendur þeirra eftir helstu atvinnugreinum og opinberum aðilum, þar sem frumlánum ríkissjóðs og lánastofnana er skipt á endanlega notendur lána.

Endurlánuð skammtímalán bankanna jukust um 1.423 m.kr. reiknað á meðalgengi 1984, þar af voru 1.166 m.kr. vegna afurðalána, en erlend lántaka viðskiptabanka til lána út á útflutningsafurðir hófst á seinni hluta árs 1984, en ætlunin er, að lán til útflutningsframleiðslu flytjist algerlega frá Seðlabankanum til viðskiptabankanna og þeir fái heimild til erlendar lántöku í því sambandi. Stutt vörukaupalán innflytjenda lækkuðu um 274 m.kr. reiknað á meðalgengi 1984, en ógreiddur útflutningur jókst um 97 m.kr. reiknað á sama hátt. Nettóinnstreymi á þessum mikilvægu liðum fjármagnsjafnaðarins, langtímalánum, endurlánuðum skammtímalánum bankanna, stuttum vörukaupalánum og ógreiddum útflutningi, nam 4.284 m.kr.

Tafla III.9. Löng erlend lán, flokkuð eftir endanlegum notendum.
(Staða í árslok í m.kr. á gengi í hver árslok)

	1980	1981	1982	1983	1984 ¹⁾
Opinber þjónusta . . .	581	1.027	2.075	4.662	9.512
Ríkissj. og stofnanir	518	949	1.878	4.349	9.005
Sveitarfélög . . .	63	78	197	313	507
Orkumál	2.819	3.901	9.808	18.240	24.368
Landsvirkjun . . .	1.568	2.356	5.384	10.420	14.178
Aðrar rafveitur . .	829	959	2.798	4.824	6.150
Hitaveitur	422	586	1.626	2.996	4.040
Sjávarútvegur	1.091	1.497	3.229	5.841	8.495
Iðnaður	491	699	1.689	2.966	2.901
Samgöngur	760	1.166	2.474	3.762	4.627
Aðrar	132	180	444	647	1.176
Lánastofnanir	—	—	148	217	1.210
Erlend lán alls	5.874	8.470	19.867	36.335	52.289

¹⁾ Bráðabirgðatölur.

Á öðrum liðum fjármagnsjafnaðarins, sem eru erlent einkafjármagn til atvinnurekstrar og ýmsar stuttar fjármagnshreyfingar að meðtöldum skekkjum og vantöldu nettó, var nettóútsreymi 389 m.kr. Í heild var nettóinnstreymi á fjármagnsjöfnuði 3.895 m.kr. eins og fyrir segir.


Tafla III.10. Staða þjóðarbúsins út á við í árslok.
(Í m.kr. á meðalgengi hvers árs)

	Löng erlend lán	Nettóskuld við útlönd	Staða í hlutfalli (%) af vergri þjóðarframl.		Greiðslubyrði (vextir og afb.) í % af úftlumingsst.
			Löng lán	Nettóskuld	
1975	673	727	34,9	37,7	14,2
1976	899	940	33,8	35,3	13,8
1977	1.206	1.206	31,6	31,6	13,7
1978	1.972	1.877	34,1	32,5	13,1
1979	2.931	2.725	34,7	32,2	12,9
1980	4.623	4.249	34,4	31,6	14,1
1981	7.523	6.525	36,7	31,8	16,4
1982	14.907	15.011	47,8	48,1	21,2
1983	32.126	31.121	60,6	58,7	20,6
1984 ¹⁾	42.564	43.508	61,9	63,3	24,3


¹⁾ Bráðabirgðatölur.

Nettóstaða þjóðarbúsins út á við

Nettóstaða þjóðarbúsins út á við samanstendur af öllum skuldum Íslands við önnur lönd, að frádrögnum erlendum eignum og öðrum kröfum á útlönd. Erlendri fjárfestingu í atvinnurekstri á Íslandi og íslenski fjárfestingu í atvinnurekstri erlendis er sleppt. Tafla III.10 sýnir, að nettóskuldir við útlönd námu 43.508 m.kr. í árslok 1984 reiknað á meðalgengi ársins, sem jafngildir 63,3% af vergri þjóðarframl. Þetta er hæsta nettóskuldastöðuhlutfall, sem verið



Gjaldeyrisstaða bankanna



Gjaldeyrisviðskipti

32

hefur, og hækkaði úr 58,7% 1983 og 48,1% 1982, en hafði þar áður haldist nálægt 32% um fimm ára skeið. Tafla III.10 sýnir einnig stöðu langra erlendra lána í hlutfalli af vergri þjóðarframleiðslu og má þar sjá, hve hlutfallið fer ört vaxandi á árunum 1982 og 1983, en nánar var rætt um það hér að framan. Að lokum er sýnd greiðslubyrði vaxta og afborgana af erlendum langtímalánum í hlutfalli af útflutningstekjum. Þetta hlutfall hefur farið hækkandi frá árinu 1979 og aldrei verið hærra en á sl. ári, en samkvæmt bráðabirgðatölum er það 24,3%.

Tafla III.11. Gjaldeyrisstaða bankanna.
(Í m.kr. á gengi í árslok 1984)

	1981	1982	1983	1984
Seðlabankinn:				
Gjaldeyrisforði	8.727	5.509	5.769	5.234
Gjaldeyris skuldir	1.166	2.195	2.368	3.074
Nettóstaða Seðlabankans	7.561	3.314	3.400	2.160
Viðskiptabankar nettó	194	411	-219	371
Gjaldeyrisstaða bankanna nettó	7.756	3.726	3.181	2.531

Tafla III.11 sýnir gjaldeyrisstöðu bankanna sl. fjögur ár, en þar eru tölur umreiknaðar úr erlendri mynt í íslenskar krónur á skráðu gengi í árslok 1984. Í 9. töflu í töfluviðauka hér aftan við er hins vegar að finna yfirlit yfir gjaldeyrisstöðu sl. tólf ár á því gengi, sem gilti á hverjum tíma. Í töflu III.11 kemur fram, að gjaldeyrisforði Seðlabankans nam 5.234 m.kr. í árslok 1984, sem svarar til 19,9% af f.o.b.-verði almenns innflutnings, og hafði lækkað úr 23,8% í árslok 1983. Á árinu 1984 rýrnaði gjaldeyrisforði Seðlabankans um 535 m.kr. reiknað á gengi í árslok, en jókst um 260 m.kr. 1983. Gjaldeyris skuldir Seðlabankans jukust um 706 m.kr. á árinu, þannig að nettóstaða Seðlabankans rýrnaði um 1.240 m.kr. reiknað á árslokagengi 1984. Gjaldeyrisstaða viðskiptabankanna batnaði um 590 m.kr. á árinu á móti 630 m.kr. rýrnun 1983, hvort tveggja reiknað á gengi í árslok 1984. Erlend lántaka viðskiptabankanna til endurlána vegna framleiðslu til útflutnings, sem hófst á síðari hluta ársins 1984, bætti gjaldeyrisstöðu bankanna, þar sem skuldir vegna slíkra lána eru ekki taldar með gjaldeyrisstöðuskuldum þeirra, en eru hins vegar taldar með endurlánuðum skammtímaskuldum bankanna, sem er sérstakur þáttur fjármagnsjafnaðar. Í árslok 1984 námu endurlánuð skammtímalán bankanna vegna afurðalána 1.392 m.kr. reiknað á árslokagengi. Gjaldeyrisstaða bankanna nettó rýrnaði um 650 m.kr. á árinu 1984, og nam nettóstaðan 2.531 m.kr. á skráðu gengi í árslok.

Tafla III.12 sýnir gjaldeyrisviðskipti bankanna, það er gjaldeyriskaup þeirra og gjaldeyris sölu í hverjum mánuði 1983 og 1984, og hafa tölur hvers mánaðar 1983 verið færðar til sambærilegs gengis viðkom-


Tafla III.12. Gjaldeyrisviðskipti bankanna.
(Í m.kr. í lok hvers mánaðar 1984)

	Keyptur gjaldeyrir		Seldur gjaldeyrir		Gjaldeyriskaup bankanna nettó	
	1983 ¹⁾	1984	1983 ¹⁾	1984	1983 ¹⁾	1984
Janúar	1.926	2.270	2.189	2.836	-263	-566
Febrúar	1.878	2.151	1.874	2.906	4	-755
Mars	2.189	2.610	2.638	2.509	-449	101
Apríl	2.453	2.797	2.535	2.488	-82	309
Mái	2.241	2.191	2.680	2.914	-439	-723
Júní	2.612	3.622	2.316	3.259	296	363
Júlí	2.557	3.333	2.327	3.686	230	-353
Ágúst	2.834	2.816	2.708	3.119	126	-303
Sept.	2.661	2.560	2.852	3.024	-191	-464
Okt.	2.747	3.561	2.519	2.255	228	1.306
Nóv.	4.132	4.770	3.619	4.239	513	531
Des.	4.555	5.185	4.793	4.815	-238	370
Samtals	32.785	37.866	33.050	38.050	-265	-184

¹⁾ Umreiknað til gengis viðkomandi mánaðar 1984 samkvæmt vísitölu landavogar.

andi mánaðar 1984. Á árinu í heild jukust gjaldeyriskaup bankanna um 15,5% miðað við árið áður og heildargjaldeyrissala um 15,2%, en í einstökum mánuðum var allmikill munur milli ára. Fram til haustsins 1982 höfðu aðeins tveir viðskiptabankar, Landsbanki og Útvegsbanki, heimild til gjaldeyrisviðskipta, en þá bættist Búnaðarbanki við og nýlega einnig þrír einkabankar, þannig að nú hafa sex bankar full gjaldeyrisréttindi, en auk þess hafa Alþýðubankinn og tólf sparisjóðir svonefnda takmarkaða heimild til gjaldeyrisviðskipta. Nánar er rætt um réttindi til gjaldeyrisviðskipta í X. kafla. Í V. kafla er rætt um innlenda gjaldeyrisreikninga og heimild, sem veitt var á árinu til þess að endurlána fé af þeim með gengisbindingu til innlendra aðila.

IV. FJÁRMÁL RÍKISSJÓÐS



Mun betra jafnvægi var á fjármálum A-hluta ríkissjóðs á árinu 1984 en árið áður. Bráðabirgðatölur sýna jákvæðan greiðslujöfnuð sem nemur 0,9% af þjóðarframleiðslu ársins samanborið við 2,2% greiðsluhalla á árinu 1983. Niðurstaðan varð mun betri en gert var ráð fyrir í upprunalegum fjárlögum og í endurskoðuðum fjárlögum í maí. Í upprunalegu fjárlögnum var gert ráð fyrir 406 m.kr. tekjuhalla og greiðslujöfnuði, sem stæði í járnum. Í maí var gert ráð fyrir, að tekjuhallinn yrði mun meiri eða 1.043 m.kr., og stafaði aukningin aðallega af meiri útgjöldum. Í maí var gert ráð fyrir, að minni innlendri fjáröflun, sem þá var fyrirsjáanleg, yrði mætt með auknum erlendum lántökum, þannig að greiðslujöfnuður stæði eftir sem áður í járnum. Tekjur ríkissjóðs urðu mun meiri en gert var ráð fyrir í maí eða sem nemur 2,2 milljörðum króna, og því varð tekjuafgangur samkvæmt bráðabirgðatölum á greiðslugrunni sem nam 783 m.kr. eða 1,1% af þjóðarframleiðslu ársins.

Meðfylgjandi línurit sýnir tekju- og greiðslujöfnuð ríkissjóðs í hlutfalli við þjóðarframleiðslu á árunum 1970–1984. Tekjur, gjöld og tekjujöfnuður eru hér mæld á svokölluðum greiðslugrunni, þ.e. tekjurnar eru mældar í samræmi við það, sem þær innheimtast, og gjöldin í samræmi við það, sem þau eru greidd. Tekjuafgangur á árinu 1984 varð 783 m.kr. samanborið við 2.313 m.kr. tekjuhalla á árinu 1983, sem var um 4,4% af þjóðarframleiðslu þess árs. Mælt á rekstrargrunni, en þá eru tekjur og gjöld mæld í samræmi við það, sem þau falla til og verða að kröfum, óháð því, hvenær þau eru greidd, nam tekjuhallinn á árinu 1983 1.435 m.kr. eða 2,7% af þjóðarframleiðslunni. Lánveitingar ríkissjóðs urðu mun meiri en afborganir skuldara ríkissjóðs, þannig að ústreymi vegna lánveitinga nettó nam 598 m.kr. Þar af voru hlutafjár- og stofnframlög 343 m.kr., eiginlegar lánveitingar voru 407 m.kr., en innkomnar afborganir námu 151 m.kr. Fjármagnsafgangur nam því 185 m.kr. Þetta er sú fjárhæð, sem ríkissjóður hafði til ráðstöfunar til að greiða niður útistandandi lán og standa skil á greiðslureikningum. Til viðbótar við þessa upphæð tók ríkissjóður lán utan Seðlabankans fyrir samtals 3.352 m.kr., en 2.543

m.kr. fóru til að greiða afborganir af eldri lánum. Útstreymi varð á liðnum lausaskuldir nettó, sem nam 355 m.kr., en þar er um að ræða ýmsa viðskiptareikninga, bráðabirgðalán, skuldir o.fl. Samtals varð því greiðsluafgangur sem nam 639 m.kr. Af því var 446 m.kr. ráðstafað til að bæta stöðuna við Seðlabankann, en bankainnstæður og sjóður jukust um 193 m.kr.

Tafla IV.1. Yfirlit um fjármál ríkissjóðs á greiðslugrunni.¹⁾
(Í milljónum króna)

	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984 ²⁾
1 Tekjur	1.543	2.378	3.681	5.993	9.577	15.144	20.747
2 Gjöld	1.611	2.467	3.766	6.075	9.379	17.457	19.964
3 Tekjuafg./halli (-) .	-68	-89	-85	-82	198	-2.313	783
4 Lánveitingar nettó	-23	-11	-8	-56	-532	-376	-598
41 Lánveit. og hlutafjár- framlög	24	14	10	61	586	758	750
42 Innkomnar afborganir	1	3	2	5	55	382	151
5 Fjármagnsafg./þörf (-)	-91	-100	-93	-138	-334	-2.689	185

Fjármögnun:

6 Lántökur utan Seðlab. nettó	57	41	83	179	652	1.484	809
61 Lántökur	77	..	137	334	926	2.659	3.352
62 Greiddar afborganir	20	..	54	155	274	1.175	2.543
7 Lausaskuldir nettó .	-4	82	72	144	-152	15	-355
8 Greiðslujöfnuður .	-38	23	62	185	166	-1.190	639
81 Gagnvart Seðlabanka	-46	22	45	164	124	-1.258	446
82 Bankainnst. og sjóður	8	1	17	21	42	68	193

Hlutfall af vergri þjóðar-
framleiðslu hvers árs (%)


1 Tekjur	26,7	28,1	27,4	29,2	30,7	28,6	30,2
2 Gjöld	27,9	29,2	28,0	29,6	30,1	32,9	29,0
3 Tekjuafg./halli (-) .	-1,2	-1,1	-0,6	-0,4	0,6	-4,4	1,1
4 Greiðslujöfnuður .	-0,7	0,3	0,5	0,9	0,5	-2,2	0,9

¹⁾ Skv. ríkisreikningi 1978–1983.

²⁾ Bráðabirgðatölur skv. mánaðaryfirlitum Ríkisbókhalds.

Þróunin innan ársins

Fjárlög voru afgreidd með tekjuhalla sem nam um 406 m.kr. Snemma árs gerði fjármálaráðherra grein fyrir, að þá stefndi í mikinn halla ríkissjóðs á árinu að óbreyttu. Þó var tekjuhallinn mánuðina janúar-apríl ekki nema 3,9% af gjöldum samanborið við 10% meðalhalla á árunum 1977–1982 og 13,8% halla 1983. En einnig lá fyrir, að vanta myndi á innlenda lánsfjáröflun, auk þess sem lánsfjárbörf jókst vegna fyrirhugaðrar skuldbreytingar í landbúnaði og sjávarútvegi. Allir þessir þættir mynduðu það, sem þá var kallað gat, en stærðargráða þess var áætluð 3 milljarðar króna eða um 4,5% af þá áætlaðri þjóðarframleiðslu ársins. Með lögum, settum í maí, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum var gripið til ráðstafana til að bæta úr fyrirsjáanlegri fjárvöntun á fjárlögum og lánsfjárlögum.




Þessar ráðstafanir voru einkum tvenns konar: Í fyrsta lagi niðurskurður á útgjöldum sem nam 920 m.kr., þar af 370 m.kr. niðurskurður frá samþykktum fjárlögum og 550 m.kr. niðurskurður á útgjaldatilifnum, sem síðar voru til komin; í öðru lagi heimildir til aukinnar erlendra lántöku sem nam 2.052 m.kr., þar af 1.222 m.kr. hjá ríkissjóði.

Ekki reyndist nauðsynlegt að nota nema hluta af þessum viðbótarheimildum, því að tekjuafgangur ríkissjóðs á seinni hluta ársins varð mun meiri en gert var ráð fyrir. Stafaði batinn af meiri tekjum ríkissjóðs. Umskiptin áttu sér stað í júlí, en þá varð 127 m.kr. tekjuafgangur hjá ríkissjóði. Í lok ágúst var hallinn frá áramótum nær horfinn, og í lok september var kominn 349 m.kr. tekjuafgangur frá áramótum. Í október varð aftur nokkur halli á ríkissjóði, þar sem tekjurnar minnkuðu mjög vegna verkfalls BSRB. Síðustu tvo mánuðina varð hins vegar töluverður tekjuafgangur eða 664 m.kr. í nóvember og 321 m.kr. í desember. Tekjuafgangurinn frá upphafi til loka ársins varð þannig alls 783 m.kr.

Þróun ríkisfjármálanna á síðari hluta ársins á tvímælalaust rætur að rekja til þess, að efnahagssamdrættinum, sem hófst hér á landi á árinu 1982, lauk um eða fyrir mitt árið 1984. Þar við bætist, að innlend eftirspurn var mikil miðað við þjóðarframleiðslu, eins og sést á viðskiptahalla á árinu. Báðir þessir þættir juku tekjur ríkissjóðs, einkum á seinni hluta ársins.

Fyrirgreiðsla Seðlabankans




Árstíðabundinn halli ríkissjóðs var að venju fjármagnaður með yfirdrætti á viðskiptareikningum ríkissjóðs í Seðlabankanum. Til loka apríl jókst yfirdrátturinn um 885 m.kr., en greiðsluhreyfingin gagnvart Seðlabankanum var samtals 905 m.kr. Mismunurinn skýrist af skuldabréfum að upphæð 20 m.kr., sem Seðlabankinn keypti af Útvegsbankanum í mars og A-hluti ríkissjóðs er skuldari á. Í lok maí var gengið frá skuldabréfi, sem Seðlabankinn keypti af ríkissjóði, að upphæð 678 m.kr. Með þessu skuldabréfi var yfirdrætti á viðskiptareikningum ríkissjóðs í Seðlabankanum um áramót, ásamt vöxtum frá áramótum, breytt í skuldabréfalán til fjögurra ára, sem er afborgunarlaust fyrsta árið. Ríkissjóður greiddi engar afborganir af skuldabréfum í Seðlabankanum á árinu. Fyrir áramótin hafði verið gert samkomulag um þetta vegna fyrirsjáanlega erfiðrar stöðu ríkissjóðs á árinu. Skuldabréfið í maí bætti mjög stöðuna á viðskiptareikningunum, og í lok júní var hreyfingin á viðskiptareikningum frá áramótum orðin jákvæð, og hélst svo út árið.

Fyrirgreiðsla Seðlabankans við ríkissjóð má mæla með ýmsum hætti, en oftast nær hefur hún verið mæld með því að líta á, hver skuld ríkissjóðs við Seðlabankann hefur að meðaltali verið á hverju tímabili umfram það, sem hún var í upphafi tímabilsins. Á árinu 1984 nam þessi fyrirgreiðsla 708 m.kr., sem þýðir, að meðaltalsskuld á hverjum degi á árinu var 708 m.kr. hærrí en í upphafi ársins. Þetta er því mælikvarði á meðalpeningaústreymi frá Seðlabanka til A-hluta ríkissjóðs á árinu. Þessi fyrirgreiðsla nam um 1,03% af þjóðarframleiðslu ársins samanborið við 2,33% 1983. Fyrirgreiðslan fyrri hluta ársins var með mesta móti eins og sést á meðfylgjandi línuriti, sem sýnir fyrirgreiðsluna mánuð fyrir mánuð í samanburði við sömu mánuði næstu fimm ár á undan. Frá og með júlí dró mjög úr fyrirgreiðslunni.

Tafla IV.2. Fyrirgreiðsla Seðlabankans við ríkissjóð.
(Meðaltal á árinu)

	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984
Í m.kr.	95	123	109	231	272	1.231	708
Hlutfall af VPF (%) . . .	1,64	1,45	0,81	1,13	0,87	2,33	1,03

Skuldir við Seðlabankann




Kröfur Seðlabankans á A-hluta ríkissjóðs minnkuðu um 228 m.kr. á árinu. Án endurmats á skuldabréfum og gjaldeyrisreikningi ríkissjóðs minnkuðu kröfurnar um 495 m.kr. Í árslok nam skuld A-hluta ríkissjóðs við Seðlabankann 1.207 m.kr., sem á meðalverðlagi ársins nemur 1,6% af þjóðarframleiðslu. Til samanburðar má geta þess, að skuld ríkissjóðs nam 2,3% af þjóðarframleiðslu 1983, 0,4% 1982 og 0,9% 1981. Meðfylgjandi línurit sýnir, hvernig skuld A-hluta ríkissjóðs hefur þróast á árunum 1975–1984, en skuldin hvert ár er mæld á verðlagi í lok ársins 1984. Myndin sýnir, að skuldin lækkaði á árunum 1979 til 1982 vegna hagstæðrar afkomu ríkissjóðs og rýrnunar á skuldinni vegna verðbólgu og neikvæðra raunvaxta. Nam lækkunin um 2,7 milljörðum króna á föstu verðlagi. Á árinu 1983 jókst skuldin síðan aftur um 1,4 milljarða króna, en minnkaði 1984 um 507 m.kr.

Þróun tekna og gjalda


Tekjur ríkissjóðs á greiðslugrunni námu um 30,2% af vergri þjóðarframleiðslu og gjöldin 29,0%. Tekjurnar jukust um 37% frá 1983, sem er um 12% raunaukning, ef miðað er við verðvísitölu samneyslu, en um 9%, ef miðað er við verðvísitölu vergrar þjóðarframleiðslu. Aukning óbeinna skatta var mun meiri en aukning beinna skatta eða 39% á móti 21%. Söluskattur og orkujöfnunargjald jukust um 37% og aðflutningsgjöld um 40%. Tekjurnar jukust sem hlutfall af þjóðarframleiðslu frá árinu áður eins og meðfylgjandi línurit sýnir. Gjöldin féllu hins vegar sem hlutfall af þjóðarframleiðslu, enda drögust útgjöldin saman um 1,6% að raungildi miðað við verðlag sam-

neyslu. Þetta eru mikil umskipti frá árinu áður, þegar útgjöldin jukust um nær 8% að raungildi. Samdráttur útgjalda á við þann, sem átti sér stað á árinu 1984, hefur ekki átt sér stað síðan á árunum 1975 til 1976. Af einstökum útgjaldaflokkum varð einna mestur samdráttur í niðurgreiðslum, sem minnkuðu um 222 m.kr. í krónum talið og um nær 40% að raungildi miðað við vísitölu framfærslukostnaðar. Útgjöld til atvinnumála minnkuðu um 3,2% að raungildi, útgjöld til heilbrigðismála um nær 5%, útgjöld við æðstu stjórn ríkisins, dómstóla og utanríkisþjónustu um 7%, en útgjöld til velferðarmála jukust um 2,5%.



Tekjuhalli á árinu 1983 breyttist í tekjuafgang á árinu 1984, bæði vegna aukningar þjóðarframleiðslu og þjóðarútgjalda og vegna stefnunnar í ríkisfjármálum sem slíkrar. Ekki er auðvelt að greina þarna á milli, en eftirfarandi dæmi ætti að gefa nokkra vísbendingu: Ætla má, að tekjur ríkissjóðs standi í nánara sambandi við þjóðarútgjöld en þjóðarframleiðslu. Á árinu 1984 voru tekjur ríkissjóðs 28,7% af þjóðarútgjöldum án birgðabreytinga, en 27,4% árið áður. Þjóðarútgjöld án birgðabreytinga eða endanleg verðmætaráðstöfun jókst um 3,5% milli árána 1983 og 1984. Spyrja má, hverjar tekjur og tekjuafgangur ríkissjóðs hefðu orðið, ef þessi aukning hefði ekki komið til, en tekjurnar verið sama hlutfall af endanlegri verðmætaráðstöfun og raunin varð á árinu. Í þessu tilfalli hefðu tekjurnar numið 20.019 m.kr. í stað 20.747 m.kr., og tekjuafgangurinn hefði ekki orðið nema 55 m.kr. Jöfnuður tekna og gjalda ríkissjóðs batnaði um 2.281 m.kr. milli árána 1983 og 1984. Er þá miðað við greiðslugrunn samkvæmt mánaðaryfirlitum ríkisbókhalds fyrir bæði árin til að gæta fyllsta samanburðar, en í töflu IV.1 er stuðst við ríkisreikning fyrir árið 1983. Samkvæmt ofangreindu dæmi stafa 728 m.kr. af þessari bötnun eða um þriðjungur af aukinni innlendri eftirspurn, en 1.553 m.kr. eða 2/3 stafa af stefnunni í ríkisfjármálum og öðrum þáttum.

Lánsfjárætlun



Lánsfjáröflun ríkissjóðs á árinu 1984 einkenndist annars vegar af lítilli innlendri lánsfjáröflun vegna mikillar innlausnar spariskírteina og hins vegar af miklum erlendum lántökum. Innlend fjáröflun nam ekki nema 239 m.kr. eða 0,3% af þjóðarframleiðslu samanborið við 673 m.kr. eða 1,3% af þjóðarframleiðslunni 1983, sem þó var langt frá því að vera gott ár í þessum efnum. Erlendar lántökur námu 2.653 m.kr. eða 3,9% af þjóðarframleiðslu. Frá því að farið var að gera lánsfjárætlun með núverandi hætti eða 1976 hefur erlend lántaka A- og B-hluta ríkissjóðs aldrei verið meiri í hlutfalli við þjóðarframleiðslu eða sem hlutfall af heildarlánsfjáröfluninni. Þau ár, sem næst komast, eru næstu tvö ár á undan, en 1983 nam erlenda lántakan

2,3% af þjóðarframleiðslunni og 2,5% 1982. Erfið lausafjárstaða einstaklinga og fyrirtækja og samkeppni bankanna við ríkissjóð um sparifé hafa sjálfsgagt valdið miklu um mikla innlaun spariskírteina og litla innlenda fjáröflun ríkissjóðs.

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri lánsfjáráætlunar námu lántökur A- og B-hluta ríkissjóðs, þ.e. ráðuneytanna og tengdra stofnana annars vegar og ríkisfyrirtækja og sjóða hins vegar, um 2.892 m.kr. Heildarlánsfjáröflun til opinberra framkvæmda nam því 4,2% af þjóðarframleiðslu eða hærrí upphæð en nokkru sinni síðan farið var að gera lánsfjáráætlun í núverandi mynd. Mest hafði lánsfjáröflunin áður orðið 4%, 1982, en 1983 nam hún 3,6 af þjóðarframleiðslunni. Hér eru Bygðasjóður og Byggingarsjóður ríkisins ekki taldir með, þótt þeir séu B-hluta stofnanir, þar sem þeir teljast til fjárfestingarlánasjóðanna, og er fjallað um þá með þeim. Bygðasjóður fékk 120 m.kr. í erlendu lánsfé, og Byggingarsjóður ríkisins fékk 677 m.kr., þar af 200 m.kr. af spariskírteinafé, 464 m.kr. í erlendum lánum og 13 m.kr. af innstæðu Endurlána ríkissjóðs í Seðlabankanum í byrjun ársins.

Tafla IV.3. Lánsfjármögnun framkvæmda ríkisins.
(Í milljónum króna)

	1979	1980	1981	1982	1983	1984 ¹⁾
Ríkissjóður alls	225	396	652	1.259	1.890	2.892
A-hluti	57	128	239	317	535	1.937
B-hluti	168	268	413	942	1.355	955
Bygðalínur	35	52	68	112	—	—
Aðrar orkuframkvæmdir	65	100	188	304	233	195
Fjármagnskostnaður	—	42	56	277	743	328
Annað	68	74	101	249	379	432
Fjármögnun	225	396	652	1.259	1.890	2.892
Innlend fjáröflun	81	250	318	459	673	239
Spariskírteini, ný útgáfa	65	70	50	132	101	374
Innheimt af endurlánuðu sparisk.fé umfram innlaun	6	98	110	114	360	-517
Verðbréfa kaup bankakerfis	—	37	76	70	19	—
Verðbréfa kaup lífeyrissjóða	—	12	57	55	87	127
Önnur innlend fjáröflun	10	33	26	88	106	255
Erlend lán	144	146	334	800	1.217	2.653

¹⁾ Bráðabirgðatölur.

Tafla IV.3 sýnir uppgjör lánsfjáráætlunar ríkisins árin 1979–1984, og tafla IV.4 sýnir lánsfjáráætlun ríkisins 1984, breytingar hennar og bráðabirgðaniðurstöður. Eins og kemur fram í töflu IV.4 var heildarlánsfjáröflunin 367 m.kr. umfram það, sem gert var ráð fyrir í upprunalegum lánsfjárlögum. Hins vegar var ríkissjóði aflað viðbótarlántökuheimilda með lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum, sem þingið afgreiddi um vorið, sem voru

Tafla IV.4. Lánsfjárátætlun ríkisins 1984.
(Í milljónum króna)

	Láns- fjárlög	Breyt- ingar	Bráða- birgða- útkoma
Ríkissjóður alls	2.525	367	2.892
A-hluti	1.550	387 ¹⁾	1.937
B-hluti	975	-20	955
Bjargráðasjóður	60	-31	29
Landakaup kaupst. og kaupst.	1	-1	-
Byggingarsjóður rannsóknarst. atvinnuveganna	14	-	14
Lánasjóður ísl. námsmanna	258	-	258
RARIK – almennar framkvæmdir	168	-	168
Kröfluvirkjun – fjármagnsútgjöld	358	-30	328
Orkusjóður – hitaveitulán	10	-	10
Orkusjóður – jarðhitaleit	10	-	10
Orkusjóður – sveitarafvæðing	7	-	7
Póstur og sími, sjálfvirkur sími	-	42 ²⁾	42
Flugstöð í Keflavík	89	-	89
Fjármögnun alls	2.525	367	2.892
Innlend fjáröflun	945	-706	239
Útgáfa spariskírteina	200	174	374 ³⁾
Innheimtufé spariskírteina	637	264 ⁴⁾	901
- Innlausn spariskírteina	-170	-1.248	-1.418
Verðbréfakaup lífeyrissjóða	120	7	127
Önnur innlend fjáröflun	158	97	255 ⁵⁾
Erlend lán	1.580	1.073 ⁶⁾	2.653

¹⁾ Með lögum nr. 43/1984, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum, voru A-hluta ríkissjóðs veittar viðbótarheimildir til lántöku alls 713 m.kr. án fjáröflunar til húsnæðiskerfisins.

²⁾ Þar af 30 m.kr. vegna lántökuheimildar í lögum nr. 32/1981, um lagningu sjálfvirks síma, og 12 m.kr. vegna skuldbreytingar eldri lána.

³⁾ Þar af voru seld spariskírteini fyrir 265 m.kr. til þeirra, sem innleystu gömul spariskírteini eftir 10. september.

⁴⁾ A-hluti ríkissjóðs greiddi þessa upphæð í lok ársins til að greiða meiri innlausn á árinu en sala spariskírteina og annað innheimtufé gaf í aðra hönd.

⁵⁾ Ríkisvixlar gáfu 47 m.kr. yfir árið, lántökur í tengslum við ýmis eignakaup ríkisins námu 158 m.kr., og innstæður viðskiptareikninga endurlána ríkissjóðs í Seðlabankanum minnkuðu um 50 m.kr.

⁶⁾ Með lögum nr. 43/1984, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum, voru ríkissjóði veittar viðbótarheimildir til erlendar lántöku að upphæð 1.222 m.kr.

langt umfram þessa upphæð. Þar var einungis um auknar erlendar lántökur að ræða, en þær námu 1.222 m.kr., þar af 190 m.kr. til húsnæðiskerfisins, 11 m.kr. til Hitaveitu Rangæinga og 1.021 m.kr. til ríkissjóðs. Eins og kemur fram í töflu IV.4 urðu erlendar lántökur 2.653 m.kr. og 1.073 m.kr. umfram upprunalega lánsfjárátætlun. Erlendu lántökurnar urðu því nokkurn veginn í samræmi við áætlanina frá því í maí, þrátt fyrir að innlenda lánsfjáröflunin yrði mun

minni en þá var gert ráð fyrir. Skýrist það af betri stöðu ríkissjóðs á árinu en útlit var fyrir á fyrri hluta ársins, eins og bent hefur verið á hér að framan.

Innlend lánsfjáröflun nam ekki nema 239 m.kr., sem er 706 m.kr. minna en áætlað var í lánsfjáráætlun. Innlenda lánsfjáröflunin nam því ekki nema um 0,3% af þjóðarframleiðslu ársins samanborið við 1,3% 1983 og 1,4% að meðaltali á árunum 1976–1983. Hún var ekki nema 8,3% af lánsfjáröfluninni í heild samanborið við 35,6% 1983 og 44,1% að meðaltali á árunum 1976–1983. Að vísu er þess að geta, að hér er ekki talin með sala spariskírteina fyrir 200 m.kr., sem rann til Byggingarsjóðs ríkisins, en að henni meðtalinni varð innlenda lánsfjáröflunin samt ekki nema 0,6% af þjóðarframleiðslunni.

Spariskírteini voru seld fyrir 574 m.kr. samanborið við 101 m.kr. 1983 og 132 m.kr. 1982. Þar af runnu 200 m.kr. til Byggingarsjóðs ríkisins eins og áður sagði. Seld voru spariskírteini fyrir 265 m.kr. til þeirra, sem innleystu spariskírteini með gjalddaga í september. Þessi skírteini voru með betri kjörum en þau, sem voru seld fyrr á árinu, þ.e. með 8% raunvöxtum. Innheimtar afborganir af endurlánuðu spariskírteinafé námu 901 m.kr., en þar af voru 264 m.kr. greiddar af A-hluta ríkissjóðs um áramótin til að jafna halla á endurlánareikningum vegna mikillar innlausnar spariskírteina á árinu. Ein meginástæða þess, að innlenda fjáröflunin brást, var mjög mikil innlausn spariskírteina á árinu. Innlausnin nam 1.418 m.kr., en í lánsfjáráætlun hafði innlausnin verið áætluð 170 m.kr. Meirihluti innlausnarinnar átti sér stað á haustmánuðum. Áður en innlausn hófst á þeim flokkum, sem gjalddaga höfðu í september, hafði verið innleyst fyrir 506 m.kr., en frá 10. september til loka ársins var innleyst fyrir 912 m.kr. Til samanburðar má geta þess, að 1983 voru spariskírteini innleyst fyrir 67 m.kr., 1982 fyrir 144 m.kr. og 1981 fyrir 60 m.kr. Vegna þessarar miklu innlausnar myndaðist mikil skuld á viðskiptareikningum Endurlána ríkissjóðs í Seðlabankanum. Frá lokum ágúst til loka nóvember versnaði staðan á endurlánareikningunum um 778 m.kr., en rúmlega 90 m.kr. innstæða var á reikningunum í lok ágúst. Staðan batnaði nokkuð í desember, en þó var um 517 m.kr. skuld á þessum reikningum í lok ársins, sem var jöfnuð m.a. með greiðslum frá A-hluta ríkissjóðs. Þessar greiðslur A-hlutans inn á endurlánareikningana urðu þess valdandi, að 916 m.kr. innstæða á viðskiptareikningum A-hlutans í Seðlabankanum eftir lokun á gamlársdag minnkaði töluvert eftir endanlegar færslur, sem fara fram í byrjun janúar. Vaxandi skuld á endurlánareikningum olli peningaústreymi úr Seðlabankanum og vó á móti áhrifum betri stöðu A-hluta ríkissjóðs.

Ríkisskuld

Af 2.892 m.kr. heildarlánsfjáröflun fór stærstur hlutinn eða 1.937 m.kr. til A-hluta ríkissjóðs. B-hlutinn fékk í sinn hlut 955 m.kr. Stærsti einstaki liðurinn hjá B-hlutanum voru fjármagnsútgjöld Kröfluvirkjunar eða 328 m.kr. Til Lánasjóðs íslenskra námsmanna runnu 258 m.kr., til almennra framkvæmda Rafmagnsveitna ríkisins fóru 168 m.kr., og 89 m.kr. fóru til flugstöðvar í Keflavík. Á undanförnum árum hafa orkuframkvæmdir og fjármagnskostnaður vegna þeirra verið stórir liðir í lánsfjármögnun ríkisframkvæmda. Þessir liðir voru minni á árinu 1984 en næstu ár á undan. Á árinu nam fjármagnskostnaðurinn 328 m.kr. eða 0,5% af þjóðarframleiðslu samanborið við 743 m.kr. 1983 eða 1,4% af þjóðarframleiðslu og 277 m.kr. 1982 eða 0,9% af þjóðarframleiðslu. Lánsfjármagn til orkuframkvæmda B-hluta ríkissjóðs, en Landsvirkjun telst ekki til hans, að frátöldum byggðalínum, hefur minnkað úr 1% af þjóðarframleiðslu 1982 í 0,3% 1984.

Skuldir ríkisins, þ.e. bæði A- og B-hluta ríkissjóðs, hafa farið mjög vaxandi á undanförunum árum. Þessi þróun sést vel á töflu IV.5., en þar kemur fram, að ríkisskuldin hefur vaxið úr 7,8% af vergri þjóðarframleiðslu í 30,6% á árinu 1983. Upplýsingar fyrir 1984 liggja ekki fyrir, en ekki er útlit fyrir, að ríkisskuldin hafi vaxið svo neinu teljandi nemi í hlutfalli við þjóðarframleiðslu á árinu. Afgangur varð á A-hluta ríkissjóðs, afborganir voru miklar, m.a. vegna mikillar innlausnar spariskírteina, lántökur B-hlutans voru mun minni en árið áður, og þjóðarframleiðsla jókst.

Á föstu verðlagi jókst ríkisskuldin að meðaltali um 17,6% á ári 1974

Tafla IV.5. Staða ríkisskulda í árslok.¹⁾

M.kr.	Samtals A- og B-hluti				Nettó- skuld A-hluta ²⁾	Nettó- skuld B-hluta 1983 ³⁾	Samtals á föstu verðlagi 1983 ³⁾	Hlutfall af þjóðar- fram- leiðslu ⁴⁾
	Inn- lendar- skuldir ²⁾	Er- lendar skuldir	Veitt lán	Nettó- skuld (4)=(1) +(2)-(3)				
1974 . .	(1) 145	(2) 211	(3) 224	(4) 132	(5) 84	(6) 48	(7) 4.485	(8) 7,8
1975 . .	272	375	342	305	174	131	7.473	14,0
1976 . .	359	521	442	438	214	224	8.185	14,5
1977 . .	473	795	648	620	297	323	8.512	13,8
1978 . .	714	1.391	976	1.129	515	614	10.946	17,1
1979 . .	1.059	1.981	1.414	1.626	829	797	9.948	15,3
1980 . .	2.079	3.459	2.232	3.306	1.233	2.073	12.774	19,5
1981 . .	3.465	4.864	3.866	4.463	1.696	2.767	12.061	18,3
1982 . .	6.257	11.829	7.937	10.149	2.829	7.320	17.096	26,0
1983 . .	12.046	22.262	14.942	19.366	7.488	11.878	19.366	30,6

¹⁾ Skv. ríkisreikningi.


²⁾ Að meðtöldum yfirdrætti umfram innstæður A-hluta ríkissjóðs í Seðlabankanum.

³⁾ Fært til verðlags í árslok 1983 með rétt tímasettri lánskjaravísitölu.

⁴⁾ Fært til meðalverðlags hvers árs með framfærsluvísitölu.

til 1983 og rúmlega fjórfaldaðist að raungildi. Aukningin var mun meiri hjá B-hlutanum. Í upphafi tímabilsins var B-hlutinn með rúmlega þriðjung nettóskuldarinnar, en um þrjá fimmtu hluta hennar í lok þess. Hlutur erlendu skuldanna hefur ekki vaxið svo tiltakanlega mikið eða úr 59% brúttóskuldarinnar í upphafi tímabilsins í 65% í lok þess. Athyglisvert er, að ríkisskuldin eykst mikið á árinu 1980 og aftur 1982, þrátt fyrir að bæði þessi ár hafi sýnt nokkuð hagstæða útkomu A-hluta ríkissjóðs, sbr. töflu IV.1. Bæði árin stafar aukningin af miklum lántökum B-hluta ríkissjóðs, enda fer hlutdeild B-hlutans í heildarskuldinni upp fyrir 70% á árinu 1982, en lækkar síðan aftur á árinu 1983. Bæði þessi ár er mikil fjárfesting í gangi hjá B-hlutanum, sérstaklega á sviði orkumála. Þessi þróun sýnir þó ótvírætt, að ekki nægir að horfa aðeins á afkomu A-hlutans, þegar áhrif ríkisfjármálanna á þjóðarbúskapinn eru metin.

V. PENINGAMÁL



Árið 1984 var viðburðaríkt í peningamálum, hvort heldur litið er til framvindu einstakra stærða eða aðgerða stjórnvalda. Aukning útlána og peningamagns varð mun meiri en svarar tekju- og verðlagsbreytingum, sem vafalaust hefur ýtt undir almenna eftirspurn. Þrátt fyrir verulega hækkun raunvaxta dró ekki úr lánsfjárefitirspurn og útlán jukust mun meira en innlán, sem leiddi til rýrnunar á lausafjárstöðu innlánsstofnana. Framan af árinu rýrnaði staðan gagnvart erlendum bönkum, en þangað sóttu tveir ríkisviðskiptabankar veruleg yfirdráttarlán. Aukning flestra stærða í peningamálum hjáðnaði stig af stigi frá miðju ári 1983 og fyrstu mánuði ársins 1984, en tók að vaxa á ný eftir breytingar í launa- og gengismálum síðustu mánuðina. Samkvæmt reikningum bankakerfisins jukust útlán um tæp 40% árið 1984 samanborið við 89% árið 1983, þegar með eru talin lán Seðlabanka til ríkis og sjóða svo og erlend lán, sem bankar hafa endurlánað. Þar af jukust lán Seðlabankans til annarra en innlánsstofnana um 54% og útlán innlánsstofnana um tæp 46% á árinu 1984. Sá hluti ráðstöfunarfjár bankakerfisins, sem fólgin er í peningamagni og innlendu sparifé, jókst um 34%, en erlend lán bankanna, sem ekki eru talin í gjaldeyrisstöðu, jukust um 2.810 m.kr. eða 34,8%. Misvægið milli ráðstöfunarfjár bankakerfisins af innlendum toga annars vegar og útlána hins vegar kom ekki aðeins fram í miklum erlendum lánnum utan gjaldeyrisstöðu, heldur og í rýrnun gjaldeyrisstöðunnar, svo sem fram kemur í kaflanum um greiðslujöfnuð. Hækkun peningamagns og sparifjár um 34% er afar mikil, þegar hún er borin saman við tekju- og verðlagsbreytingar. Að meðaltali árið 1984 svaraði peningamagn og sparifé til 34,4% af þjóðarframleiðslu borið saman við 29,9% árið áður. Hefur hlutfall þetta ekki verið hærra síðan árið 1972. Rýrnun gjaldeyrisstöðunnar og erlend skuldaféfnun bankanna verða því ekki rakin til lítils peningalegs sparnaðar, heldur eingöngu til óhóflegrar útlánaaukningar.

Áður en nánari grein er gerð fyrir framvindu einstakra liða í reikningum innlánsstofnana og Seðlabankans, skal vikið að ráðstöfunum í vaxtamálum, sem mikinn svip settu á peningamálin á árinu.

Vaxtamál

Vaxtamálin tóku á sig óvenjulega mynd upp úr miðju ári 1983, þegar verðbólga hjaðnaði snögglega úr því að vera um eða yfir 100% í 12–15%, sem hún var á fyrri hluta árs 1984. Nafnvextir óverðtryggðra skuldbindinga voru lækkaðir á tímabilinu september 1983 til janúar 1984, eftir að verðbólga tók að lækka, t.d. þannig, að ávöxtun algengra bankalána lækkaði úr 52,5% í um 22%, en með hjöðnun verðbólgunnar hækkudu raunvextir verulega.

Árið 1984 voru stigin skref, sem ætla má að færi vexti í áttina að markaðsvöxtum, þ.e. þeim vöxtum, sem hér yrðu án beinna opinberra afskipta. Hugmyndir um, að vextir ráðist af markaðsaðstæðum í stað þess að vera ákveðnir af stjórnvöldum, komust m.a. í lög síðla árs 1983 (nr. 79/1983), er Alþingi heimilaði fjármálaráðherra að selja ríkisvixla á uppboði – veitti með öðrum orðum undanþágu frá lögum um bann við okri nr. 58/1960. Slíkir vixlar voru boðnir til sölu mánaðarlega í mars-nóvember 1984, 30 milljónir í hvert sinn. Stöðu vonir til þess í fyrstu, að draga mætti ályktanir um markaðsvexti af tilboðunum. Í mars hefði meðalávöxtun heildarfjárhæðarinnar orðið 26,5%, en það var 4,4% ofan við algenga vexti bankalána (skuldabréfa). Áskilinn réttur til að hafna tilboðum var nýttur, þannig að seldir voru vixlar fyrir 19 m.kr., og nam meðalávöxtun þeirra 25,7%. Þegar líða tók á árið, er líklegt, að vísbendingargildi þessara talna hafi rýrnað, m.a. vegna þess að ríkissjóður var ekki skuldbundinn til að taka tilboðum að ákveðnu marki. Verulega dró úr áhuga á ríkisvixlum, og náðu tilboðin ekki útboðsfjárhæð síðustu mánuðina. Þeir urðu heldur ekki snar þáttur í fjármögnun ríkishallans, sem jafnan myndast innan ársins, þar sem útboð hverju sinni voru lág í samanburði við hann. Það verður því ekki sagt, að þetta stjórnþæki, sem nauðsynlegt þykir í hagkerfum, þar sem aðhald í peningamálum er sett ofar á lista markmiða en lágir vextir, hafi náð fótfestu hér enn sem komið er.

Tafla V.1. Yfirlit yfir tilboð og sölu ríkisvixla 1984.


	Útboð	Nafnverð í millj. kr.		Meðalávöxtun í % á ári	
		Sala	Staða í lok mán.	seldra vixla	tilboða í allt að 30 m.kr.
1984 Mars	30	19,0	19,0	25,7	26,5
Apríl	30	28,5	47,5	26,0	26,0
Maí	30	26,0	73,5	26,0	26,1
Júní	30	30,0	84,5	25,7	25,7
Júlí	30	30,0	86,0	25,6	25,6
Ágúst	30	19,5	79,5	25,8	26,5 ¹⁾
September	30	9,0	58,5	27,8	28,2 ²⁾
Október . . .	30	21,0	49,5	27,7	27,7 ³⁾
Nóvember	30	25,5	55,5	27,8	28,1 ⁴⁾
Desember	0	0,0	46,5
1985 Janúar . .	0	0,0	25,5

Tilboð bárust í: ¹⁾ 24,0 m.kr.; ²⁾ 16,2 m.kr.; ³⁾ 21,8 m.kr.; ⁴⁾ 26,5 m.kr.

Í febrúarmánuði veitti Seðlabankinn innlánsstofnunum heimild til að ákveða sjálfar kjör innlána, sem bundin eru til minnst 6 mánaða, svo og kjör á millibankalánum. Varð það til þess, að þær buðu til sölu innláns-skírteini og fleiri innlánsform með betri kjörum en áður. Í ágúst fengu svo innlánsstofnanir mun rýmri heimild, því að samkvæmt henni skyldu þær ákveða sjálfar og hver um sig alla vexti aðra en vexti almennra sparibóka, endurseljanlegra afurðalána og vanskilavexti. Seðlabankinn ákvað ennfremur, að innlánsstofnanir fengju ekki rétt til að ákveða vexti skuldabréfa, útgefinna fyrir 11. ágúst 1984. Seðlabankinn hækkaði vexti almennra sparibóka úr 15% í 17% hinn 11. ágúst, og í kjölfarið hækkuðu innlánsstofnanir sína vexti um 2–7%. Seðlabankinn, sem áskildi sér rétt til að hnekkja ákvörðunum innlánsstofnana, hafnaði engri tillögu að þessu sinni. Urðu vextirnir mismunandi eftir bönkum, en frekari breytingar næstu daga og vikur leiddu til nokkurrar samræmingar. Svo að tekin séu dæmi, varð ávöxtun 2 mánaða víxla um 26%, en hún hafði verið tæp 21%, og ávöxtun almennra skuldabréfa hækkaði úr 22,1% í 26,7%.

Hinn 1. janúar 1985 gengu í gildi nýjar ákvarðanir um vexti, sem fólu í sér, að um sinn voru heimildir innlánsstofnana til vaxtaákvæðana takmarkaðar, því að Seðlabankinn tók ákveðnari forystu um útláns-vexti en í ágústbreytingunni. Með breytingunni um áramótin voru nafnvextir óverðtryggðra inn- og útlána færðir í átt að því verðbólgu-stigi, sem spratt af kauphækkunum og gengisfellingu í nóvember, og vextir verðtryggðra útlána lækkaðir nokkuð. Enda þótt um væri að ræða umtalsverða hækkun nafnvaxta, eins og fram kemur í annál og vaxtaylorlitum hér aftar í skýrslunni, var ljóst, að vextir yrðu um sinn lágir í samanburði við verðbólguölduna, sem snögglega reis undir lok ársins 1984. Meðfylgjandi mynd af verðbólgu-stigi og vöxtum sýnir þetta ekki, því að þar er dregin upp meðaltalsverðbólga á 12 mánuðum í senn. Sá samanburður sýnir, að raunvextir algengra bankalána hafa verið allhár um eins árs skeið fram undir mitt ár 1984. Þá lækkuðu þeir og urðu neikvæðir, jafnvel eftir hækkunina í ágúst. Breytingin 1. janúar 1985 fól í sér jákvæða raunvexti á ný samkvæmt þessum mælikvarða.

Við hækkun raunvaxta frá haustinu 1983 urðu hlutverkaskipti með verðtryggðum og óverðtryggðum skuldbindingum, þar sem kjör hinna síðarnefndu urðu skyndilega betri. Sparifjáreigendur brugðust við með því að færa mikið fé af verðtryggðum sparireikningum á óverðtryggða. Mánuðina september 1983 til apríl 1984 fluttu þeir féð einkum í almennar sparibækur, þannig að hlutfall óbundins sparifjár stórhækkaði. Næstu mánuði festu þeir allmikið í 6 mánaða innláns-skírteinum, sem ekki voru verðtryggð með vísitölu, heldur báru all-



háa vexti. Með þessu virtust sparifjäreigendur treysta því, að verðbólga yrði lítil a.m.k. um sinn. Skjót viðbrögð sparifjäreigenda ollu því, að mikið misvægi myndaðist milli verðtryggðra eigna og skulda innlánsstofnana, sem hafði slæm áhrif á rekstrarafkomu þeirra fyrri hluta árs 1984. Verðtryggðu skuldirnar (þ.e. innlánin) lækkuðu, en verulegar fjárhæðir, bundnar í verðtryggðum útlánunum, ávöxtuðust skyndilega illa hjá innlánsstofnunum í samanburði við fjármagnskostnað. Til að jafna efnahag sinn á ný hættu innlánsstofnanir að veita verðtryggð lán, en lögðu áherslu á hin óverðtryggðu, og kann viðleitnin til að ná jöfnuði sem fyrst að hafa átt þátt í útlánapenslunni. Á fyrri árshelmingi lækkuðu verðtryggðar innstæður um 2.211 m.kr., en verðtryggð lán um 446 m.kr. Aukningu verðbólgunnar undir lok ársins 1984 fylgja á ný neikvæðir raunvextir óverðtryggðra fjárskuldbindinga, og um sinn taka verðtryggðar skuldbindingar við fyrra hlutverki sínu, að bera hærri ávöxtun.

Aðgerða á öðrum sviðum peningamála verður getið hér á eftir, um leið og gerð er grein fyrir þróun helstu stærða í reikningum Seðlabankans og innlánsstofnana.

Staða ríkissjóðs og ríkisstofnana gagnvart Seðlabanka batnaði um 77 m.kr. á árinu 1984 samanborið við 1.352 m.kr. rýrnun árið áður, en þá er ekki meðtalin breyting á gjaldeyrisinnstæðum ríkisstofnana í Seðlabanka. Að þeim meðtöldum versnaði staðan gagnvart Seðlabanka um 309 m.kr. vegna ráðstöfunar erlendra lána, sem eru á


Tafla V.2. Úr reikningum Seðlabankans 1983 og 1984.
(Í milljónum króna)

	Staða 31/12	Hreyfingar							
		1983		1984		1. árs- fjórð.	2. árs- fjórð.	3. árs- fjórð.	4. árs- fjórð.
		1984	1983	1984	1984	1984	1984	1984	
1 Gjaldeyrisstaða	2.160	1.105	-433	-855	327	-806	900		
(þar af endurm. v/gengis)		(778)	(510)	(97)	(-49)	(122)	(340)		
2 Endurlánuð löng erlend lán	94	25	-1	-	-	-17	16		
3 Innlendir liðir nettó	6.818	2.001	2.431	847	166	1.030	390		
31 Kröfur á ríkissj. og ríkisst.	1.122	698	309	1.158	-646	151	-354		
311 A-hluti	1.256	1.315	-214	885	-379	-716	-4		
312 Gjaldeyrisinnstæður ríkisst. (-) ¹⁾	-449	-654	386	-32	275	257	-114		
313 Aðrar kröfur á B-hluta nettó	315	37	137	305	-542	610	-236		
32 Kröfur á fjárfestingarl.sj.	555	78	344	175	12	2	155		
33 Endurkaup	6.809	1.980	1.894	190	73	238	1.393		
331 Landbúnaður	1.438	446	296	-157	-77	77	453		
332 Sjávarútvegur	4.496	1.218	1.617	373	54	197	993		
333 Iðnaður	872	358	-24	-26	95	-35	-58		
334 Önnur	1	-42	0	0	0	0	0		
34 Aðrar kröfur á innlánsst.	3.447	439	1.428	-226	533	815	307		
35 Kröfur á aðra aðila	30	39	-49	-9	-11	-23	-6		
36 Sjóðir í opinberri vörslu (-) ¹⁾	-488	-168	207	-93	428	-13	-115		
37 Innstæður fjárfestingar lána sj. (-) ¹⁾	-1.543	-403	-859	-242	9	288	-914		
38 Annað nettó	-3.114	-662	-843	-106	-232	-428	-76		
4 Samtals (1+2+3=5+6)	9.072	3.131	1.997	-8	493	207	1.306		
5 Grunnfé	8.466	2.782	1.907	-14	505	187	1.229		
51 Innstæður innlánsst.	7.522	2.541	1.722	20	373	220	1.109		
511 Skyldubundnar innstæður	7.142	2.542	1.560	19	401	91	1.049		
512 Sjóður og aðrar innst.	380	-1	162	1	-28	129	60		
52 Seðlar og mynt í umferð	944	241	185	-34	133	-34	120		
6 Erlent lánsfé til langs tíma	606	349	90	6	-12	20	77		

	Hreyfingar í % á ári ²⁾						
Grunnfé	73,7	29,1	12,3	23,6	34,5	48,6	
Endurkaup alls	67,5	37,8	66,8	-1,8	24,7	78,2	
Landbúnaður	64,1	25,9	67,1	28,8	25,1	-7,7	
Sjávarútvegur	73,3	55,1	43,9	-43,7	55,2	304,1	
Iðnaður	66,9	-2,7	-19,3	33,2	36,7	-60,8	
Seðlar og mynt í umferð	46,5	24,4	8,7	84,4	-5,8	22,3	
Skyldubundnar innstæður	83,6	27,9	6,8	27,5	25,8	53,1	

¹⁾ Innstæða og innstæðuaukning eru merktar með mínusmerki. ²⁾ Ársígildi hreyfinga á hverjum ársfjórðungi eru reiknuð af árstíðaleiðréttum tölum.


Þessum reikningum. Þessar tölur endurspeglar þá breytingu, sem varð í fjármálum ríkisins frá fyrra ári. Fyrsta fjórðung ársins versnaði staðan, svo sem títt er, en fór síðan stöðugt batnandi, það sem eftir var ársins.



Sjóðir

Innstæður sjóða í opinberri vörslu minnkuðu um 207 m.kr. árið 1984 samanborið við 168 m.kr. aukningu árið áður. Hér munar mest um 100 m.kr. lækkun innstæðu á reikningum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Í lok ársins námu heildarinnstæður sjóðanna 488 m.kr. Eins og árið áður varð veruleg aukning á innstæðum fjárfestingarlánasjóða hjá Seðlabanka á árinu eða 1.008 m.kr. Þar af jukust innstæður Framkvæmdasjóðs um 787 m.kr., og var mestur hluti þeirra ónotað erlent lánsfé, geymt á gjaldeyrisreikningum í Seðlabanka. Seðlabankinn veitti Byggingarsjóði ríkisins 5 ára lán á árinu að fjárhæð 196 m.kr. Þar að auki fékk Byggingarsjóður ríkisins tímabundna yfirdráttarheimild við bankann, og nam hún í lok ársins 150 m.kr.

Endurkaup



Afurða- og framleiðslulán, endurkeypt af Seðlabanka, jukust fremur lítið fyrstu 9 mánuði ársins samanborið við sama tíma næstu ár á undan eða aðeins um 10%. Hins vegar jukust þau um 25% á síðasta fjórðungi ársins, m.a. vegna gengisbreytingarinnar í nóvember. Ástæðurnar fyrir þessari þróun eru mun minni aukning birgða útflutningsafurða en síðustu ár, stöðugleiki í gengis- og verðlagsmálum mestan hluta ársins 1984 og lækkun endurkaupahlutfalla um 5 prósentustig á árinu 1984. Mikill hluti endurkaupanna eða um 70% er bundinn gengi sérstakra dráttarréttinda (SDR). Nam endurmat eða gengisuppfærsla þeirra 606 m.kr. við gengisbreytinguna í nóvember. Í ársbyrjun voru kjör afurðalána komin í betra samræmi við almenna vexti en verið höfðu um alllangt skeið, en eftir breytingarnar frá því í ágúst sl. hafa vextir lána út á afurðir til sölu innanlands á ný dregist aftur úr. Endurseljanleg afurðalán vegna útflutningsbirgða hafa verið bundin gengi SDR síðan í september 1983, og fylgja kjörin vöxtum á erlendum lánamörkuðum og breytast mánaðarlega. Gengisbreytingin í nóvember hefði þyngt kjör þessara lána mjög, ef ekki hefði verið gripið til sérstakrar leiðréttingar með þeim hætti, að

Seðlabanki endurgreiddi lánþegum um 438 m.kr. Fyrir áramót hafði þriðjungur þessa verið afgreiddur.

Stefnt er að því að flytja afurðalán frá Seðlabanka til innlánsstofnana. Ljóst er, að hér er um mikla aðgerð að ræða, sem hefur í för með sér grundvallarbreytingar í peningamálum. Sem áfangi að þessu voru endurkaupahlutföll Seðlabankans lækkuð þannig, að vegna útflutningsafurða lánar hann nú 47,5% birgðaverðmætis í stað 52% og vegna birgða til sölu innanlands 42,5% í stað 47,5%, en vegna kindakjöts þó 50,25%. Þá hafa viðbótarlán innlánsstofnana út á útflutningsafurðir verið bundin gengi SDR og ákveðið, að afurðalán í heild sé ætíð 75% birgðaverðmætis eins og vikið er að síðar.

Innlánsbinding

Skyldubundnar innstæður innlánsstofnana í Seðlabankanum jukust um 1.560 m.kr. eða 27,9% á árinu 1984 og voru í lok þess 7.142 m.kr. Ekki dugði sú aukning fyrir endurkaupum Seðlabankans á afurða-, framleiðslu- og skuldbreytingarlánnum innlánsstofnana. Þau jukust um 1.811 m.kr. eða 31,8% og námu í lok ársins 7.510 m.kr. Innlánsbindingin hefur verið 28% af innlánnum síðan árið 1979, sem er það hámark, sem heimilað er í lögum. Með lögum nr. 43/1984 fékk Seðlabanki heimild til ársloka 1985 til að beita sérstakri bindingu til viðbótar hinni almennu. Heimildin hefur ekki verið nýtt, enda má ætla, að það hefði aðeins aukið yfirdrátt við Seðlabankann. Mikill og þrálátur yfirdráttur hefur verið áhyggjuefni, og hefur verið reynt að hamla gegn honum og útlánaaukningu innlánsstofnana eftir öðrum leiðum, sem vikið er að hér á eftir.

Grunnfé

Grunnfé Seðlabankans er samtala seðla og myntar í umferð og innstæðna innlánsstofnana hjá Seðlabanka. Breyting grunnfjár ræðst af breytingum á gjaldeyrisstöðu bankans og kröfum á innlenda aðila. Árið 1984 ýttu lán og aðrar kröfur bankans á innlenda aðila undir verulega aukningu grunnfjár, en rýrnun gjaldeyrisstöðunnar dró úr. Aukning grunnfjár nam 29% yfir árið borið saman við um 74% árið áður. Þegar tekið er tillit til venjulegrar árstíðasveiflu, kemur í ljós, að aukning grunnfjár var stigvaxandi innan ársins. Fyrsta ársfjórðunginn jafngilti aukningin 12,3% aukningu á heilu ári, en 48,6% þann síðasta, eins og sjá má í reikningum Seðlabankans.

Útlán innlánsstofnana

Heildarútlán innlánsstofnana jukust um 45,8% árið 1984 samanborið við 77,2% árið áður, og við 18,9% hækkun lánskjaravísitölu frá upphafi til loka árs. Aukningin á undangengnum tólf mánuðum, sem var nær 79% í lok febrúar, lækkaði jafnt og þétt til októberloka, er hún var um 41%, en hækkaði síðan á ný. Á síðasta fjórðungi ársins jukust útlánin hins vegar aftur verulega eða um tæp 15%, sem jafngildir um

Tafla V.3. Úr reikningum innlánsstofnana 1983 og 1984.
(Í milljónum króna)

Staða 31/12 1984	Hreyfingar						
	1983	1984	1. árs- fjórð.	2. árs- fjórð.	3. árs- fjórð.	4. árs- fjórð.	
1 Lausafjárstaða	-2.001	-410	-929	-57	-1.028	-970	1.126
11 Gagnvart Seðlabanka	-2.366	-168	-1.339	252	-599	-692	-300
12 Gagnvart útlöndum	365	-242	410	-310	-427	-279	1.426
2 Skyldubundnar innstæður	7.142	2.542	1.560	19	401	91	1.049
3 Aðrar innstæður í Seðlab.	2	3	-10	-6	-3	-1	-
4 Útlán	29.646	8.856	9.313	1.817	1.873	1.787	3.835
41 Endurseld Seðlabanka	6.809	1.980	1.894	190	73	238	1.393
42 Löng lán til opinberra framkvæmda og sjóða	1.463	536	334				
43 Önnur útlán	21.374	6.340	7.085	1.627	1.800	1.549	2.442
5 Endurlánað erlent lánsfé	9.256	4.025	1.586	-57	301	554	787
6 Samtals (1+2+3+4+5 =7+8+9+10)	44.045	15.016	11.518	1.716	1.544	1.461	6.797
7 Heildarinnlán	25.683	8.530	6.519	1.209	1.352	376	3.582
71 Veltiinnlán	4.367	1.390	1.403	187	410	-30	836
72 Óbundin spariinnlán	13.440	3.627	4.768	1.334	-11	196	3.250
73 Bundin spariinnlán	7.877	3.514	345	-312	953	211	-507
8 Endurkaup og verðbréf Seðlabanka	7.510	2.256	1.811	211	31	231	1.338
9 Erlend lán v/afurðalána	1.372	-	1.372	-	-	34	1.338
10 Erlent lánsfé til langs tíma	8.914	4.040	1.349	-264	203	544	866
11 Eigið fé og annað nettó	566	190	467	560	-42	276	-327
		Hreyfingar í % á ári ¹⁾					
Útlán	77,2	45,8	38,9	28,3	42,7	74,7	
Heildarinnlán	80,2	34,0	27,0	22,0	26,8	57,9	
Veltiinnlán	88,4	47,4	5,8	41,9	30,4	139,9	
Óbundin spariinnlán	71,9	55,0	96,6	14,1	25,4	103,2	
Bundin spariinnlán	87,5	4,6	-13,6	52,9	14,9	-27,0	

¹⁾ Ársigildi hreyfinga í hverjum ársfjórðungi eru reiknuð af árstíðaleiðréttum tölum.




74% á heilu ári. Flokkun lána sýnir, að þróuninni innan ársins má lýsa á svipaðan hátt fyrir flestar atvinnugreinar, með nokkuð mismunandi tölum þó. Af einstökum lánaflokkum varð aukningin mest til verslunar eða tæp 67%. Þar eru meðtalin lán til olíuverslunar, sem jukust um 114%. Lán til sjávarútvegs jukust um 56%, en lán til landbúnaðar og iðnaðar mun minna eða 30–32%. Aukning lána til einstaklinga varð einnig mjög mikil eða um 51%. Á línuriti hér til hliðar eru sýnd lán innlánsstofnana til einstaklinga sem hlutfall af heildarútlánnum innlánsstofnana annars vegar og á föstu verði miðað við lánskjaravísitölu hins vegar. Línuritið sýnir, að þessi lán hafa tvöfaldast að raungildi á sex árum, og urðu hækkanirnar einkum á árunum 1981, er lánin jukust um 28,7% á föstu verði, og 1984, er aukningin nam 31,5%.


Hin mikla aukning útlána, sem að hluta stafaði af verðhækkunum, sem urðu á árinu, á sér margar aðrar skýringar, sem ekki verða tífund-

aðar hér. Hún er sérkennileg fyrir þær sakir að eiga sér stað, þegar nær allar innlánsstofnanir búa við rýra, oftast neikvæða lausafjárstöðu með þeim refsivöxtum, sem henni fylgja. Bendir þetta til þess, að innlánsstofnanir búi við það stjórnunarlega vandamál að geta ekki haldið lánum innan marka, sem ráðstöfunarfé þeirra leyfir. Áberandi mikil vanskil benda t.d. til, að hyggja þurfi betur að greiðslugetu lánþega en gert er, þegar veitt er lán, yfirdráttarheimild eða ábyrgð, svo að dæmi séu tekin. Á hitt ber þó að líta, að aðstæður hafa síst auðveldað innlánsstofnunum verk þeirra. Sem áður segir getur misræmi í ávöxtunarkjörum beinlínis leitt til útlánaþenslu. Ennfremur er ljóst, að lánsfjárefirtisþurn hefur verið mikil þrátt fyrir háa raunvexti á árinu, einkum á fyrri hluta ársins. Annaðhvort voru raunvextir ekki nægjanlega háir til að úr eftirspurninni drægi, eða lánþegar hafa þurft lengri tíma til að átta sig á þýðingu hárra raunvaxta. Loks má nefna, að möguleikar innlánsstofnana til útlánaaðhalds eru minni en ella, þegar fyrir dyrum stendur skuldbreyting, svo sem gerði gagnvart sjávarútvegsfyrirtækjum mestan hluta ársins 1984.

Innlán innlánsstofnana



Heildarinnlán innlánsstofnana jukust um 34% á árinu 1984 samanborið við 80,2% árið áður eða um 12–13% umfram verðhækkningar. Aukning heildarinnlána fyrstu mánuði ársins var nokkuð mikil eins og títt er á þeim árstíma, en sé miðað við árstíðaleiðréttar tölur, var aukningin nokkuð jöfn fyrstu þrjú ársfjórðungana eða um 22–27% á ári, en aftur mun meiri á þeim síðasta, þegar innlánin jukust um 12%, sem jafngildir 57,9% á heilu ári. Búndin innlán jukust aðeins um tæp 5% árið 1984 samanborið við 87,5% aukningu árið 1983. Að meðaltali yfir árið hélst þó hlutfall bundins sparifjár og þjóðarframleiðslu svipað og árið á undan eða um 12%, þegar með eru taldir áfallnir vextir innan ársins. Mikil aukning varð á óbundnum spariinnlánum eða 55%, og svöruðu þau til 16,2% af þjóðarframleiðslu að meðaltali yfir árið samanborið við 12,5% árið áður. Veltiinnlán jukust um 47%. Hlutfall heildarinnlána af þjóðarframleiðslu hækkaði úr 28,8% árið 1983 í 33,3% árið 1984. Svo sem áður var vikið að var mikið sparifé flutt milli innlánsforma á árinu. Stiglækkandi verðbólga framman af árinu dró mjög úr vinsældum verðtryggðra reikninga, og var fé af þeim í fyrstu flutt yfir á almennar sparibækur, en síðar á ýmis ný innlánsform. Á öðrum ársfjórðungi jukust búndin spariinnlán verulega, ekki síst vegna 6 mánaða innláns-skírteina, sem bankar tóku að selja 9. apríl. Skírteinin urðu strax mjög vinsæl, enda var ávöxtun þeirra með því besta, sem þá var boðið upp á. Í lok september nam heildarþjárhæð skírteina 2.486 m.kr., sem svaraði til um 11% heildarinnlána. Síðustu mánuði ársins gekk þessi aukning að mestu til baka, enda tóku innlánsstofnanir þá að bjóða óbundna innlánsreikninga með góðri ávöxtun í formi hárra nafnvaxta og verð-




tryggingu til vara. Eru kjörin því betri sem innstæða er lengur óhreyfð. Í árslok námu innstæður á þessum nýju reikningum, sem kalla má víxlkjarareikninga, 2.890 m.kr., sem samsvaraði um 11% af heildarinnlánum. Þar sem þetta fé er óbundið, telst það með almennu sparifé í hagskýrslum, en skyldleiki þess við bundið sparifé er þó ótvíræður.

Lausafjárstaða


Lausafjárstaða innlánsstofnana, sem rýrnaði um 410 m.kr. árið 1983, rýrnaði um 929 m.kr. á árinu 1984 og nam 2.001 m.kr. í lok þess. Að meðaltali var staðan lakari á árinu 1984 en hún hefur verið undanfarin 9 ár eða allt frá árinu 1974. Við upphaf ársins svaraði hún til -5,6% af innlánum, en í lok þess -7,8%, og er það lægsta áramótastaða, sem finna má í hagskýrslum. Rýrnun stöðunnar var í raun enn meiri en þessar tölur gefa til kynna, þar sem innlánsstofnunum var heimilað að taka stutt erlend lán vegna afurðalána, samtals um 1.372 m.kr., sem færast á sérstakan lið í reikningum þeirra, en hefðu ella talist til lausaskulda. Ennfremur fékk Útvegsbanki heimild til að gengisbinda ýmis lán, sem hann veitti til uppgjörs á vanskilum endurlánaðs erlends lánsfjár, samtals að fjárhæð 423 m.kr. Sama fjárhæð færðist þá í reikningum bankans úr erlendum lausaskuldum í erlend lán til endurlána. Samkvæmt reikningum innlánsstofnana batnaði erlend lausafjárstaða á árinu 1984 um 410 m.kr. og var í lok þess jákvæð um 365 m.kr. Án umræddra heimilda hefði hún rýrnað um 1.385 m.kr. og verið neikvæð um 1.430 m.kr. í lok ársins. Lausafjárstaðan í heild hefði orðið -3.796 m.kr. í lok ársins, sem jafngildir -14,8% heildarinnlána, en svo slæm staða var þegar komin fram í lok ágústmánaðar.

Lausaskuldir innlánsstofnana



Á ofanverðu ári 1982 voru settar reglur um lausaskuldir innlánsstofnana við Seðlabankann til að draga úr yfirdrætti við bankann. Lögð var áhersla á háa og stighækkandi refsivexti, en reynslan síðan sýnir, að ekki hefur tekist sem skyldi. Með breytingu reglnanna 2. ágúst 1984 var lögð minni áhersla á refsivexti, en þeim mun meiri á það að útiloka yfirdrátt með þeim hætti, að innlánsstofnanir, sem í honum lenda, verða að gera Seðlabankanum grein fyrir sínum málum og sækja um skammtímafyrirgreiðslu í öðru formi. Fyrirgreiðsluna veitir bankinn því aðeins, að gerður sé samningur um hámarksaukningu útlána. Áður en gerð verður grein fyrir samningunum, sem gerðir hafa verið, skal hér vikið stuttlega að þeim möguleikum, sem innlánsstofnanir hafa á skammtímafyrirgreiðslu frá Seðlabankanum, eftir að nýju reglurnar tóku gildi.

Seðlabankinn úthlutar innlánsstofnunum víxilkvótum mánaðarlega í hlutfalli við stærð stofnana. Innlánsstofnanir ráða lánstíma og fjárhæð víxlanna, sem þær selja hverju sinni, en að jafnaði svarar kvótinn til 1% innlána í ársbyrjun. Þessi lánamöguleiki nýtist til að mæta óvæntum samdrætti lausafjárstöðunnar án þess að taka yfirdráttarlán í Seðlabanka. Bankar og sparisjóðir hafa opinn viðskiptareikning við Seðlabankann. Yfirdráttur á reikningnum er óheimill, en getur þó myndast í neyðartilvikum, og er hann þá dreginn frá víxilkvóta við næstu úthlutanir. Þannig er litið á yfirdrátt sem fyrirframnotkun á kvóta. Seðlabankinn fylgist mjög náið með stöðu viðskiptareikninga, sem eru í skuld, og reiknar á hverjum degi m.a. meðalskuld síðustu 10, 20 og 30 daga. Sýni meðaltölin meiri skuld en svarar 8, 3 eða 1 „yfirdráttarþrepi“ í sömu röð talið, er það með öllu óviðunandi, og gerir Seðlabankinn þá viðkomandi stofnun viðvart og krefst úrbóta. Að öðrum kosti má eins gera ráð fyrir, að reikningnum verði lokað.



Slík lokun myndi lama starfsemi stofnunarinnar, m.a. vegna þess, að reikningarnir eru notaðir við ávísanaskipti bankanna. Yfirdráttarþrep eru stærð, sem Seðlabankinn setur hverri stofnun, og er eitt þrep nú u.þ.b. 0,5% af innlánnum innlánsstofnana að meðaltali.

*Tafla V.4. Vixilkvótar sept. 1984–jan. 1985
í dagmilljónum króna.*

	Mánaðarleg úthlutun	Lækkun kvóta	Kvótar til ráðstöfunar	Geymd lækkun
11. sept. '84 . . .	5.612,7	0,0	5.612,7	0,0
11. október . . .	5.612,7	2.957,8	2.834,3	179,4
11. nóvember . .	5.612,7	5.762,4	1.179,1	1.328,8
11. desember . .	5.612,7	6.455,1	1.460,6	2.303,1
11. jan. '85 . . .	6.735,1	33.450,0	534,0	27.248,7

Þessar reglur um hámark yfirdráttar á viðskiptareikningum eru strangari en verið hafa. Þegar þær gengu í gildi hinn 21. ágúst, var talsverður yfirdráttur á viðskiptareikningum allra banka og nokkurra sparisjóða. Til að eyða honum sóttu stofnanirnar um víxillán frá Seðlabanka, sem hann veitti aðeins með vissum skilyrðum, þ.á m. um ákveðin útlánahámörk í nokkra mánuði. Gerðir voru samningar við alla banka og nokkra sparisjóði í ágúst og september um slíka fyrirgreiðslu og útlánamark í nokkra mánuði. Í samningunum voru viðurlög við því, ef farið væri fram úr útlánamarkinu í lok einhvers mánaðar, þannig að þá félli niður þriðjungur af úthlutun víxilkvóta í næsta mánuði á eftir. Til grundvallar samningunum voru lagðar áætlanir um útlán, sem gerðar voru snemma í ágúst. Stefndi þá að óbreyttu í um 30% aukningu heildarútlána innlánsstofnana yfir árið, en Seðlabanki taldi, að hér þyrfti að verða stefnubreyting, og miðaði við, að reynt yrði að hamlu svo gegn aukningunni, að hún yrði ekki meiri en 20%. Við það miðuðust mánaðarleg háværk heildarútlána einstakra banka í samningunum.

Tafla V.5. Úr reikningum bankakerfisins 1983 og 1984.
(Í milljónum króna)

	Staða 31/12 1984	Hreyfingar						
		1983	1984	1. árs- fjórð. 1984	2. árs- fjórð. 1984	3. árs- fjórð. 1984	4. árs- fjórð. 1984	
1 Gjaldeyrisstaða (þar af endurm. v/gengis)	2.525	863 (778)	-24 (510)	-1.164 (97)	-102 (-49)	-1.084 (122)	2.326 (340)	
2 Endurlánað erlent lánsfé	9.350	4.050	1.584	-57	301	537	803	
3 Innlendir liðir nettó	25.641	8.247	7.951	2.137	1.477	1.486	2.852	
31 Lán Seðlabanka	1.707	815	604	1.324	-644	128	-204	
32 Lán innlánsstofnana	29.646	8.856	9.313	1.817	1.873	1.787	3.835	
33 Ýmsir sjóðir (-) ¹⁾	-2.032	-571	-653	-335	438	274	-1.030	
34 Annað nettó	-3.680	-853	-1.313	-669	-190	-703	251	
4 Samt. (1+2+3+4=5+6+7)	37.516	13.160	9.511	916	1.676	939	5.981	
5 Peningam. og sparifé (M3)	26.626	8.771	6.702	1.174	1.485	342	3.701	
51 Sparifé á uppsagnarr.	7.877	3.514	347	-312	953	211	-505	
52 Peningamagn og alm. sparifé (M2)	18.750	5.258	6.356	1.485	533	132	4.206	
521 Almenn sparifé	13.440	3.627	4.768	1.334	-11	196	3.250	
522 Peningamagn (M1)	5.310	1.630	1.588	153	542	-63	956	
6 Erlent lánsfé til langs tíma	9.519	4.389	1.438	-258	191	563	943	
7 Erlend lán vegna afurðalána	1.372	-	1.372	-	-	34	1.338	

	Hreyfingar í % á ári ²⁾						
Endurlánað erlent lánsfé	109,0	20,4	32,6	39,2	8,3	5,1	
Innlendir liðir nettó	87,3	44,9	44,7	24,7	58,2	54,3	
Peningamagn og sparifé (M3)	78,6	33,6	26,5	25,9	27,3	56,2	
Peningamagn og alm. sparifé (M2)	73,7	51,3	59,5	17,9	32,9	107,8	
Peningamagn (M1)	77,9	42,7	16,4	33,7	28,4	102,6	

¹⁾ Auk sjóða í opinberri vörslu eru hér innstæður fjárfestingarlánasjóða í Seðlabanka. Innstæður og aukning innstæðna eru merktar með mínusmerki. ²⁾ Ársígildi hreyfinga í hverjum ársfjórðungi eru reiknuð af árstíðaleiðréttum tölum.

Samanburður í lok september sýndi, að útlán eins banka voru nálægt umsömdum mörkum, en lán annarra höfðu aukist mun meira en gert var ráð fyrir. Lausafjárstaða innlánsstofnana batnaði að vísu um 340 m.kr. í september, en sá árangur verður fremur rakinn til innlausnar spariskírteina en útlánaaðhalds. Næstu tvo mánuði breyttust aðstæður á margan hátt. Að þeim liðnum var ekki unnt að styðjast lengur við spár frá öndverðum ágúst, og voru því samningar endurnýjaðir. Deilur á vinnumarkaði og gengisbreyting höfðu bein og óbein áhrif á bankastarfsemi. Októbertölur sýndust bera merki bata, einkum á lausafjárstöðu, en hann var stundarfyrirbrigði, sem stafaði m.a. af því, að mjög dró úr innflutningi í verkfallinu og innheimtu söluskatts var frestað fram í nóvember. Til viðbótar þessum truflunum tóku bankar í notkun nýtt bókunarkerfi fyrir skuldabréf, og eru verðuppfærslur verðtryggðra lána nú bókaðar í hverjum mánuði

Yfirdráttur erlendis

Innlendir gjaldeyris- reikningar í árslok.

		Hlutfall af
	Í millj. kr.	heildar- innlánnum
1978 .	11	0,7%
1979 .	32	1,4%
1980 .	76	1,9%
1981 .	145	2,2%
1982 .	442	4,2%
1983 .	1.039	5,4%
1984 .	1.743	6,7%

Millibanka- markaður

57

í stað þess að bókast á gjalddögum hvers láns. Við yfirtökuna færðust samtals um 617 m.kr. verðbætur inn í útlánatölur í október og nóvember. Útlánaaukning af öðrum toga var einnig mikil í nóvember, m.a. vegna þess, að þá innheimti ríkissjóður söluskatt tveggja mánaða. Lausafjárstaða versnaði mjög, einkum staðan á viðskiptareikningi í Seðlabankanum. Hafði það áhrif á víxilkvóta, svo sem sjá má í töflu hér frammar. Hafa margir bankar þegar eytt sínum kvóta næstu mánuði. Nýir samningar voru gerðir í desember, að undangengnum miklum viðræðum við flesta banka. Í lok desember voru útlán fjögurra banka undir umsömdum mörkum, en þriggja yfir.

Möguleikar til að veita innlánsstofnunum aðhald með þeim hætti, sem hér er lýst, rýrðust mjög af þeirri staðreynd, að frá miðju ári 1983 tók Útvegsbanki og síðar einnig Landsbanki að auka yfirdráttarlán sín hjá viðskiptabönkum erlendis, svo að þau urðu langt umfram innstæður í erlendum bönkum. Í lögum segir, að slíkt skuli ekki gert, nema viðskiptaástæður krefjist um skamma hríð eða sérstök heimild hafi verið veitt. Slíkar heimildir voru ekki til staðar, en hitt er álitamál, hvenær viðskiptaástæður krefjast þessa. Víst er um það, að þetta jók útlánagetu þessara banka og útlánaþenslu bankakerfisins í heild. Ennfremur tóku viðkomandi bankar gengisáhættu með þessu, sem ekki samrýmist eðlilegum bankaviðskiptum. Eftir að fullreynt var að beina þeim tilmælum til umræddra banka að víkja af þessari leið, setti viðskiptaráðuneytið reglugerð í þessu skyni (nr. 383) hinn 7. september, og hinn 12. september setti Seðlabanki reglur um sama efni og einnig um gengisbindingu afurðalána. Meginákvæði síðarnefndu reglnanna er, að innlánsstofnunum beri að halda gjaldeyris-skuldbindingum sínum í jafnvægi á heildina litið til að forðast gengisáhættu. Í öðru lagi er þeim óheimilt að hafa neikvæða lausafjárstöðu gagnvart erlendum bönkum nema að fenginni sérstakri heimild. Varðandi afurðalán er kveðið svo á, að gengisbundin lán vegna útflutningsafurða megi að hámarki svara til 75% afurðaverðmætis. Loks er veitt heimild til erlendar lántöku vegna afurðalána að því marki, sem endurkaup Seðlabankans og óbundið fé af innlendum gjaldeyrisreikningum duga ekki fyrir lánnum að 75%-markinu. Reglur þessar eru allitarlegar og setja bönkunum mjög ákveðnar skorður varðandi erlend lán til eigin rekstrar. Minni stofnunum, sem ekki geta leitað á erlenda lánamarkaði, hefur verið gefinn kostur á sérstöku SDR-láni frá Seðlabanka, allt að 75% markinu.

Til skamms tíma var millibankamarkaður nær óþekktur hér á landi, enda má segja, að endurkaupakerfið hafi komið í stað hans, auk þess sem ófrelsi innlánsstofnana í vaxtamálum hefur hamlað gegn millibankaviðskiptum. Með frelsi til að ákveða vextina sjálfar hefur

Tafla V.6. Yfirlit yfir framsöl víxilkvóta.
(% af úthlutun í sviga)

	Framsöl alls (m.kr.)	Meðaltal á dag (m.kr.)	Meðalvöxtun í % á ári
1984			
I. ársfj.	334,0 (3,6)	3,7	36,40
II. “	438,5 (2,6)	4,9	36,30
III. “	1.642,0 (11,0)	18,2	38,00
IV. “	1.793,5 (18,6)	19,9	37,86
1985			
1. – 10. jan.	178,5	17,8	41,18

myndast möguleiki til slíkra viðskipta, og hafa innlánsstofnanir þegar tekið að nýta sér hann, þótt í litlum mæli sé, enn sem komið er. Slæm lausafjárstaða nær allra innlánsstofnana að undanfögnu hefur komið í veg fyrir, að mikil viðskipti eigi sér stað á þessum markaði. Farnar eru tvær leiðir á markaðnum. Í fyrsta lagi er um að ræða bein reikningslán frá einum banka til annars, og í öðru lagi getur innlánsstofnun, sem á ónotaðan víxilkvóta í Seðlabankanum, framselt hann annarri. Er hér að ofan yfirlit yfir slík framsöl.

Vextir af skyldubundnum innstæðum

Vextir óverðtryggðra bundinna innstæðna í Seðlabanka hafa á undanfögnu árum miðast við meðalinnlásvexti hvernar stofnunar auk álags, sem verið hefur breytilegt. Fyrir árið 1984 gildi þetta einnig að öðru leyti en því, að margvísleg ný innlánsform voru ekki látin hafa bein áhrif á meðalvexti hvernar stofnunar, þar sem ávöxtun þeirra gat verið afar mismunandi eftir stofnunum. Um áramótin kynnti Seðlabankinn innlánsstofnunum þá nýjung í þessu efni, að framvegis myndu vextir skyldubundinna innlána fylgja sem næst vöxtum almennra sparibóka og verða óháðir meðalvöxtum innlána í hverri stofnun fyrir sig. Frá ársbyrjun 1985 hafa vextir þessir verið 25% samanborið við 24% vexti almennra sparibóka.

**Fjárfestingar-
lánasjóðir**

VI. FJÁRFESTINGARLÁNASJÓÐIR OG LÍFEYRISSJÓÐIR


Samhliða bankakerfinu eru hér starfræktir fjárfestingarlánasjóðir, sem lána til lengri tíma og þjóna flestir skýrt afmörkuðum verkefnum. Fjármagn fá þeir með tekjum af eigin höfuðstól, framlögum og skatttekjum eða löngum lántökum, en ekki af frjálsum sparnaði líkt og innlánsstofnanir. Nýverið hefur þó fjárfestingarlánasjóður hafið milligöngu um útvegum fjármagns með því að gefa út skuldabréf, sem söluhaf eru á markaði í samkeppni við annan frjálсан sparnað. Þessa gætir þó ekki í tölum fjárfestingarlánasjóða á síðasta ári. Í þessari skýrslu eru nú taldir 18 fjárfestingarlánasjóðir, og voru heildareignir þeirra um 19,4 milljarðar króna í byrjun ársins 1984, en að teknu til-

Tafla VI.1. Fjárstreymi fjárfestingarlánasjóða.

	1983		1984	
	M.kr.	Breyt. frá f. ári %	M.kr.	Breyt. frá f. ári %
<i>Uppruni fjármagns:</i>				
Eigið framlag nettó	88		278	
Skatttekjur og framlög	762	60	918	20
Lántökur ¹⁾	2.251	58	4.556	102
Frá ríkissjóði	152		616	305
Frá bankakerfinu	130	41	489	276
Frá lífeyrissjóðum	786	90	841	7
Frá Atvinnuleysistryggingasjóði	0	-100	16	
Innkominn skyldusparnaður	436	106	509	17
Aðrar innlendar lántökur	3		7	133
Erlendar lántökur	744	14	2.078	179
Uppruni = ráðstöfun	3.101	63	5.752	85
<i>Ráðstöfun fjármagns:</i>				
Ný útlán	2.645	61	4.959	87
Til opinberra aðila og banka	161	6	422	162
Íbúðalán til einstaklinga	1.140	76	1.988	74
Til atvinnufyrirtækja	1.344	59	2.549	90
Til landbúnaðar	151	29	347	130
Til sjávarútvegs	548	47	1.219	122
Til verslunar	137	83	165	20
Til iðnaðar	392	70	654	67
Til annarra atvinnufyrirtækja	116	123	164	41
Framlög og styrkir	39	-55	63	62
Breytingar á innstæðum og sjóði	417		730	

¹⁾ Bráðabirgðatölur nettó innifaldar.

Útlán fjárfestingarlánasjóða



Fjármögnun

liti til verðlagsbreytinga og starfseminnar á árinu má ætla, að þær séu um 27 milljarðar í lok ársins 1984. Flestir þessara fjárfestingarlánasjóða lúta opinberri stjórnun og eru háðir ákvörðunum um aðfengin lán og framlög svo og útlánastefnu, sem mörkuð er með lánsfjár-áætlun ríkisstjórnarinnar.

Ný útlán sjóðanna á árinu 1984 töldust 4.959 m.kr., sem er um 87% hærri fjárhæð en á árinu 1983, en það ár voru ný lán um 61% umfram lán 1982. Svo sem sjá má af línuriti hér á blaðröndinni, þar sem ný útlán fjárfestingarlánasjóða án skuldbreytingarlána eru borin saman við fjármunamyndun í þeim greinum, sem þeir lána til, hefur hlutfall lána af fjárfestingunni sveiflast á bilinu 35–38% undanfarin 10 ár, með undantekningunum 41,6% árið 1981 og 40,4% á síðasta ári. Undanfarin tvö ár hafa fjárfestingarlánasjóðir veitt mikið af lánnum til íbúðabygginga og íbúðakaupa, og urðu slík lán 74% hærri á árinu 1984 en 1983 samanborið við 76% hækkun 1983. Enn meiri aukning var á lánnum til atvinnufyrirtækja á síðasta ári eða 90% 1984, en 59% 1983. Má rekja þessa miklu aukningu að hluta til skuldbreytingar í landbúnaði og sjávarútvegi, sem samtals er áætlað að hafi numið tæpum 600 m.kr. og mest runnið til greiðslu á vöxtum, sem hlaðist höfðu upp hjá Fiskveiðasjóði. Vegna breytinga á öðrum lausaskuldum sjávarútvegsfyrirtækja er áætlað, að Framkvæmdasjóður verji 500 m.kr. til útlána, og tóku bankarnir við um 200 m.kr. á árinu 1984 í þessu skyni. Þetta hefur þau áhrif, að lán til opinberra aðila og banka aukast um 162% 1984 samanborið við 6% 1983, en þau vega þó enn fremur lítið í lánnum sjóðanna. Séu lán til einstakra atvinnuvega skoðuð, er sýnt, að lán til landbúnaðar aukast mest að tiltölu eða 130% á árinu 1984 samanborið við 29% 1983. Lán til sjávarútvegs hækkðu um 122% og 47% í sömu röð talið. Dágóð hækkun er og á lánnum til iðnaðar bæði árin, sem hér um ræðir, eða 67% 1984 og 70% 1983, en nokkurs samdráttar gætir í lánnum til verslunarfyrirtækja, 20% hækkun árið 1984 samanborið við 83% árið 1983.

Mikil umskipti verða í fjárstreymi fjárfestingarlánasjóða á árinu 1984, og munar þar mest um auknar lántökur bæði frá innlendum bönkum og ríkissjóði svo og erlendar lántökur. Aðfengin lán námu um 92% af nýjum útlánnum sjóðanna árið 1984, svo sem sjá má af hlutfallsyfirliti hér að framan. Þau lán, sem einna helst hefur verið sóst eftir, þ.e. frá lífeyrissjóðum og af skyldusparnaði, urðu lítilvægari 1984 en áður. Hlutdeild framlaga til uppbyggingar á kerfinu lækkar verulega 1984 eða í um 19% af nýjum lánnum, en hafði numið um 29% þrjú ár þar á undan. Framlegð af jöfnuði endurgreiðslna og rekstrar á árinu 1984 getur talist viðunandi, og þegar tekið er tillit til framlaga

Tafla VI.2. Fjármögnun útlána fjárfestingarlánasjóða.
(Hlutföll í %)

	1980	1981	1982	1983	1984
Eigið framlag nettó	2	2	-16	-14	-10
Innstæðu- og sjóðsbreytingar	-1	-6	-10	-16	-14
Jöfnuður afborgana og rekstrar	3	8	-6	2	4
Skatttekjur og framlög	35	29	29	29	18
Lántökur	63	69	87	85	92
Erlend lán	10	16	40	28	42
Innlend lán	53	53	47	57	50
Frá ríkissjóði	-	-	-	6	12
Frá bankakerfi	8	13	6	5	10
Frá lífeyrissjóðum	30	25	25	30	17
Frá Atvinnuleysisstryggingasj. o.fl.	2	3	3	-	1
Innkominn skyldusparn. bruttó	13	12	13	16	10
Ný útlán	100	100	100	100	100


og styrkja frá sjóðunum, verða þessar stærðir um 4% af nýjum lánnum. Mikil aukning varð á innstæðum og sjóði fjárfestingarlánasjóða 1984, svo sem raunar hefur verið mörg undanfarin ár, og má ætla, að lausafjárstaða þeirra nemi um 1.500 m.kr. í árslok 1984.

Framkvæmdasjóður

Framkvæmdasjóður hefur það að aðalhlutverki að taka erlend og innlend lán og miðla þeim til fjárfestingarlánasjóða. Erlend lán Framkvæmdasjóðs voru mikil á árinu 1984 eða samtals metin á rúma 2 milljarða króna, og er það nær þreföld sú fjárhæð, sem sjóðurinn tók að láni erlendis árið 1983. Í mars 1984 notaði Framkvæmdasjóður 10 milljónir dollara, sem eftir voru af láni, umsömdu á árinu 1983 undir forystu Hambros Bank Ltd. í London. Í júlí tók hann að láni 11,7 milljónir vestur-þýskra marka hjá Viðreisnarsjóði Evrópu og í nóvember 10.000 milljónir yena hjá City Bank, og var þetta jafnframt stærsta lántakan á árinu eða að jafnvirði um 1.400 m.kr., er það var tekið. Í desember var samið um 13 milljóna dollara lán við Scandinavian Bank, en aðeins 5 milljónir dollara voru notaðar á árinu, og 8 milljónir bíða því til ársins 1985. Auk Framkvæmdasjóðs fékk Iðnþróunarsjóður í nóvember 1984 1,5 milljóna dollara lán hjá Norræna fjárfestingarbankanum, og er það metið á um 60 m.kr. eru þá upptalin erlend lán fjárfestingarlánasjóða á árinu 1984.

Lífeyrissjóðir

Hagskýrslur ná nú yfir um 90 lífeyrissjóði og er áætlað, að ráðstöfunarfé þeirra hafi numið um 2.950 m.kr. á árinu 1984 samanborið við um 2.420 m.kr. á árinu 1983, og hefur því aukist um 22%. Árið 1983 varð aukningin 70%. Á blaðröndinni hér er sýnt á línuriti, hvernig hlutfall ráðstöfunarfjár sjóðanna af þjóðarframleiðslu hefur þróast undanfarin ár, og sést þar, hve vöxturinn var ör á áttunda áratugnum og jafnframt, að nú virðist sem stöðnunar gæti og jafnvel lækkunar,




sé tekið mið af áætlunum um hlutfallið á árinu 1984. Þarna gætir eflaust rýrari rauntekna sjóðfélaga og búast má við, að hlutfallið lækki lítillega enn, ef lífeyrissjóðir taka fullan þátt í að jafna greiðslu-byrði lána, sem veitt hafa verið til sjóðfélaga vegna íbúðakaupa eða íbúðabygginga. Framtíðarskipan þarf þó að fela í sér hækkandi hlutfall, ef ætlunin er, að lífeyrissjóðir standi undir verðtryggðum lífeyri af þeim sparnaði, sem þar er upp safnað. Útlán lífeyrissjóðanna á árinu 1984 virðast hafa aukist langt umfram vöxt ráðstöfunarfjár, og bendir það til afarmikillar lánaeftirspurnar, þrátt fyrir að lífeyrissjóðir hafi margir hverjir fylgt öðrum lánastofnunum eftir í hækkandi raunvöxtum lána. Talið er, að sjóðirnir veiti nú einungis lán, sem eru að fullu vísitölutryggð. Sjóðunum hefur verið kleift að veita lán umfram ráðstöfunarfé á árinu með því að ganga verulega á lausafjárstöðu sína í formi innstæðna hjá öðrum lánastofnunum, en mörg ár þar á undan höfðu lífeyrissjóðir styrkt sjóðsstöðu sína og áttu t.d. um 750 m.kr. í innstæðum og sjóðum í árslok 1983, en aðeins um 400 m.kr. í árslok 1984. Svo virðist sem lífeyrissjóðir hafi vanrækt í ríkara mæli en fyrr að ráðstafa fé sínu til kaupa á skuldabréfum ríkis og fjárfestingarlánasjóða og aðeins verið til þess um 33% af ráðstöfunarfé ársins 1984 í stað 40% lögbundins marks. Hlutfallið var um 36% á árinu 1983.

Tafla VI.3. Fjárstreymi lífeyrissjóða.

	Bráðabirgðatölur 1983		Áætlun 1984	
	M.kr.	Breyt. frá f. ári %	M.kr.	Breyt. frá f. ári %
Fjármagnshreyfingar og rekstur nettó	1.262	80	1.550	23
Iðgjöld að frádregnum lífeyrisgreiðslum	1.158	61	1.400	21
Ráðstöfunarfé alls	2.420	70	2.950	22
Ný útlán	2.088	59	3.300	58
Til Byggingarsjóðs ríkisins	268	108	350	31
Til Byggingarsjóðs verkamanna	117	75	140	20
Til Framkvæmdasjóðs	146	62	90	-38
Til annarra fjárfestingarlánasjóða	255	99	261	2
Til ríkissjóðs v/lánsfjáráætlunar	87	58	127	46
Önnur útlán	1.215	46	2.332	92
Innstæðu- og sjóðsbreytingar	332	.	-350	.

Alþjóðleg gengisþróun


Gengi íslensku krónunnar



VII. GENGISMÁL

Þróun gengis á helstu viðskiptagjaldmiðlum heims 1984 markaðist mjög af vaxandi styrk Bandaríkjadollars á alþjóðlegum gjaldeyrismarkaði. Hélt gengi hans mjög hátt undir lok ársins, þrátt fyrir að vextir lækkuðu í Bandaríkjunum. Meðalgengi japanska yensins hélt nokkuð stöðugt á árinu 1984, en nokkur hreyfing var á meðalgengi þýska marksins, hæst var gengi þess í mars, en lægst í desember. Töluvert gengissig varð á sterlingspundinu.

Í byrjun árs 1984 seig gengi íslensku krónunnar lítið eitt, þannig að í febrúarlok hafði meðalgengi erlendra gjaldmiðla hækkað um 2,8% miðað við áramót. Gengi krónunnar var síðan svo til óbreytt til júníloka 1984. Frá ársbyrjun 1984 til 30. ágúst 1984 lækkaði gengi íslensku krónunnar um 3,3%, en 31. ágúst var gerð kerfisbreyting á gengisútreikningum krónunnar. Undanfarið ár hafði verið stuðst við meðaltal viðskiptavoga og myntvoga við gengisútreikninga, en vegna þeirra miklu breytinga, sem orðið höfðu á gengi nokkurra mynta, og þá sérstaklega mikillar hækkunar á gengi Bandaríkjadollars, sem vegur um 46% í meðaltalsvoginni, var hún ekki lengur talin raunhæf sem viðmiðun, en viðskiptavog (landavog) álitin spegla mun betur framvindu markaðsskilyrða í viðskiptalöndum. Vægi Bandaríkjadollars nemur um 30% í viðskiptavog. Þessi breyting var látin verka aftur til 27. maí 1983 og hafði í för með sér lækkan á meðalgengi krónunnar um 2,8%, án þess þó að farið væri út fyrir þau mörk, er sett voru í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og þjóðhagsáætlun. Þann 20. nóvember var gengi krónunnar lækkað um 12%, sem jafngildir 13,6% hækkun á verði erlendra gjaldmiðla. Vikurnar fyrir gengisfellingu var einnig um nokkurt gengissig að ræða. Með þessari gengisbreytingu var leitast við að endurreisa þau rekstrarskilyrði, sem atvinnuvegunum voru búin fyrir launahækkanirnar í nóvember, og stefnt að því að skapa að nýju skilyrði fyrir stöðugleika í gengismálum. Frá ársbyrjun til ársloka lækkaði gengi krónunnar um 21%, sem þýðir 26,5% hækkun á meðalgengi erlendra gjaldmiðla. Meðalgengi krónunnar 1984 var 14,2% lægra en 1983, sem þýðir, að meðalgengi erlendra gjaldmiðla var 16,6% hærra 1984 en 1983. Gengi



krónunnar breyttist mismikið gagnvart einstökum gjaldmiðlum á árinu 1984. Þannig hækkaði Bandaríkjadollar um 41,4% gagnvart íslenskri krónu milli ársloka 1983 og 1984, gengi sterlingspunds um 13,4%, gengi þýska marksins um 22,4% og gengi SDR um 32,4%.


Raungengi krónunnar

Með því að bera saman verð- eða kostnaðarþróun hér á landi og í umheiminum, hvort tveggja mælt í sömu mynt, má fá mynd af því, hvaða áhrif gengið hefur haft á samkeppnisstöðu innlendra atvinnuvega gagnvart erlendum. Slíkir mælikvarðar eru oft nefndir raungengi, þar sem þeir fela í sér, að gengið hefur verið leiðrétt fyrir mismun innlendra og erlendra verðbólgu. Raungengið er talið hækka, þegar lækkun gengis krónunnar er ekki nægjanleg til að veða upp mun innlendra og erlendra verðbólgu, en það felur í sér, að samkeppnisstaða innlendra atvinnugreina versnar. Einkum er stuðst við tvo slíka mælikvarða á raungengið, þ.e. annars vegar verðsamanburð og hins vegar kostnaðarsamanburð, einkum samanburð launakostnaðar.

Tafla VII.1. Raungengi íslensku krónunnar 1963–1977. (1978=100)

		1963	1964	1965	1966	1967	1968			
I.	Hlutfallslegt verðlag	89,9	101,1	111,2	116,4	113,5	91,8			
II.	Hlutfallsl. launakostn.	94,8	110,2	120,8	133,6	136,3	108,8			
		1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977
I.		74,1	81,2	83,6	87,2	97,3	110,6	87,8	98,1	107,4
II.		80,5	88,4	87,5	97,6	99,1	120,2	85,7	95,5	105,7

Tafla VII.1 sýnir raungengi krónunnar á árunum 1963–1977 bæði miðað við verð- og launasamanburð. Verðlagsmælikvarðinn felur í sér samanburð á verðlagi vergrar landsframleiðslu í dollurum á Ís-



landi og í 15 helstu viðskipta- og samkeppnislöndum. Verðlag í samanburðarlöndunum er vegið saman í einn mælikvarða með hlutfeldi þeirra í utanríkisviðskiptum Íslands. Launamælikvarðinn felur í sér samanburð á launakostnaði á framleidda einingu í dollurum á Íslandi og í 15 helstu viðskipta- og samkeppnislöndunum. Tafla VII.2 sýnir sömu stærðir og tafla VII.1 á árunum 1978–1984 að því viðbættu, að hlutfallslegt verðlag er mælt ársfjórðungslega. Ársfjórðungslegt raungengi krónunnar er líka sýnt á meðfylgjandi línuriti.

Tafla VII.2. Raungengi íslensku krónunnar 1978–1984.
(1978=100)

	Hlutfallslegt verðlag ¹⁾ Ársfjórðungar				Ár	Hlutfallslegur launakostnaður
	I	II	III	IV		
1978	101,6	103,1	102,7	92,7	100,0	100,0
1979	89,5	96,7	94,5	99,5	95,0	95,7
1980	100,0	97,3	91,9	90,8	95,0	96,1
1981	94,7	99,8	102,7	102,5	99,9	107,3
1982	96,1	97,0	90,7	88,3	93,0	102,4
1983 ²⁾	84,1	83,8	85,3	89,3	85,6	87,0
1984 ²⁾	86,5	87,7	91,8	85,5	87,9	86,1

¹⁾ Ársfjórðungstölur byggjast á hlutfallslegum framfærslukostnaði, en eru leiðréttar með árlegum mælingum hlutfallslegs verðlags vergrar þjóðarframleiðslu.

²⁾ Bráðabirgdatölur.

Raungengi krónunnar hefur fallið síðan á árinu 1981, hvort sem miðað er við verðlag eða laun. Tvær ástæður eru fyrir þessu. Í fyrsta lagi hækkaði raungengið töluvert á árinu 1981, sérstaklega ef miðað er við hlutfallslegan launakostnað, og sú hækkun hlaut að ganga til baka, þegar viðskiptahalli jókst á árinu 1982. Í öðru lagi hefur lágt raungengi jafnan fylgt efnahagssamdrætti á Íslandi. Raungengið á verðlagsmælikvarða náði lágmarki á árinu 1983, þegar það lækkaði um 8% frá árinu áður. Raungengið hækkaði síðan um nær 2,5% á árinu 1984. Hækkunin varð einkum á öðrum og þriðja ársfjórðungi ársins, enda var gengið tiltölulega stöðugt á þessu tímabili. Raungengið á mælikvarða hlutfallslegs verðlags fellur síðan um nær 7% á milli þriðja og fjórða ársfjórðungs vegna gengisfellingarinnar 20. nóvember og undanfarandi gengissigs. Þess er þó að gæta, að ársfjórðungslegur mælikvarði hlutfallslegs launakostnaðar myndi ekki sýna neina samsvarandi lækkun á milli þriðja og fjórða ársfjórðungs, og raungengið á mælikvarða hlutfallslegs verðlags hlaut að hækka á fyrri hluta ársins 1985, þegar verðlagsáhrif kjarasamninganna kæmu að fullu fram. Raungengið á báða mælikvarða var mjög svipað á árinu og árið 1975, sem einmitt var samdráttarár.

VIII. ERLEND MÁL OG SAMNINGAR

Alþjóðastofnanir

Seðlabankinn annast fyrir hönd íslenskra stjórnvalda margvísleg viðskipti á sviði efnahags- og fjármála við alþjóðastofnanir og erlendar peningastofnanir. Á bankinn samskipti við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF), Alþjóðabankann og systurstofnanir hans (World Bank Group), Efnahags- og framfarastofnunina í París (OECD), Fjárhagsnefnd Norðurlanda, norrænu seðlabankana og Alþjóðlega greiðslubankann (BIS) auk margra annarra banka.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

Á árinu 1984 var Jóhannes Nordal seðlabankastjóri áfram aðalfulltrúi Íslands í sjóðráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Jón Sigurðsson forstjóri Þjóðhagsstofnunar varafulltrúi. Aðalfulltrúi í bankaráði Alþjóðabankans var Matthías Á. Mathiesen viðskiptaráðherra og Albert Guðmundsson fjármálaráðherra varafulltrúi hans.

John Tvedt frá Noregi var aðalfulltrúi Norðurlanda í sjóðsstjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins allt árið, og varafulltrúi var Arne Lindå frá Svíþjóð. Pekka Korpinen frá Finnlandi var aðalfulltrúi Norðurlanda í bankastjórn Alþjóðabankans og Per Taxell frá Svíþjóð varafulltrúi hans. Fulltrúar Norðurlandanna hjá þessum stofnunum hafa aðsetur í höfuðstöðvum stofnananna í Washington D.C.

Ársfundur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans var haldinn í Washington D.C. í lok september, og sóttu hann Matthías Á. Mathiesen, Jóhannes Nordal, Jón Sigurðsson, Geir H. Haarde, Sigurgeir Jónsson og Þórhallur Ásgeirsson.

Starfsemi sjóðsins

Starfsemi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á síðasta starfsári, þess sem lauk í apríllok 1984, einkenndist annars vegar af nýrri öldu hagvaxtar og minnkandi verðbólgu í auðugri iðnríkjunum með Bandaríkin í fararbroddi og hins vegar af áframhaldandi greiðslujafnaðarerfiðleikum í mörgum þróunarlöndum. Kallaði þetta á aðstoð sjóðsins við mörg þróunarlönd auk þess sem hann gegndi áfram mikilvægu hlutverki í samningaumleitunum margra þróunarlanda við lánardrottna sína um lengingu á greiðslufresti erlendra skulda, en það verkefni var gert drjúgum erfiðara, þar sem gengi Bandaríkjadals hækkaði mjög á

árinu auk þess sem vextir í dollurum héldu áfram að vera nokkuð háir. Allt varð þetta til þess, að mörg þróunarlönd urðu að draga saman seglin og draga úr greiðsluhalla við útlönd með samdráttaraðgerðum heima fyrir og skapa á ný skilyrði til eðlilegs hagvaxtar. Þetta gerði að verkum, að starfsár sjóðsins við ráðgjöf og samvinnu við þessi ríki var ekki síður annasamt en nokkur fyrri ár. Heildarútlán sjóðsins á starfsárinu námu 10,2 milljörðum SDR, sem er nærri jafnmikið og á fyrra ári, en það var metár. Útlán þessi fóru eingöngu til þróunarlandanna. Langflest af þessum lánum voru tengd skilyrðum af hálfu sjóðsins um stefnu lántökulandanna í efnahagsmálum. Auk almennra lánveitinga hefur sjóðurinn á undanförunum árum farið æ meir inn á þá braut að eiga samvinnu við aðrar lánastofnanir um lán til ýmissa landa. Hefur hann þá aðallega gegnt því hlutverki að útskýra fyrir öðrum lánveitendum, hvaða stefnu í efnahagsmálum viðkomandi land fylgir, og væntanlegan árangur hennar.

Skuldir Íslands við sjóðinn

Ísland tók engin lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á árinu 1984. Í lok þess árs skuldaði Ísland sjóðnum 21,5 milljónir SDR, sem var jöfnunarlán, tekið í desember 1982, auk 9,04 milljóna SDR, sem Seðlabankinn hafði tekið í nóvember 1982 af innstæðu sinni hjá sjóðnum. Hvorttveggja lánið stóð óhreyft allt árið 1984.

Norrænt samstarf

Árlegur fundur seðlabanka Norðurlanda var haldinn í Stokkhólmi dagana 22.–24. ágúst 1984. Fjallað var um samstarf norrænu seðlabankanna á breiðum grundvelli og alþjóðleg gjaldeyris- og efnahagsmál með tilliti til Norðurlandanna. – Fjárhagsnefnd Norðurlanda hélt nokkra fundi á árinu og fjallaði m.a. um verkefni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, en einnig starfar hún á vegum Norðurlandaráðs með verkefni á sviði gjaldeyris- og fjármála. Þá tók Seðlabankinn þátt í fundum þeirra norrænu aðila, sem annast erlendar lántökur fyrir opinbera aðila á Norðurlöndum.

IX. UMSJÁ SJÓÐA OG ÝMIS STARFSEMI FYRIR RÍKISSJÓÐ

Ríkisábyrgðasjóður

Á árinu voru alls afgreiddar 30 nýjar ríkisábyrgðir, samtals að fjárhæð 200,3 m.kr. Þarna er um nokkru fleiri ábyrgðir að ræða en árið áður, en fjárhæð þeirra lækkaði hins vegar nokkuð miðað við fyrra ár:

Tafla IX.1. Ríkisábyrgðir 1983 og 1984.

	1983		1984	
	Fjöldi	M.kr.	Fjöldi	M.kr.
Hafnargerðir og dráttarbrautir	7	4,2	1	0,7
Iðnaður	5	211,1	23	123,5
Samgöngur	1	48,6	–	–
Togarar og fiskiskip	–	–	1	4,4
Rafveitur og virkjanir	–	–	–	–
Hitaveitur	–	–	1	43,2
Annað	3	60,0	4	28,5
	16	323,9	30	200,3

Heildarfjárhæð ríkisábyrgða nam í árslok 1984 14.663 m.kr. og hækkaði á árinu um 4.225 m.kr. Í árslok nam fjárhæð þeirra lána með ríkisábyrgð, sem háð eru gengisskráningu, 10.355 m.kr., en verðtryggt lán með ríkisábyrgð námu þá 4.006 m.kr.

Greiðslur, sem á Ríkisábyrgðasjóð falla, hafa vaxið mjög undanfarin ár og aldrei orðið meiri en árið 1984. Yfirlit yfir innleystar kröfur og endurgreiðslur frá skuldurum árin 1979–1984 fer hér á eftir:

Tafla IX.2. Innleystar kröfur og endurgreiðslur til Ríkisábyrgðasjóðs 1979–1984. (Í milljónum króna)

	1979	1980	1981	1982	1983	1984
Innleystar kröfur	34,1	42,7	60,6	89,1	193,1	248,1
Endurgreiðslur skuldara	30,2	36,5	60,6	66,6	91,1	121,5
	3,9	6,2	0,0	22,5	102,0	126,6

Lánaumsjá fyrir ríkissjóð

Seðlabankinn hefur með höndum ráðgjöf og ýmsa fyrirgreiðslu í sambandi við lántökur ríkissjóðs innanlands og utan. Þannig annast bankinn t.d. innlenda verðbréfaútgáfu ríkissjóðs svo sem útgáfu

Spariskírteini

spariskírteina og sölu ríkisvixla. Ríkisábyrgðasjóður annast afgreiðslu og vörslu lána þeirra, sem ríkissjóður veitir af eigin fé sínu eða af andvirði lána, sem hann tekur til endurlána. Höfuðstóll endurlána ríkissjóðs nam í árslok 1984 25.316 m.kr. og hækkaði á árinu um 7.532 m.kr. Ný lán, sem veitt voru á árinu 1984, námu 4.505 m.kr.

Alls voru í lögum heimildir til útgáfu og sölu verðbréfa eða spariskírteina að fjárhæð 680 m.kr. á árinu 1984. Boðin voru til sölu spariskírteini í 3 flokkum, og gekk sala til muna tregar en áður. Sú nýbreytni var nú reynd í fyrsta sinn, að auk venjulegra verðtryggðra spariskírteina voru boðin til sölu gengistryggð spariskírteini, bundin við gengi SDR. Sala skírteina í 1. flokki 1984 hófst hinn 6. febrúar og lauk 31. júlí. Þar var um að ræða bæði verðtryggð og gengistryggð skírteini. Verðtryggðu skírteinin seldust fyrir 190,5 m.kr. Þau eru lengst til 14 ára, innleysanleg eftir 3 ár, þ.e. frá og með 1. febrúar 1987, en lokagjaldalagi er 1. febrúar 1998. Meðalvextir allan lánstímann eru 5,08% p.a. Gengistryggðu skírteinin eru bundin í 5 ár, en greiðast út að liðnum binditíma hinn 6. febrúar 1989 ásamt áföllnum vöxtum fyrir allan tímann, 9% p.a. Innlausnarverð þessara skírteina breytist í hlutfalli við breytingu á kaupgengi SDR frá 6. febrúar 1984 til loka lánstíma. Í september var gjalddagi 3 flokka spariskírteina, sem gefin voru út 1977, 1978 og 1979. Ávöxtun þessara skírteina er lakari en nú er kostur á, og mátti því vænta mikillar innlausnar. Til þess að mæta þessari innlausn var ákveðið að bjóða eigendum þessara skírteina að kaupa í þeirra stað önnur, er gæfu betri ávöxtun. Í þessu skyni var gefinn út 2. flokkur 1984. Þessi skírteini eru bundin í 3 ár, eru innleysanleg frá og með 10. september 1987, en lokagjaldalagi þeirra er 10. september 1998. Vextir eru 8% á ári allan lánstímann. Skírteini þessi voru eingöngu seld þeim, sem innleystu eldri skírteini með gjalddaga í september. Kaupendur fengu greidda skiptaþóknun, 1,5%, sem dregin var frá verði hinna keyptu skírteina. Sala í þessum flokki hófst 10. september og lauk 5. október og nam alls 265,5 m.kr. Sala skírteina í 3. flokki 1984 hófst 12. nóvember og lauk 31. desember. Alls seldust skírteini í þessum flokki fyrir 94,5 m.kr. Kjör skírteinanna eru hin sömu og skírteina í 2. flokki 1984. Þau eru innleysanleg frá og með 12. nóvember 1987, en lokagjaldalagi er 12. nóvember 1998. Vextir eru 8% á ári allan lánstímann. Öll verðtryggð spariskírteini, útgefin 1984, hafa 2 gjalddaga á ári.

Ríkissjóður hefur nú aflað sér fjár með útgáfu spariskírteina í 21 ár. Alls hafa verið gefnir út 40 flokkar skírteina, samtals að nafnverði 1.092,1 m.kr. Af þessum 40 flokkum eru 12 fallnir til lokainnlausnar. Innlausn spariskírteina var mjög mikil á árinu eða alls 1.418,0 m.kr.

Þar af nam innlausn þess flokks, sem var með lokagjalddaga á árinu, 97,9 m.kr. Nafnverð óinnleysta skírteina nam í árslok 1984 994,8 m.kr., en að meðtöldum áföllnum vöxtum og verðbótum nam verðmæti þeirra 4.050,3 m.kr. Innlausnarvirði þeirra skírteina, sem hægt er að framvísa til innlausnar, nam þá 2.036,9 m.kr.

Happdrættisbréf

Á árinu komu til innlausnar 3 flokkar verðtryggðra happdrættis-skuldabréfa af þeim 11, sem út voru gefnir á árunum 1972–1981, og eru þá 5 flokkar enn óinnleystir. Nafnverð óinnleysta happdrættis-skuldabréfa nam 16,5 m.kr. við árslok 1984, en að meðtöldum áföllnum verðbótum nam verðmæti þeirra 336,3 m.kr.

Erlend lán

Eins og áður hafði Seðlabankinn á árinu milligöngu við útvegum erlendra framkvæmdalána fyrir ríkissjóð. Ríkissjóður tók á árinu 3 stór erlend lán. Hinn 15. desember 1983 var undirritaður samningur um lán að fjárhæð 10 milljónir sterlingspunda. Lánsamningur þessi kom ekki til framkvæmda fyrr en 24. apríl 1984. Lánið var tekið fyrir milligöngu Morgan Grenfell & Co. í London og Mitsubishi Finance International Ltd. Það er til 10 ára og endurgreiðist í einu lagi við lok lánstímans. Vextir eru 12 $\frac{5}{16}$ % á ári. Lánsandvirði, sem á lántökudegi nam 414,8 m.kr., var varið til orkuframkvæmda. Hinn 21. júní 1984 var undirritaður samningur um lán að fjárhæð 90 millj. Bandaríkjadollara, jafnvirði 2.685,6 m.kr. á lántökudegi. Sá samningur er gerður fyrir milligöngu Morgan Guaranty Trust Co. og Enskilda Securities í London. Lán þetta er fjölmyntalán, þ.e. draga má á það í ýmsum myntum, til 10 ára, afborgunarlaust fyrstu 7 árin, en endurgreiðist síðan með 7 sem næst jöfnum hálfárslegum afborgunum, hinni síðustu 21. júní 1994. Vextir eru $\frac{3}{8}$ % yfir millibankavöxtum fyrstu 6 árin, en $\frac{1}{2}$ % yfir millibankavöxtum eftir það. Lán þetta er veltilán, þ.e. draga má á það að vild og endurgreiða allan lánstímann. Af láni þessu höfðu verið notaðar 40 millj. dollara í árslok 1984. Lánsfénu var varið til framkvæmda í samræmi við fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Hinn 7. desember 1984 var undirritaður lánsamningur að fjárhæð 50 millj. Bandaríkjadollara. Lán það er tekið fyrir milligöngu Hambros Bank Ltd. o.fl. til endurfjármögnunar láns sömu fjárhæðar, sem tekið var fyrir milligöngu sömu aðila árið 1979. Kjör hins nýja láns eru til muna hagstæðari en eldra lánsins. Það er lengst til 10 ára, afborgunarlaust fyrstu 5 árin, en endurgreiðist með 11 jöfnum misserislegum afborgunum á árunum 1989 til 1994. Lán þetta er fjölmyntalán, og má draga á það í allt að þrem mismunandi myntum í senn. Fyrstu 5 árin er lán þetta veltilán, og má endurgreiða það og draga á það að nýju hvenær sem er, þangað til að samningsbundin endurgreiðsla hefst. Andvirði lánsins nam jafnvirði 1.991,0 m.kr. á lántökudegi.

Orkusjóður

Orkusjóði voru í fjárlögum ætluð framlög að fjárhæð alls 211,2 m.kr. auk verðjöfnunargjalds, sem áætlað var 360 m.kr., en varð 381,2 m.kr. Lántökur sjóðsins urðu 225,0 m.kr., en lánveitingar 222,2 m.kr. og skiptust þannig:

*Tafla IX.3. Lánveitingar Orkusjóðs 1984.
(Í milljónum króna)*

Lán til raforkuframkvæmda	198,0	
Hitaveitulán	9,8	
Lán til jarðhitaleitar	13,4	
Lán til einkarafstöðva	1,0	
Samtals	222,2	

Samkvæmt bráðabirgðatölum námu vaxtatekjur Orkusjóðs 480,8 m.kr., en vaxtagjöld 486,0 m.kr. Styrkir og framlög námu samtals 418,6 m.kr. og skiptust þannig:

*Tafla IX.4. Styrkveitingar og framlög Orkusjóðs 1984.
(Í milljónum króna)*

<i>Skv. 71. gr. orkulaga:</i>		
Til sveitarafvæðingar	11,7	
Til styrkingar rafdreifikerfa í sveitum	27,0	38,7
Til jarðhitarannsóknna		0,7
<i>Af verðjöfnunargjaldi:</i>		
Til Rafmagnsveitna ríkisins	300,7	
Til Orkubús Vestfjarða	75,2	
Til Rafveitu Siglufjarðar	3,3	379,2
Samtals		418,6

Hafnabótasjóður

Hafnabótasjóður veitti á árinu lán samtals að fjárhæð 18,7 m.kr. til 10 hafnarsjóða, og styrkveitingar námu alls 22,7 m.kr. Þar af námu styrkveitingar vegna skemmda á hafnarmannvirkjum 7,9 m.kr. Borið saman við árið á undan eru lánveitingar lítið eitt hærri, voru 16,6 m.kr., en styrkveitingar hafa hins vegar aukist verulega, voru 9,9 m.kr. árið áður. Á árinu var tekið lán hjá Byggðasjóði að fjárhæð 8,5 m.kr. og að auki bráðabirgðalán hjá Atvinnuleysistryggingasjóði að fjárhæð 10,0 m.kr. Framlag til sjóðsins samkvæmt fjárlögum var 12,4 m.kr., en að auki var veitt viðbótarframlag að fjárhæð 5,3 m.kr. til að standa undir styrkveitingu vegna skemmda á hafnarmannvirkjum, svo að alls námu framlög ríkissjóðs 17,7 m.kr. Vaxtatekjur sjóðsins námu 16,1 m.kr., en vaxtagjöld urðu 5,7 m.kr.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins

71

Engin teljandi breyting varð í þróun verðjöfnunar á árinu 1984 frá árinu á undan. Af þeim 17 afurðum, sem sjóðurinn náði til, voru aðeins 4, sem raunveruleg verðjöfnun átti sér stað hjá. Þessar afurðir voru frystur hörpudiskur, fryst rækja, óverkaður saltfiskur og söltuð

ufsafllök. Aðrar afurðir voru hlutlausar, ýmist vegna lækkandi verðs ásamt greiðsluþroti, sem þær höfðu lent í á síðustu árum, eða tiltölulega stöðugs verðlags, sem gaf ekki tilefni til verðjöfnunar.

Gert er ráð fyrir, að greiðslur verðbóta á framleiðslu ársins 1984 geti numið um 138,6 m.kr., en hins vegar verði greiðslur í sjóðinn engar.

Endanlegt uppgjör liggur nú fyrir um greiðslur (verðhækkunatekjur og verðbætur), að því er snertir allar afurðir, framleiddar á árinu 1983, að skreið undanskilinni, en vegna söluerfiðleika hefur enn ekki tekist að gera þá afurð upp á grundvelli verðjöfnunar, og hefur svo verið allar götur frá árinu 1981. Hins vegar er ljóst, að um verulegar greiðslur verðbóta verður að ræða á skreiðina frá þessum árum og allt útlit fyrir, að innstæða deildarinnar nánast tæmist.

Uppgjöri fyrir framleiðslu ársins 1984 er enn ekki lokið, og eru því tölur fyrir það ár í eftirfarandi yfirliti að mestu byggðar á áætlun:

Tafla IX.5. Greiðslur Verðjöfnunarsjóðs eftir framleiðsluárum.
(Í millj. króna)

	Framleiðsla 1983		Framleiðsla 1984	
	Innh.	Útgr.	Innh.	Útgr.
Frystar fiskafurðir	46,0			65,0
Rækja	34,5			43,5
Hörpudiskur	11,5			22,0
Saltfiskafurðir		122,1		73,1
Saltfiskur, óverkaður		119,3		64,0
Söltuð ufsafllök		2,9		9,1
Skreið		110,0	0	0
Samtölur afurða	46,0	232,1	0	138,6
Samtölur deilda	46,0	232,1	0	138,6
Samtölur Verðjöfnunarsjóðs nettó		186,1		138,6

Tafla IX.6. Innstæður Verðjöfnunarsjóðs í Seðlabankanum.

	Stofn- fjárd.	Frysti- afurðad.	Salt- síldard.	Salt- fiskd.	Skreið- ard.	Mjöl- og lýsisd.	Alls
Í m. kr.							
Innst.							
31/12'83	0,7	101,4	0,5	47,5	120,1	7,6	277,8
Inngr./Útgr.	0,0	-7,4	0,0	-43,3	-128,4	0,0	-179,1
Gengisuppf.	0,2	31,5	0,1	1,3	21,7	2,1	56,9
Vextir ¹⁾	0,1	11,5	0,0	1,5	8,5	0,8	22,4
Innst. 31/12'84	1,0	137,0	0,6	7,0 ²⁾	21,9	10,5 ³⁾	178,0

¹⁾ Vextir voru 9,72%, þ.e. meðalvextir ríkisvixla í Bandaríkjunum og Bretlandi.
²⁾ Með ákvörðun um skiptingu gengismunar, sem myndaðist skv. ákvæðum bráðabirgðalaga nr. 55 frá 27. maí 1983, um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum, var ákveðið að verja 60 m.kr. til saltfiskdeildar Verðjöfnunarsjóðs. Um áramótin 1984/1985 höfðu verið staðin skil á 33 m.kr.
³⁾ Lán að upphæð 42 m.kr., sem tekið var á árinu 1981 í þeim tilgangi að gera sjóðnum kleift að standa undir greiðslum verðbóta á loðnumjöli og -lýsi, framleiddu á tímabilinu frá 1. október 1981 til loka vetrarloðnuvertíðar 1982, stóð framreiknað ásamt vöxtum í 210,7 m.kr. um áramótin 1984/1985.

Helstu lagabreytingar, er snerta bankann á árinu 1984

X. ÝMSIR ÞÆTTIR Í STARFSEMI BANKANS OG LAGABREYTINGAR

Með lögum nr. 43 frá 30. maí 1984, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum 1984, er Seðlabanka Íslands heimilað í 26. gr. þeirra laga að ákveða á tímabilinu 1. maí 1984 til 31. desember 1985 allt að 10% sveigjanlega bindiskyldu innlánsstofnana til viðbótar þeirri bindiskyldu, sem heimiluð er í 31. gr. laga nr. 13/1979. Með lögum nr. 52 frá 30. maí 1984, um gjald af umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisviðskipta, er hundraðshluti sá, sem bönkum og innlánsstofnunum, sem versla með erlendan gjaldeyri, er skylt að greiða ríkissjóði af heildartekjum sínum vegna mismunar sölugengis og kaupgengis gjaldeyris, svo og af þóknun (próvision) þeirri, er þeir taka af viðskiptamönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis, lækkaður úr 60% í 45%.

Vaxtabreytingar

Fyrst eftir efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar vorið 1983 hélst verðbólguþróun enn mjög ör, en eftir að hækkunaráhrif aðgerðanna höfðu að mestu fjarað út, kom fram verulegur árangur í hægari verðbólgu, sem leiddi til mánaðarlegra breytinga á inn- og útlánsvöxtum frá september til desember 1983.

Framhald varð á þessum breytingum hinn 21. janúar 1984, en þá var ákveðið að lækka vexti um 6% á óverðtryggðum innlánnum og um 6,6% á óverðtryggðum útlánnum. Þá var skemmsti lánstími vísitölu-tryggðra lána lengdur úr 6 mán. í 1½ ár og vextir hækkaðir úr 2% í 2,5%. Jafnframt var ákveðið að veita innlánsstofnunum nokkurt svigrúm til eigin vaxtaákvæðna, í þeim tilgangi að þær reyndu að halda rekstrarkostnaði niðri af samkeppnisástæðum og byðu sparendum hagstæð ávöxtunarform. Svigrúm þetta náði til kjara á sparisfé, sem bundið var til minnst 6 mánaða. Flestir bankar og sparisjóðir nýttu þessa heimild og buðu ávöxtun á innláns-skírteinum, sem báru almennt 6% hærri vexti en greitt var af almennum sparisjóðsbókum. Einnig var innlánsstofnunum leyft að ákveða sjálfar kjör á viðskiptum, sem þær eiga sín á milli, svokölluðum millibankaviðskiptum.

Frá og með 11. maí var ákveðið að hækka vexti nokkurra verðtryggðra og gengisbundinna liða við innlánsstofnanir. Nam hækkun þessi 1–2% og var ákveðin vegna mikillar hjöðnunar verðbólgu og til að samræma kjör verðtryggðra og óverðtryggðra skuldbindinga. Auk þessa var ákveðið að stofna nýjan flokk útlána við innlánsstofnanir fyrir endurlán innstæðna á innlendum gjaldeyrisreikningum með vöxtum, sem miðast við LIBOR auk allt að 1,75% álags.

Hinn 11. ágúst tóku gildi nýjar reglur um vexti samfara ráðstöfunum til að draga úr útlánaaukningu, sérstaklega til neyslu og fjárfestingar og til að auka sparifjármýndun. Ákveðið var, að vextir af sparisjóðsbókum hækkuðu um 2%, en jafnframt var innlánsstofnunum frjálst að ákveða vexti af öðrum innlánnum, svo og almenna útlánsvexti, að höfðu samráði við Seðlabankann, áður en nýir vextir tækju gildi. Með þessu var stefnt að því, að framboð og eftirspurn réði viðskiptakjörum á peningamarkaðnum. Seðlabankinn ákvað að halda ákvörðunarvaldi sínu á vöxtum af almennum sparisjóðsbókum, sem hækkuðu eins og að framan greinir um 2%, óverðtryggðum og verðtryggðum skuldabréfalánnum og afborgunarlánnum með ákvæðum um breytanlega vexti, sem gefin voru út fyrir 11. ágúst 1984, en þeir hækkuðu samkvæmt ákvörðun bankans um 2% frá 20. ágúst, og dráttarvöxtum (vanskilavöxtum), sem ákveðnir voru 2,75% fyrir hvern byrjaðan mánuð frá og með 11. ágúst. Óbreyttar reglur voru látnar gilda um vexti af endurseljanlegum lánnum.

Hið nýja viðhorf í vaxtamálum eftir 11. ágúst leiddi til þess, að vextir hækkuðu almennt verulega og keppt var hart um sparifé landsmanna. Frá og með 7. nóvember ákvað Seðlabankinn 1% hækkun á verðtryggðum skuldabréfum, sem útgefin höfðu verið fyrir 11. ágúst 1984. Eftir mikla samningalotu og verkfall félaga BSRB og bókkagerðarmanna og aðgerðir stjórnvalda í kjölfar samninga fór verðbólga aftur vaxandi og óx mjög síðustu vikur ársins. Við þessi breyttu skilyrði ákvað Seðlabankinn aðlögun vaxta, sem fólst í því, að frá og með 1. janúar 1985 skyldu vextir af verðtryggðum lánnum lækka um 3%, vextir af almennum sparisjóðsbókum hækka um 7% og vextir af ógengistryggðum afurðalánnum hækka um 6%. Framangreindir vextir yrðu háðir ákvörðun Seðlabankans, þar til að annað yrði ákveðið. Vextir af skuldabréfum, sem gefin hafa verið út fyrir 11. ágúst 1984, fylgi meðalvöxtum af nýjum, almennum skuldabréfum á hverjum tíma eins og Seðlabankinn auglýsir þá mánaðarlega. Taka skyldi upp nýtt fyrirkomulag dráttarvaxta og var m.a. ætlunin, að þeir yrðu alfarið ákveðnir 5% hærri en meðalvextir af nýjum, almennum skuldabréfum og væri heimilt að færa þá (vaxta-vaxta) mánaðarlega. Þessu nýja fyrirkomulagi var mótmælt af ýmsum hagsmunaaðilum (dómurum, lögmönnum, ríkissjóði o.fl.) sem allt of dýru, erfiðu í framkvæmd og ekki eins skilvirku og eldra fyrirkomulag, sem í gildi

hafði verið frá árinu 1965. Bankinn tók tillit til þessara mótmæla og leyfði áframhaldandi beitingu dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan mánuð.

Seðlar og mynt

Í árslok 1984 námu seðlar og mynt í umferð 1.075,3 m.kr. og höfðu aukist um 30,3% á árinu. Árið áður var aukningin 42,3% og árið 1982 30,3%.

Hinn 12. september voru nýr 1000 króna seðill og 10 króna mynt sett í umferð. Fyrsta prentun 1000 kr. seðilsins var 3 millj. stk., en 5 millj. stk. voru slegin af 10 kr. mynt. Í árslok 1984 var 1000 kr. seðillinn 64,9% af seðlum í umferð og 10 kr. myntin 41,5% af mynt í umferð.

Gjaldeyrisréttindi til banka og sparisjóða

Leyfi til Alþýðubankans til takmarkaðra gjaldeyrisviðskipta var gefið út í janúarbyrjun. Í sama mánuði fengu 5 sparisjóðir sömu heimildir. Síðan bættust við 5 sparisjóðir í mars og 2 í júní. Voru þá tólf sparisjóðir samtals búnir að fá takmarkaðar heimildir til gjaldeyrisviðskipta. Iðnaðarbanki Íslands hf. fékk síðan fullar heimildir í júlí og Verzlunarbanks Íslands hf. og Samvinnubanki Íslands hf. fylgdu á eftir í október og nóvember. Allar þessar stofnanir byggja þó áfram á vissu samstarfi við Landsbanka eða Útvegsbanka með líku sniði og verið hafði og hafa ekki enn stofnað til erlendra bankareikninga, þó að heimildir séu í þá átt.

Gengisáhætta banka og sparisjóða

Hinn 1. mars setti Seðlabankinn reglur um bindingu og ávöxtun innstæðna á innlendum gjaldeyrisreikningum o.fl. Til reikninganna var stofnað seint á árinu 1979.

Með reglunum var komið á formlegri 28% bindingu innstæðnanna. Jafnframt voru á grundvelli 10. gr. laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, settar reglur, sem lúta að því, að nettóstaða stofnana með gjaldeyrisréttindi sé að jafnaði ekki neikvæð. Í reglunum eru enn fremur ákvæði um ávöxtun innlánsfjárins eftir tilgreindum leiðum og settar vaxtareglur um endurlánað fé hér innanlands. Endurlán eru bundin þeirri almennu forsendu laga, að hver stofnun getur ekki lánað út meira fé á gjaldeyrisgrundvelli en laust er til slíkra endurlána á hverjum tíma. Skal í reglulegri skýrslugerð til bankaeftirlitsins sýnt fram á, að yfir greind mörk sé ekki farið, jafnframt því sem lánskjör af endurlánuðu fé séu skilgreind.

Þær voru settar með bréfi til innlánsstofnana með gjaldeyrisréttindi, dags. 12. september, og byggjast á ákvæðum laga Seðlabankans nr. 10/1961 og sérstaklega á 10. gr. laga nr. 63/1979. Eru reglurnar settar í framhaldi reglna um gengisáhættu o.fl. frá 1. mars. Þær eru í fjórum aðalliðum um gjaldeyrisjöfnuð í heild, um nettóstöðu á viðskiptareikningum, um gengisbindingu afurðalána og um erlend lán vegna afurðalána. Í sambandi við setningu reglnanna gaf viðskiptaráðu-

Reglur um gjaldeyrisjöfnuð o.fl.

Starfsemi bankaeftirlits

neytið út reglugerð nr. 383 frá 7. september, um breyting á reglugerð nr. 519/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, ásamt síðari breytingum. Er hér um að ræða heildarreglur eða starfsramma fyrir banka og sparisjóði um stöðu þeirra og heimildir gagnvart erlendum aðilum annars vegar og viðskipti þeirra hins vegar við innlenda aðila í innlánum og útlánum með gjaldeyrisviðmiðun, þar með í afurðalán-um o.fl.

Bankar með full gjaldeyrisréttindi gefa nú vikulegar skýrslur til Seðlabankans, þar sem afstemmdir eru allir liðir, er mynda í heild gjaldeyrisjöfnuð þeirra hverju sinni.

Í samráði við Seðlabankann og með samþykki viðskiptaráðuneytisins var Útvegsbankanum heimilað að taka upp sérstök endurlán í erlendum gjaldeyri vegna framlengingar gjaldfallinna endurlána viðskiptavina bankans, einkum í sjávarútvegi.

Samkvæmt ákvæðum 10. gr. laga nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands, hefur bankinn með höndum eftirlit með starfsemi innlánsstofnana. Á árinu 1984 var eftirlitið framkvæmt með hefðbundnum hætti. Fjölmargar innlánsstofnanir voru heimsóttar af starfsmönnum bankaeftirlitsins og gerð úttekt á starfsemi þeirra og rekstri. Auk þess safnar bankaeftirlitið margvíslegum upplýsingum um rekstur og fjárhagsstöðu innlánsstofnana á aðsendum skýrslum.

Auk eftirlitsins hefur bankaeftirlitið með höndum önnur verkefni, svo sem framkvæmd innlánsbindingar o.fl.

Fjöldi banka, sparisjóða og innlánsdeilda samvinnufélaga var sem hér segir í árslok 1983 og 1984:

Afgreiðslustaðir innlánsstofnana.

	Árslok 1983	Árslok 1984
Viðskiptabankar	7	7
Útibú og umboðsskrifstofur viðskiptabanka	115	118
Sparisjóðir	40	38
Útibú og umboðsskrifstofur sparisjóða	5	6
Innlánsdeildir samvinnufélaga	29	29
Afgreiðslustaðir alls	196	198

Eftirfarandi er yfirlit yfir nýja afgreiðslustaði banka og sparisjóða, sem opnaðir voru á árinu 1984:

Landsbanki Íslands, umboðsskrifstofa við Höfðabakka, Reykjavík.

Útvegsbanki Íslands, útibú í Hólahverfi, Reykjavík.

Alþýðubankinn hf., útibú á Akureyri.

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, útibú við Hátún, Reykjavík.

Tveir sparisjóðir hættu starfsemi á árinu. Sparisjóðurinn Pundið var sameinaður Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, og Sparisjóður

**Starfsemi
lánadeildar**

Geiradalshrepps var lagður niður og sameinaður útibúi Samvinnubanka Íslands hf., Króksfjarðarnesi.

Í árslok 1984 lágu fyrir óafgreiddar umsóknir um 28 nýja afgreiðslustaði banka og sparisjóða.

Starfsemi deildarinnar var með næsta venjubundnu sniði árið 1984.

Á árinu bættist nýr þáttur í starfsemi deildarinnar, en það er framkvæmd á ríkisvixlaútboðum.

Endurkeypt lán jukust mjög mikið allt árið 1984. Mest kenndi þessarar aukningar á öndverðu árinu 1984, en í febrúar og mars varð 12 mánaða aukningin um 73%. Aukningin að meðaltali milli árana 1983 og 1984 var nær 47%, og er sú aukning langt umfram almennar verðlagsviðmiðanir og meðalhækkun á erlendum gjaldmiðlum á sama tíma. Gætti þar verulegrar magnaukningar í framleiðslu, sérstaklega þó í sjávarútvegi, en auk þess komu fram áhrif þess, að meðalbirgðatími útflutningsafurða lengdist allnokkuð frá því, sem áður hefur verið. Aukningin varð mest í sjávarafurðalánnum eða rúm 55%, hjá landbúnaði tæplega 26%, en lækkun varð á endurkaupum til iðnaðar um 2,4%.

Skipting endurkaupalána eftir atvinnuvegum og breyting milli árana 1983 og 1984.

	Staða í m.kr.		Breyt. milli ára í %		Hlutfallstölur	
	31/12/83	31/12/84	12/82– 12/83	12/83– 12/84	31/12/83	31/12/84
Sjávarútvegur	2.879	4.496	71,6	56,2	58,6	66,0
Landbúnaður	1.142	1.439	63,4	26,0	23,2	21,3
Iðnaður	893	872	63,3	-2,4	18,2	12,7
Annað	1	1	0,0	0,0	0,0	0,0

Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar frá 27. maí 1983 segir m.a., að „núverandi afurða- og rekstrarlánakerfi skuli endurskoðað m.a. með það í huga, að þau verði á vegum viðskiptabanka“.

Ákveðið var að stíga fyrsta skrefið í þessa átt þann 17. maí 1984 með almennri lækkun endurkaupahlutfalla um 5 prósentustig að jafnaði. Fljótlega varð ljóst, að sá aðlögunartími, sem gefinn var að breyttum endurkaupahlutföllum, var ekki nægur, og því var ákveðið þann 4. júní sl. að lengja aðlögunartímann. Var þannig á þessu máli tekið, að fyrri endurkaupahlutföll, þ.e. 52% vegna útflutningsframleiðslu og 48,5% vegna framleiðslu á innanlandsmarkað, skyldu gilda áfram fyrir alla framleiðslu, sem veðsett hafði verið fyrir 1. júní 1984. Endurkaupahlutföll á alla framleiðslu eftir 1. júní 1984 skyldu á hinn bóginn lækka í 4 áföngum, niður í 47,5% á framleiðslu til útflutnings, en 42,5% á framleiðslu til innanlandssölu. Var þessi aðlögun að breyttum endurkaupahlutföllum mestöll um garð gengin á síðastliðnu hausti.

Væntanleg yfirtaka viðskiptabankanna á afurða- og rekstrarlánnum kallaði á mikla undirbúningsvinnu í lánadeild allt síðastliðið ár. Var nær öllum undirbúningi þessa máls lokið seint á haustmánuðum 1984 og að því stefnt, að bankinn hætti endurkaupum fyrir árslok.

Bókhald, úrvinnsla og vaxtareikningur vegna endurkeyprtra lána fer að mestu fram í sérstöku tölvukerfi – svokölluðu ES-kerfi – sem er í eigu og umsjá Seðlabankans. Þann 20. október 1984 varð sú breyting á viðbótarlánnum viðskiptabankanna vegna útflutningsframleiðslu, að lánin hækkuðu nokkuð, jafnframt því sem tekin var upp gengis-trygging miðað við SDR-einingar. Með þessari breytingu nema nú afurðalán bankakerfisins í heild 75% af skilaverði. Jafnhliða þessum breytingum ákvað Seðlabankinn að leyfa viðskiptabönkunum afnot af ES-kerfinu, enda var talið sl. haust, að mjög skammt væri í yfirtöku viðskiptabankanna á öllum afurða- og rekstrarlánnum atvinnuveganna.

Í reglum um gjaldeyrisjöfnuð, sem settar voru í septembermánuði 1984, var bönkum veitt heimild til að fjármagna hluta afurðalána og rekstrarlána vegna útflutningsframleiðslu með erlendum lántökum. Stærstu viðskiptabankarnir hafa nýtt sér þessa heimild allt frá 20. október 1984, þegar gengisbinding viðbótarlána var tekin upp. Fljótlega kom í ljós, að minni bankar og sparisjóðir höfðu ekki bolmagn til erlendar lántöku í þessu skyni. Í lok desember sl. ákvað því Seðlabankinn að leysa úr þessum vanda sparisjóðanna og minni banka með því að veita þeim sérstakt lán í SDR til fjármögnunar viðbótarlána vegna útflutningsafurða. Lánadeild hefur haft umsýslu þessara lána með höndum.

Samkvæmt þeim reglum, sem Seðlabankinn setti 29. október 1982 um lausaskuldir banka og sparisjóða, voru á árinu keyptir sérstakir víxlar af innlánsstofnunum að fjárhæð 4.544 m.kr. Um seinustu áramót nam upphæð slíkra víxla alls 2.164 m.kr., en 627,5 m.kr. í ársbyrjun. Hefur því orðið veruleg aukning á þessum víxlakaupum Seðlabanka Íslands. Nánar er vikið að þessum viðskiptum í kaflanum um peningamál.

Á árinu keypti Seðlabanki Íslands skuldabréf að fjárhæð 1.137 m.kr., en sambærileg fjárhæð árið áður var 952,0 m.kr. Hér ber helst að nefna kaup á skuldabréfum af ríkissjóði að upphæð 678 m.kr., af Byggingarsjóði ríkisins að upphæð 196 m.kr. og Byggingarsjóði verkamanna að upphæð 60 m.kr.

Þann 29. nóvember ákvað bankastjórn Seðlabankans í samráði við bankaráð að leiðrétta lánskjör á endurseldum útflutningslánnum vegna sjávarútvegs, iðnaðar og landbúnaðar, þar sem óeðlilegt misræmi hafði myndast við gengisfellinguna þann 20. nóvember 1984 milli lánskjara á endurkaupum í SDR og kjara á innlendum afurðalánnum. Leiðrétting þessi nam alls 438,7 m.kr., og ákveðið var að

greiða þessa upphæð út til lántakenda gengistryggðra endurkaupa í þrem hlutum, í lok desember 1984, í lok febrúar 1985 og loks í lok apríl 1985.

Eins og áður keypti Seðlabankinn kvótavíxla af bönkum og sparisjóðum á árinu 1984.

Nokkrar breytingar voru gerðar á fyrirkomulagi þessara viðskipta á árinu. Fram til 11. september var fyrirkomulagið í meginatriðum þannig, að ársfjórðungslega var bönkum og sparisjóðum úthlutað kvóta, og gat hver innlánsstofnun selt Seðlabankanum 10 daga víxla, sem að nafnvirði máttu nema samtals kvóta viðkomandi innlánsstofnunar.

Ónotaður kvóti fluttist milli ársfjórðunga samkvæmt ákveðnum reglum.

Þann 11. september var tekinn upp sá háttur, að bönkum og sparisjóðum var úthlutað kvóta, sem var margfeldi dagafjölda og krónu-upphæðar, þ.e., hver innlánsstofnun gat selt Seðlabankanum víxla, þannig að margfeldi nafnverðs og dagafjölda yrði samtals jafnt kvóta viðkomandi innlánsstofnunar. Einnig var úthlutunartímabilið stýtt í einn mánuð, þ.e. frá 11. hvers mánaðar til 10. næsta mánaðar. Kvóta var því úthlutað á mánaðarfresti, en ónotaður kvóti fyrra tímabils féll niður. Eftirfarandi yfirlit sýnir þróun kvótavíxlaviðskipta eftir ársfjórðungum fram að áðurgreindri breytingu í september sl. og eftir mánaðartímabilum eftir breytinguna. Hafa verður í huga, að þriðji ársfjórðungur er skertur, þar sem aftan af honum féllu dagarnir frá 11. til 30. september vegna ofangreindra breytinga.

Eins og áður nota bankar kvóta sinn meira en sparisjóðir, og er munurinn meiri en fram kemur á yfirlitinu, þar sem nokkuð var um það, að sparisjóðir framseldu bönkum af kvótum sínum.

Í neðangreindu yfirliti vekur athygli, hve kvótar minnka í lok ársins, sérstaklega hjá bönkum.

Meginorsök þessa samdráttar er óumsaminn yfirdráttur á viðskiptareikningi viðkomandi innlánsstofnunar í Seðlabankanum og

Kvótavíxlar 1984.

<i>M.kr.</i>	<i>Bankar</i>			<i>Sparisjóðir</i>		
	<i>Kvóti</i>	<i>Notað</i>	<i>%</i>	<i>Kvóti</i>	<i>Notað</i>	<i>%</i>
I. ársfjórðungur	874,7	699,8	80,0	210,5	129,6	61,6
II. ársfjórðungur	1.590,3	1.555,4	97,8	346,7	206,6	59,6
III. ársfjórðungur	1.450,3	1.450,3	100,0	401,9	344,1	85,6
<i>M.kr. x dagar</i>						
11/9–10/10 1984	4.720,5	4.550,6	96,4	892,1	739,8	82,9
11/10–10/11 1984	2.016,5	2.006,5	99,5	817,8	620,2	75,8
11/11–10/12 1984	618,6	598,2	96,7	560,5	500,0	89,2
11/12–10/1 1985	217,2	86,4	39,8	554,0	299,1	54,0

vanefndir á samkomulagi um bráðabirgðalán og útlánamörk, sem hvort tveggja skerðir kvóta viðkomandi innlánsstofnunar eftir ákveðnum reglum.

Í marsmánuði 1984 hóf Seðlabankinn útboð víxla f.h. ríkissjóðs, svonefndra ríkisvixla. Lánadeild hafði framkvæmd þessara viðskipta með höndum.

Útboðin voru alls níu talsins, það fyrsta í mars og síðan í hverjum mánuði, allt þar til síðast í nóvember. Í hvert sinn voru boðnir út víxlar að nafnverði 30 m.kr. alls. Víxlarnir voru til 90 daga. Hver víxill var kr. 50.000 að nafnverði.

Aðeins mátti bjóða í heil sett víxla. Í byrjun voru 10 víxlar í hverju setti, en síðan var víxlunum í hverju setti fækkað í 5, þ.e. nafnverð á hverju setti lækkaði úr kr. 500.000 í kr. 250.000.

Alls seldust 4.170 víxlar í þessum 9 útboðum, samtals að nafnverði 208,5 m.kr.

Mest seldist í júní og júlí eða sem svaraði allri tilboðsupphæðinni, 30 m.kr., minna í öðrum mánuðum og minnst í september eða 9 m.kr. Meðalávöxtun (eftirágreidd ársávöxtun) þeirra tilboða, sem tekið var, var hæst í september eða 27,80%, en lægst í júlí, 25,57%. Jaðarávöxtun (hæsta ávöxtun á tilboð af þeim, sem tekið var) var hæst 28,08% í september og nóvember. Lægsta jaðarávöxtun var 25,93% í júní og júlí.

Yfirlit um útboð ríkisvixla 1984.

	Fjöldi setta Tilboð		Nafn- verð þess, sem var tekið, millj.kr.	Tilboðs- verð þess, sem var tekið, þús.kr.	Meðal- ávöxtun þess, sem var tekið, ársávöxtun	Ávöxtun á tilboð lægst	jaðar-
	alls	Tekið					
Mars	238	38	19,0	17.943	25,72	22,36	27,11
Apríl	97	57	28,5	26.902	25,97	22,77	27,11
Mái	183	104	26,0	24.543	25,95	24,86	27,00
Júní	244	120	30,0	28.334	25,68	24,86	25,93
Júlí	199	120	30,0	28.340	25,57	24,65	25,93
Ágúst	96	78	19,5	18.412	25,80	24,86	26,89
Sept.	65	36	9,0	8.465	27,80	25,93	28,08
Okt.	87	84	21,0	19.756	27,68	26,78	28,08
Nóv.	106	102	25,5	23.985	27,77	27,00	28,08

**Þjóðhátíðar-
sjóður**

Árið 1984 var sjöunda starfsár Þjóðhátíðarsjóðs, en hann starfar samkvæmt skipulagsskrá nr. 361 frá 30. september 1977. Stjórn sjóðsins ákvað, að úthluta skyldi allt að 5 m.kr. á árinu í styrki. Samkvæmt skipulagsskrá rennur fjórðungur úthlutunarfjár til friðlýsingarsjóðs til náttúruverndar á vegum Náttúruverndarráðs og fjórðungur til varðveislu fornminja, gamalla bygginga og annarra menningarverðmæta á vegum Þjóðminjasafns. Úthlutað var 34 styrkjum samkvæmt umsóknum, samtals að fjárhæð 2,5 m.kr. Höfuðstóll sjóðsins í árslok var 22,37 m.kr.

Nýbygging Seðlabankans

Á árinu var lokið við að steypa upp nýbyggingu bankans við Kalkofnsveg, þök smíðuð og húsinu lokað með gluggum, gleri og álklæðningu. Byrjað var á múrverki, lögnum og ýmissi innivinnu, og lokið var að fullu við bílageymslu í kjallara hússins og hún tekin í notkun fyrir starfsfólk bankans 16. nóvember. – Öll hönnunarvinna er vel á veg komin og er áætlað, að um 11% hennar hafi verið ólokið um síðustu áramót. Er þar einkum um að ræða vinnu arkitekta við innra skipulag hússins og innréttingar, en nokkur vinna er einnig eftir hjá lagna-hönnuðum.

Á árinu 1983 vann aðeins einn verktaki, Steintak hf., við byggingu hússins, en á árinu 1984 voru verktakar um 20 talsins. Um 2/3 allra vinnustunda í byggingunni voru þó á vegum Steintaks hf., sem samkvæmt samningum lauk uppsteypu alls hússins í lok júlí og smíði þaka í september. Af því tilefni hélt bankinn reisugildi 5. október fyrir verktaka og starfsmenn þeirra, hönnuði og aðra þá, sem höfðu unnið við að reisa bygginguna.

Í febrúar var samið um álklæðningu skrifstofubyggingarinnar og glugga og glerjun alls hússins. Framkvæmdir á byggingarstað hófust í lok júní, og var verkinu að mestu lokið um miðjan desember. Aðrir helstu verkþættir utanhúss voru lagning sinks á þök lágbygginga, gabbróklæðningar á súlur skrifstofubyggingarinnar og pappa á þak hennar svo og frágangur svæða umhverfis hana.

Innanhúss var á árinu aðallega unnið við einangrun og múrverk, og var því í árslok að mestu lokið í kjallara, jarðhæð og á 3.–5. hæð. Samið var um allt múrverk byggingarinnar og allar pípulagnir. Frárennslis- og hitalagnir eru komnar vel á veg og hiti kominn á ofna í mestum hluta byggingarinnar.

Heildarfjárfesting bankans vegna nýbyggingar, að frátöldu kaupverði lóðar, nam í árslok 193,7 m.kr., þar af nemur framkvæmdakostnaður á árinu 108,7 m.kr. Áætlað er að verja svipaðri upphæð til byggingarframkvæmdanna á árinu 1985, en þær verða einkum fólgnar í smíði og uppsetningu loftræstibúnaðar, vatns- og raflögnum, múrverki, innréttingum, kaupum á lyftum og ýmsum búnaði í bygginguna og frágangi utanhúss.

Að lokum má geta þess, að á árinu efndu Reykjavíkurborg og Seðlabankinn sameiginlega til hugmyndasamkeppni um hlutverk og mótun Arnarhóls og umhverfis hans. Dómnefnd ákvað, að hugmyndasamkeppnin skyldi fara fram í tveimur þrepum, þar sem þær tillögur, sem hlytu verðlaun í fyrra þrepi samkeppninnar, yrðu valdar til þátttöku í hinu síðara. Skilafrestur tillagna var til 28. nóvember. Barst 31 tillaga, og voru 6 þeirra valdar til frekari keppni og úrvinnslu.

XI. ANNÁLL PENINGA- OG GJALDEYRISMÁLA 1984

Janúar

Hinn 21. janúar 1984 lækkuðu vextir af óverðtryggðum inn- og útlánnum um 5–6%. Að meðaltali þýddi þetta lækkun ávöxtunar um 6–7%.

Þá lækkuðu vanskilavextir úr 3,25% í 2,5% á mánuði. Auk lækkunar almennra vaxta var lágmarkslánstími verðtryggðra lána lengdur úr 6 mánuðum í 1½ ár. Vextir slíkra lána hækkðu jafnframt úr 2% í 2,5%.

Vextir af endurseljanlegum afurðalánnum vegna útflutnings í SDR lækkuðu um 0,25 %-stig í 9,25% á ári.

Þennan sama dag var stigið fyrsta skrefið í átt til meira frjálsræðis um vaxtaákvæðanir. Innlánsstofnunum var leyft að auglýsa önnur kjör en tilgreind eru í vaxtaauglýsingum Seðlabankans af sparifé, sem bundið er í minnst 6 mánuði. Jafnframt var innlánsstofnunum leyft að ákveða sjálfar kjör á viðskiptum, sem þær eiga sín á milli í svokölluðum millibankaviðskiptum.

Febrúar

Hinn 1. febrúar voru gefin út ný verðtryggð spariskírteini ríkissjóðs í 1. fl. A, samtals að fjárhæð 180 m.kr. Skírteinin eru bundin í 3 ár frá útgáfu, en lokainnlausn er eftir 14 ár. Þessi spariskírteini eru með 5,08% vöxtum á ári í stað 4,16% áður.

Jafnframt voru hinn 6. febrúar gefin út gengistryggð spariskírteini ríkissjóðs miðað við gengi sérstakra dráttarréttinda Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (SDR) í 1. fl. B, samtals að fjárhæð 27 m.kr. Binditíminn er 5 ár, og endurgreiðast skírteinin þá að fullu með 9,0% vöxtum á ári.

Hinn 21. febrúar hækkðu vextir af endurseljanlegum afurðalánnum vegna útflutnings í SDR úr 9,25% í 9,50% á ári.

Mars

Hinn 1. mars setti Seðlabankinn formlegar reglur um bindingu og ávöxtun innstæðna á innlendum gjaldeyrisreikningum við gjaldeyrisviðskiptabanka og um erlenda stöðu þeirra samkvæmt lögum nr. 13/1979.

Hinn 19. mars voru boðnir út ríkisvixlar samtals að fjárhæð 30 m.kr. Ákveðið var að taka tilboðum í vixla að fjárhæð 19 m.kr. að nafnverði, og var meðalársávöxtunin 25,72%. Vixlarnir voru boðnir út í fimm hundruð þúsund króna settum og voru allir til 90 daga. Ólíkt því, sem áður var, þegar ríkisvixlarnir voru gefnir út til sölu til innlánsstofnana, eru vixlarnir nú seldir á útboðsgrundvelli og ætlaðir öllum, sem telja sig hafa hag af að kaupa slík skammtímabréf. Útboðið var gert mögulegt með lögum nr. 79/1983, en samkvæmt þeim eru vixlarnir ekki háðir neinum vaxtaákvæðum í öðrum lögum né heldur falla þeir undir vaxtaákvæðanir Seðlabankans.

Apríl

Hinn 11. apríl voru boðnir út 90 daga ríkisvixlar samtals að fjárhæð 30 m.kr. með sömu skilmálum og í fyrra útboði. Ákveðið var að taka tilboðum að fjárhæð 28,5 m.kr. að nafnverði, og var meðalársávöxtunin 25,97%.

Hinn 21. apríl hækkuðu vextir af endurseljanlegum afurðalánnum vegna útflutnings í SDR um 0,25 %-stig í 9,75% á ári.

Eignayfirfærsluheimildir voru rýmkaðar, þannig að einstaklingur má nú yfirfæra 250 þús.kr. við brottför úr landi og barn 125 þús.kr. Helming af eftirstöðvum má yfirfæra við framvísun erlends búsetuvottorðs og afganginn ári síðar. Jafnframt var ferðagjaldeyrir aukinn úr 1.350\$ í 1.500\$ og reglur gagnvart ferðaskrifstofum gerðar einfaldari.

Mái

Hinn 9. maí voru boðnir út 90 daga ríkisvixlar samtals að fjárhæð 30 m.kr. Tilboðum var tekið að fjárhæð 26 m.kr. að nafnverði, og var meðalársávöxtunin 25,95%.

Hinn 11. maí hækkuðu vextir verðtryggðra og gengisbundinna liða við innlánsstofnanir um 1–2%. Vaxtabreyting þessi var gerð til að samræma kjör verðtryggðra og óverðtryggðra skuldbindinga. Stofnaður var nýr flokkur útlána við innlánsstofnanir fyrir endurlán innstæðna á innlendum gjaldeyrisreikningum. Lán þessi verða bundin gengi erlendra gjaldmiðla, og verða vextirnir miðaðir við LIBOR-vexti auk álags, sem má verða hæst 1,75%.

Í samræmi við stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um, að afurðalán flytjist til viðskiptabanka, ákvað bankastjórn Seðlabankans að lækka endurkaupahlutföll í fjórum áföngum mánaðarlega til ágústloka um 4,5 %-stig vegna afurða til útflutnings og um 6 %-stig vegna framleiðslu fyrir innanlandsmarkað. Hlutföll fyrir ný lán Seðlabankans verða samkvæmt þessu eftirfarandi:

	Útflutnings- afurðir	Afurðir fyrir innanlandsmarkað
Fyrir 21.05.84	52,0%	48,5%
Frá 21.05.84	51,0%	47,0%
Frá 21.06.84	50,0%	45,5%
Frá 21.07.84	49,0%	44,0%
Frá 21.08.84	47,5%	42,5%

- Hinn 21. maí hækkuðu vextir af endurseljanlegum afurðalánnum vegna útflutnings í SDR um 0,25 %-stig.

Samkvæmt lögum nr. 43/1984, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, peninga- og lánsfjármálum 1984, er Seðlabanka Íslands heimilt á tímabilinu 1. maí 1984 til 31. desember 1985, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að ákveða allt að 10% sveigjanlega bindiskyldu innlánsstofnana til viðbótar þeirri bindiskyldu, sem heimiluð er í 31. gr. laga nr. 13/1979.

Júní

Hinn 13. júní voru boðnir út 90 daga ríkisvixlar samtals að fjárhæð 30 m.kr. með sömu skilmálum og fyrr. Tilboðum var tekið í alla útboðsfjárhæðina, og nam ársávöxtunin 25,68% að meðaltali.

Júlí

Hinn 11. júlí voru boðnir út 90 daga ríkisvixlar samtals að fjárhæð 30 m.kr. með sömu skilmálum og áður. Tilboðum var tekið í alla útboðsfjárhæðina, og nam ársávöxtunin 25,57% að meðaltali.

Ágúst

Hinn 8. ágúst voru boðnir út 90 daga ríkisvixlar samtals að fjárhæð 30 m.kr. með sömu skilmálum og áður. Tilboðum var tekið í alla útboðsfjárhæðina, og nam ársávöxtunin 25,80% að meðaltali.

Í byrjun ágúst tilkynnti Seðlabankinn, að frá og með 11. ágúst ákvæðu innlánsstofnanir sína eigin vexti nema eftirfarandi, sem Seðlabankinn ákveður:

- Vexti af almennum sparisjóðsbókum, sem voru hækkaðir úr 15% í 17% frá og með 11. ágúst.
- Vanskilavexti, sem hækkuðu hinn 1. september úr 2,5% í 2,75% á mánuði.
- Vexti af endurseljanlegum afurðalánnum, sem voru áfram óbreyttir.
- Vexti af skuldabréfum, gefnum út fyrir 11. ágúst 1984, sem hækkaðir voru um 2 %-stig frá og með 20. ágúst. Af óverðtryggðum skuldabréfum hækkuðu vextirnir úr 21% í 23% á ári, en af verðtryggðum með lánstíma skemmri en 2½ ár úr 4% í 6% á ári og úr 5% í 7% af lengri lánnum.

Innlánsstofnanir hækkuðu vexti af öðrum flokkum inn- og útlána um 2–7 %-stig, og tók sú hækkun gildi hinn 13. ágúst.

Seðlabankinn setti nýjar reglur um lausaskuldir innlánsstofnana við Seðlabankann, m.a. í þeim tilgangi að draga úr möguleikum til yfirdráttar á viðskiptareikningi.

Reglum um víxilkvóta var breytt þannig, að í stað úthlutunar ársfjórðungslega verður hún mánaðarleg, í fyrsta skipti 11. september 1984. Meðalupphæð hvers kvóta verður eins og áður 1% af heildarinnlánnum í byrjun árs. Yfirdráttur á viðskiptareikningi verður dreginn frá úthlutun kvóta í næsta mánuði á eftir.

Ríkisstjórnin heimilaði sérstaka bindingu allt að 5% af heildarinnlánnum. Seðlabankinn hefur enn ekki notfært sér þessa heimild.

Hinn 21. ágúst voru vextir af endurseljanlegum afurðalánnum vegna útflutnings í SDR hækkaðir um 0,25 %-stig í 10,25% á ári.

Hinn 31. ágúst ákvað Seðlabankinn að breyta vogum við útreikning á meðalgengi íslensku krónunnar. Í staðinn fyrir að miða við meðaltal mynt- og landavogar hefur verið ákveðið, að framvegis verði eingöngu miðað við landavog. Þetta hefur það í för með sér, að vægi dollars minnkar úr 46% í 30%. Þar sem þessi leiðrétting var látin verka aftur til 27. maí 1983, leiddi hún til hækkunar erlendra gjaldmiðla að meðaltali um 3 %-stig, en breyting meðalgengis frá þeim degi var þó innan þeirra marka, sem áður höfðu verið ákveðin.

September

Hinn 10. september bauð ríkissjóður takmarkaða útgáfu af verðtryggðum spariskírteinum ríkissjóðs til að mæta innlausn eldri skírteina. Vextir skírteinaanna eru 8% á ári fyrstu 3 árin og gengi 98,5% af nafnverði, sem jafngildir um 8,55% ársávöxtun á ári fyrstu 3 árin. Skírteinin eru innleysanleg eftir 3 ár. Ef þau eru ekki innleyst að þeim tíma liðnum eða ríkissjóður hefur ekki innkallað þau, þá bera þau sjálfkrafa 8% ársvexti 6 mánuði í senn, mest í 14 ár. Skírteinin, sem innleyst eru, áður en 6 mánuðir eru liðnir frá síðasta gjalddaga, tapa vöxtum fyrir það tímabil.

Hinn 12. september voru boðnir út 90 daga ríkisvixlar samtals að fjárhæð 30 m.kr. með sömu skilmálum og fyrr. Ákveðið var að taka tilboðum að fjárhæð 9 m.kr. að nafnverði, og var meðalársávöxtun 27,8%. Hinn 14. september var heildarskuld ríkissjóðs vegna ríkisvixla komin í 58,5 m.kr.

Hinn 12. september lét Seðlabankinn í umferð nýja 1000 króna seðla og 10 króna mynt. Tíu króna seðlar verða áfram löglegur gjaldmiðill og jafnhliða í umferð, á meðan birgðir endast.

Í samræmi við reglugerð nr. 383 frá 7. september 1984, þar sem segir, að yfirdráttur viðskiptabanka erlendis skuli vera háður ákveðnum takmörkunum, setti Seðlabankinn nýjar reglur hinn 12. september

um gjaldeyrisjöfnuð innlánsstofnana. Þessar reglur kveða m.a. á um það, að gengistryggðar skuldir skuli að jafnaði ekki vera meiri en gengistryggðar eignir.

Reglurnar heimila innlánsstofnunum að binda höfuðstól afurðalána vegna útflutnings, sem séu allt að 75% afurðaverðmætis, við gengi SDR. Jafnframt er þeim heimilt að fjármagna slík lán með erlendum lánnum upp að tilteknu hámarki.

Október

Hinn 12. október voru boðnir út 90 daga ríkisvixlar samtals að fjárhæð 30 m.kr. Tilboðum var tekið að fjárhæð 21 m.kr. að nafnverði, og var meðalársávöxtunin 27,7%.

Hinn 21. október voru vextir af endurseljanlegum afurðalánnum vegna útflutnings í SDR lækkaðir um 0,25 %-stig í 10,0% á ári. Jafnframt voru settir 10,5% vextir á gengisbundin afurðalán, þegar endurseljanlegt lán og viðbótarlán er veitt í einu lagi.

Nóvember

Hinn 7. nóvember voru boðnir út 90 daga ríkisvixlar samtals að fjárhæð 30 m.kr. Tilboðum var tekið í 25,5 m.kr. að nafnverði, og var meðalársávöxtun 27,8%.

Sama dag voru vextir verðtryggðra útlána, sem til var stofnað fyrir 11. ágúst 1984, hækkaðir um 1 %-stig, úr 6% í 7% fyrir bréf með láns tíma allt að 2½ ár og úr 7% í 8% fyrir lengri lán.

Auk þess gerðu Seðlabankinn og innlánsstofnanir með sér samkomulag um, að innlánsstofnanir lækkuðu vexti af nýjum verðtryggðum útlánnum um 1–2 %-stig í 7% og 8% á ári til að samræma vaxtakjör á verðtryggðum lánnum.

Hinn 20. nóvember var meðalgengi íslensku krónunnar lækkað um 12% gagnvart öðrum gjaldmiðlum. Meginástæður þessa voru miklar hækkunir launakostnaðar í kjölfar kjarasamninga, sem höfðu í för með sér aukinn framleiðslukostnað útflutningsatvinnuveganna, og vaxandi eftirspurn, sem að öllu óbreyttu myndi leiða til aukins viðskiptahalla. Með gengisfellingunni var stefnt að því að skapa að nýju skilyrði fyrir stöðugleika í gengismálum.

Í kjölfar hækkunar á gengi erlends gjaldeyris ákvað bankastjórn Seðlabankans að leiðrétta lánskjör á endurseldum útflutningslánnum, sem tengd eru gengi SDR. Leiðrétting þessi mun nema samtals 440 millj. kr.

Hinn 21. nóvember voru vextir gengisbundinna afurðalána lækkaðir í 9,75% á ári. Vextir af endurseljanlega hlutanum voru lækkaðir í 9% á ári.

Desember

